# FRÉTTABLAÐIÐ

131. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 4. JÚNÍ 2016

# Þurfum ekkert að óttast á EM

Guðni Bergsson, Arnór Guðjohnsen og Pétur Pétursson spá í spilin fyrir einn stærsta íþróttaviðburð sem Ísland hefur tekið þátt í. →30




FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



ZIKA setur strik í reikninginn →38



Sjómenn fagna um helgina →36



Velja best klædda frambjóðandann →66

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Það verður áfram sólríkt á landinu í dag, þótt þoka geti spillt gleðinni úti við strönd landsins. Þar sem þokan nær inn getur orðið nokkuð svalt, en að öðrum kosti verður hlýtt og viðbúið að hámarkshiti verði vel yfir 20 stigum. SJÁ SÍÐU 52

# Oddný leiðir Samfylkinguna



Oddný Harðardóttir hefur verið kjörin formaður Samfylkingarinnar og tekur við embættinu af Árna Páli Árnasyni. Úrslitin voru tilkynnt á landsfundi flokksins í gær. Oddný hlaut tæp 60 prósent atkvæða í kosningunum. Sjá nánar á síðu 8. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

## Guðni enn með mikið forskot

**STJÓRNMÁL** Þótt fylgið hafi dalað er forskot Guðna Th. Jóhannessonar enn afgerandi samkvæmt tveimur könnunum um stuðning við frambjóðendur til forseta Íslands sem birtar voru í gær. Halla Tómasdóttir bætir við sig miklu fylgi.

Samkvæmt könnun félagsvísindadeildar Háskóla Íslands fyrir Morgunblaðið er fylgi Guðna 54,8 prósent. Davíð Oddsson er með 19,7 prósent, Andri Snær Magnason með 12 prósent og Halla Tómasdóttir með 9,5 prósent.

Í könnun Gallup fyrir RÚV mælist Guðni með 56,7 prósenta fylgi, Davíð með 20,3 prósent, Andri Snær 10,6 prósent, Halla með 7,5 prósent og Sturla Jónsson með 3 prósent.



Guðni Th. Jóhannesson, forsetaframbjóðandi

## Flóttamönnum skolaði á land

**LÍBÍA** Líkum yfir 110 flóttamanna skolaði á land við strendur Líbíu í gær eftir að bátur sökk í Miðjarðarhafi. Talið er að meirihluti flóttafólksins hafi verið af afrískum uppruna.

Leiðin yfir Miðjarðarhafið, frá Líbíu til Ítalíu, er að verða æ algengari leið fyrir flóttamenn til að freista þess að komast til Evrópu. Leiðin er um 300 km löng og eru bátarnir sem notaðir eru ótraustir og í flestum tilfellum yfirhlaðnir.

Smyglarar í Líbíu hafa nýtt sér þá óreiðu sem ríkir í landinu og er smygl á fólki frá landinu arðbært.

Meira en þúsund flóttamenn hafa drukknað í Miðjarðarhafi á síðustu vikum og samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hafa yfir 200 þúsund flóttamenn og förufólk farið yfir Miðjarðarhafið til Evrópu á þessu ári. – þv

## Húsleit hjá FIFA

**SVISS** Svissneska lögreglan gerði húsleit í höfuðstöðvum Alþjóðaknattspyrnusambandsins (FIFA) í borginni Zürich í gær. Húsleitin er liður í rannsókn svissnesku lögreglunnar á starfsemi samtakanna. Ýmis skjöl og rafeindatæki voru gerð upptæk.

Húsleitin, sem er ekki sú fyrsta, kemur í kjölfar yfirheyrslna yfir Sepp Blatter, fyrrverandi forseta FIFA, og Jerome Valcke, fyrrverandi aðalritara. Báðir eru þeir grunaðir um að hafa framið ýmis lögbrot á meðan þeir störfuðu fyrir stofnunina.

Blatter og Valcke hafa báðir neitað sök í málinu en eru nú í sex til tólf ára banni frá störfum fyrir stofnunina. – þea



Sepp Blatter, fyrrverandi forseti FIFA




# Veiðiréttarhafar reyna laxarækt í Lagarfljóti

**Hefja á umfangsmikið tilraunaverkefni til að ganga úr skugga um hvort rækta megi upp laxastofn í Lagarfljóti. Útbúa á tjörn í Uppsalaá og sleppa 30 þúsund seiðum í sumar og 50 þúsund á næsta ári. Menn er spenntir en hóflega bjartsýnir.**

**LÍFRÍKI** „Það á að gera athugun á því hvort lífslíkur laxins eru nægar þarna á svæðinu," segir Jóhannes Sturlaugsson hjá fyrirtækinu Laxfiskum sem tekið hefur að sér tilraunverkefni með laxarækt í Lagarfljóti.

Laxaverkefnið er á vegum Veiðifélags Lagarfljóts með aðkomu Landsvirkjunar, að sögn Jóhannesar. Gerð verður sleppitjörn í Uppsalaá sem rennur út í Eyvindará til móts við Egilsstaði.

Nú í júní á að sleppa um 30 þúsund seiðum úr klaki í Jöklu og Lagarfljóti sumarið 2014. Áætlað er að sumarið 2017 verði 50 þúsund seiðum sleppt til sjávar.

Jóhannes varar við of mikilli bjartsýni. „Eins og þeir vita og ég sagði í upphafi við heimanmenn er á brattann að sækja. Gruggið er orðið svo mikið að það er spurning hvernig laxinum gengur að ganga upp og endurheimtur á þessu landsvæði eru miklu lakari en það sem þekkist best hér við land," útskýrir hann.

Í gegnum tíðina hefur seiðum stundum verði sleppt við Lagarfljót. „En það hefur alltaf verið svo laust í reipunum og það vantaði að það væri marktækt. Nú vilja menn fá í eitt skipti fyrir öll á hreint hvort þetta sé mögulegt," segir Jóhannes.

Ein af hindrunum er fiskistiginn við Lagarfossvirkjun. „Hann er líklega sá stigi á landinu sem menn hafa klórað sér mest í hausnum yfir og gert mestu breytingarnar á," segir Jóhannes. Meira að segja áður en Fljótsdalsvirkjun var tekin í gagnið hafi ekki verið um auðugan garð að gresja fyrir laxinn í vatnakerfi Lagarfljóts.

„Núna er verulega búið að bæta í gruggið. Þeir hafa svo verið að drattast upp stigann, þessir eftirlifendur laxanna síðustu árin, en við erum að tala um örfá stykki á hverju sumri," segir Jóhannes sem kveður alla vera spenta fyrir að sjá heimturnar næsta sumar og svo áfram. Ef allt fari á besta veg sé stefnan að koma upp sleppitjörnum í fleiri hliðarám Lagarfljóts og nýta þær til stangveiði.

„Eins og staðan er þarna væru allir ánægðir ef það væri hægt að láta þetta ganga að núlli. Þetta er ekkert gróðabrall," undirstrikar Jóhannes Sturlaugsson. gar@frettabladid.is



Í Lagarfljóti er Lagarfossvirkjun nokkur farartálmi laxfiska sem þó geta komist upp fiskistiga við virkjunina. MYND/JÓHANNES STURLAUGSSON

> Þeir hafa svo sem verið að drattast upp stigann, þessir eftirlifendur laxanna síðustu árin, en við erum að tala um örfá stykki á hverju sumri.



Jóhannes Sturlaugsson, hjá Laxfiskum

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# TAX FREE

## AF ÖLLUM SUMARBLÓMUM

í Húsasmiðjunni og Blómavali
alla helgina



STJÚPUR
TVÖFALT
TAX FREE
38,7% afsláttur

Mest selda pallaolían í Húsa-smiðjunni

JOTUN Treolje Träolja/Træolie

3 ltr

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**1.995 kr**
~~2.385 kr~~

Pallaolía
Jotun Treolje
7049123-27

IKRA mogatec

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**14.995 kr**
~~20.995 kr~~

Sláttuvél ELM 1434U
1400w, 34 cm slátturbreidd, 35 ltr. safnkassi, 5 þrepa hæðarstilling 25-65 mm, eitt handtak.
5085137

IKRA mogatec

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**12.995 kr**
~~15.995 kr~~

Orf BT25
25 cc, 0,75 kW, slátturbreidd, 38 cm, þyngd 4,55 kg með tvígengismótor.
5086604

IKRA mogatec

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**3.995 kr**
~~4.995 kr~~

Rafmagnsorf
IGT350
350W, 25 cm sláttubreidd, stillanlegt skaft.
5086616

IKRA mogatec

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**7.495 kr**
~~11.995 kr~~

Rafmagns-hekkklippur IKRA
600W, 55 cm blað, 20 mm klippigeta.
5083538

ALLIR FÁ ÍS LAUGARDAG
í Skútuvogi
kl 11-16

EM áskrift og bolti fylgir Broil King grillum og Author hjólum




## EM áskrift og bolti fylgir Broil King grillum og Author hjólum

Ef þú kaupir **BROIL KING** gasgrill eða **AUTHOR** reiðhjól í Húsasmiðjunni færð þú **EM áskrift**, að verðmæti 6.900 kr, hjá Símanum og getur horft á alla leikina á EM heima í stofu. Að auki færðu **EM bolta Húsasmiðjunnar** sem kaupauka.

**Byggjum á betra verði**

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti, tvöfalt Tax free jafngildir 38,7% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisauka-skatti til ríkissjóðs.

**TÖLUR VIKUNNAR** 29.05.2016 - 04.06.2016

**140** milljarðar eru heildarinnkaup ríkisins á ári hverju.

**70%** Íslendinga vilja alþingiskosningar strax í haust.

**23. sæti skipar** Ísland í úttekt IMD-háskólans á samkeppnishæfni þjóða árið 2016.

**14%** **VETRARFERÐAMANNA** fóru í norðurljósaferðir fyrir 10 árum en í dag er hlutfallið 42%.

**50 aflandsfélögum** í skattaskjólum tengjast feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson.

**400** vinnuþrælar eru á Íslandi samkvæmt skýrslu Global Slavery Index.

**9.327** Íslendingar voru með réttindi sem grunnskólakennarar árið 2011.

**400 ÞÚSUND TONNA** samdrátt þarf á notkun jarðefnaeldsneytis á Íslandi fyrir árið 2030.

## Þrjú í fréttum
## Bekkurinn, ESA og boltinn

**Helgi Hóseasson**
*jafnan nefndur mótmælandi Íslands*



komst aftur í fréttirnar í vikunni en bekkur honum til minningar hefur nú verið fjarlægður vegna viðhalds. Bekkurinn sem stendur við Langholtsveg er í höndum einkaaðila sem komu honum fyrir eftir andlát Helga árið 2009. Bekkurinn verður yfirfarinn og settur aftur á sinn stað innan tíðar.

**Klara Bjartmarz,**
*framkvæmdastjóri KSÍ*



er ekki sátt við að aðeins karlkyns lögregluþjónar verði fyrir Íslands hönd á Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu sem hefst í vikunni. Þrátt fyrir að KSÍ komi ekki að ákvörðuninni sagði Klara í samtali við Fréttablaðið að sér persónulega þætti að kona ætti að vera í hópnum, auk þess sem sjálfboðaliðar Rauða krossins væru af báðum kynjum. Málið var jafnframt rætt á Alþingi í vikunni en þá sagði Ólöf Nordal innanríkisráðherra að sér þætti sjálfsagt að Ísland sendi lögregluþjóna af báðum kynjum á völlinn.

**Sven Erik Svedman**
*forseti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA,*



segir nauðsynlegt hafa verið að höfða Icesave-málið gegn Íslandi. Dómstóllinn dæmdi Íslandi í vil árið 2013. „Lög eru ekki vísindi, það þarf að túlka þau og þannig mótast lögin, þess vegna erum við aldrei hrædd við að tapa máli, en við forðumst í lengstu lög að gera það,“ sagði Sven í samtali við Fréttablaðið á miðvikudag.

# Hótel langt innan verndarlínu

**Margföldun á stærð Hótels Reykjahlíðar, sem Icelandair Hotels áformar, er langt innan verndarlínu sérlaga um vernd Mývatns og Laxár. Umhverfisstofnun setur stranga fyrirvara. Sveitarstjóri segir ekkert hafa verið ákveðið.**

**UMHVERFISMÁL** „Ég held að það sé alveg ljóst að þessi framkvæmd verður aldrei heimiluð nema fráveitumál hótelsins uppfylli þær kröfur sem um svæðið gilda, annaðhvort verður framkvæmdaaðili því að setja upp hreinsistöð eða hreinlega keyra skólp út af svæðinu,“ segir Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun (UMST), um áform Icelandair Hotels um að margfalda stærð Hótels Reykjahlíðar með tveimur viðbyggingum.

Frárennslismál þéttbýlis í Mývatnssveit hafa mikið verið til umræðu síðustu vikurnar vegna óheillaþróunar í lífríki Mývatns. Viðmælendur Fréttablaðsins hafa í tengslum við fréttaflutning um Mývatn lýst furðu sinni og áhyggjum yfir því að til greina komi að reisa nýtt hótel aðeins 30 til 50 metra frá Mývatni. Stórum spurningum eigi eftir að svara er varða lífríki vatnsins og því skjóti það skökku við að byggja svo nærri vatninu.

Þessar ábendingar hverfast allar um þá staðreynd að byggingin á að rísa langt innan þess 200 metra verndarsvæðis sem er markað hringinn í kringum vatnið og Laxá allt til ósa Skjálfandafljóts. Byggingarreiturinn sem um ræðir er Mývatnsmegin við þjóðveg 1 og um 30 metra frá vatnsbakkanum. Þar stendur fyrir Hótel Reykjahlíð sem var reist árið 1948. Þéttbýlið í Reykjahlíð er austan við þjóðveginn. Hótelið er nú um 600 fermetrar með níu herbergjum en verður tæplega 3.700 fermetrar með 43 herbergjum gangi þetta eftir – og að því næst verður komist.

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, tekur það skýrt fram að það eina sem hafi verið ákveðið varðandi hótelbygginguna af hálfu sveitarfélagsins sé að heimila skipulagsvinnuna.

„Það er almennt þannig að Umhverfisstofnun er leyfisveitandi innan verndarlínunnar. En það sem sveitarfélagið gerði, í því ljósi að fyrirtækið [Icelandair Hotels] á þessa lóð, var að samþykkja að hleypa þessu í skipulagsferli. Þannig koma fram athugasemdir og ólík sjónarmið. Við erum ekki að gefa leyfi til að gera eitt eða neitt, einungis að leyfa þeim að hefjast handa við skipulag. Síðan hafa menn sínar skoðanir á þessu og þær geta verið ýmsar,“ segir Jón Óskar.

Aðalbjörg Birna segir til viðbótar við kröfur um fráveitumál hótelsins hvað varðar „útlit bygginga og áhrif þeirra á landslag og ásýnd, ásamt áhrifum framkvæmda og reksturs á lífríkið svo nálægt vatninu, þá er það eitthvað sem við munum meta þegar við fáum leyfisumsóknina inn til okkar. Þar munum við m.a. leita til sérfræðinga í lífríkismálum, svo sem Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn (RAMÝ) og Náttúrufræðistofnun.“ svavar@frettabladid.is



Gamla Hótel Reykjahlíð, og uppbygging nýs hótels, er aðeins 50 metra frá bökkum Mývatns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Á verndarsvæði sérlaga

- Hótel Reykjahlíð er staðsett langt innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en allar framkvæmdir innan þess eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.
- Verndarsvæðið er 200 metra breiður bakki meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin til sjávar.
- Lífríki Mývatns er undir miklu álagi og breytinga hefur orðið vart í vatninu undanfarin ár og áratugi.
- Verndarsvæðið hefur verið á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir friðlýst svæði sem eiga á hættu að verndargildi skerðist.

**Við erum ekki að gefa leyfi til að gera eitt eða neitt, einungis að leyfa þeim að hefjast handa við skipulag. Síðan hafa menn sínar skoðanir á þessu og þær geta verið ýmsar.**



Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps


LYFJA – Lifið heil

Lægra verð í Lyfju

Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí

lyfja.is

15% afsláttur



15% afsláttur af öllum bragðtegundum í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg

*Tilboðið gildir til 17. júní 2016*


# Flugumferðarstjórar eygja ekki lausn

**KJARAMÁL** Samningafundi flugumferðarstjóra í launadeilu þeirra við Isavia og Samtök atvinnulífsins lauk án árangurs eftir að hafa staðið í allan gærdag. Ekki var boðað til nýs fundar.

„Það ber enn mikið í milli hvað varðar launaliði,“ segir Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia. „Það virðist vera langt í land.“

Búist er við að ríkissáttasemjari boði til næsta fundar í deilunni, en það verður að gera innan hálfs mánaðar.

Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir niðurstöðu í deilunni ekki í augsýn eins og staðan er núna.

„Flugumferðarstjórar hafa dregist aftur úr í launaþróun. Okkar krafa var, og er enn, að nýr kjarasamningur taki tillit til þess,“ segir Sigurjón.

Yfirvinnubann flugumferðarstjóra hefur verið í gildi frá 6. apríl. Það hefur haft í för með sér tafir á Keflavíkurflugvelli þar sem ekki má kalla út starfsmenn vegna til dæmis veikinda.

„Yfirvinnubannið hefur haft töluverð áhrif og í raun meiri en við bjuggumst við fyrirfram svo við sjáum ekki ástæðu til þess á þessu stigi að fara í harðari aðgerðir,“ segir Sigurjón Jónasson. – óká, þv



Engin niðurstaða er í augsýn í kjaradeilu flugumferðarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

# Fer og aðstoðar flóttafólk

**FLÓTTAMENN** María Ólafsdóttir heilsugæslulæknir er á leið til Grikklands á vegum Rauða krossins á Íslandi vegna neyðarástands við landamæri Makedóníu.

Tíu þúsund flóttamenn eru í bænum Idomeni og tíu þúsund í nærliggjandi bæjum.

María starfar í ERU-neyðarteymi finnska og þýska Rauða krossins í almennri heilsugæslu í bæjunum Cherso og Nea Keval. Þar munu átta þúsund manns þurfa aðstoð. – kbg



**María Ólafsdóttir aðstoðar flóttafólk.** MYND/RAUÐIKROSSINN





Þú bókar flugsæti og gistingu og 2 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.
Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði.

Flugsæti eingöngu **kr. 39.990**

**Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði – verð getur hækkað án fyrirvara.**

Stökktu +
Netverð á mann kr. 44.950 m.v. 2 fullorðna og eitt barn í herbergi / stúdíó / íbúð.
Kr. 49.925 m.v. 2 fullorðna.

Heimsferðir





**Vinnustaðanámssjóður**
Umsóknarfrestur til **15. nóvember**

**Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Vinnustaðanámssjóði.**

Sjóðurinn veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla.

**Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2016, kl. 17:00.**

Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi.

**Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.**
**Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Jón Svanur Jóhannsson, sími 515 5820,
jon.svanur.johannsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


## Leðja í Simbach am Inn



Þýsk kona mokar leðju utan við heimili sitt í borginni Simbach am Inn. Geysimikil flóð hafa verið í kringum borgina vegna mikilla rigninga. Sex fórust í flóðunum, bílar ultu og flæddi inn í hús. NORDICPHOTOS/AFP

# Stór mál bíða afgreiðslu

**Þingflokksformaður Framsóknar segir kosningar ekki verða nema málalisti ríkisstjórnarinnar klárist á sumarþingi. Umdeildir búvörusamningar bíða.**

**ALÞINGI** Búvörusamningar, Samgönguáætlun, tollasamningar, LÍN frumvarp og ríkisfjármálaáætlun er á meðal stóru málanna sem stjórnarflokkarnir hyggjast klára á sumarþinginu í ágúst.

Þá hefur utanríkisráðherra lýst yfir vilja til að klára fullgildingu Loftslagssamkomulags Sameinuðu þjóðanna á kjörtímabilinu. Eitthvað mun bætast við af frumvörpum sem eru liður í losun gjaldeyrishafta.

Alþingi kemur aftur saman 15. ágúst. Þá stefnir Framsóknarflokkurinn að því að frumvarp um verðtryggingu verði lagt fram. Allt kapp verður lagt á að klára það frumvarp á þeim tíu vikum sem eru til stefnu. Í næstu viku er nefndavika hjá Alþingi og aftur strax eftir verslunarmannahelgi.

Um búvörusamninga ríkir ekki einhugur. Samningarnir, eins og þeir standa núna, gilda í tíu ár og ganga langt.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, hefur látið hafa eftir sér að hún muni aldrei samþykkja samninginn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins á sama máli og setja það sem skilyrði fyrir samþykkt samningsins að tollasamningur við Evrópusambandið verði samþykktur um leið. Tollasamningurinn gengur út á að fella niður tolla á unnar landbúnaðarvörur, svo sem súkkulaði. Þá verði þeir lækkaðir eða felldir niður á óunnar landbúnaðarvörum á borð við villibráð og ýmsu grænmeti.

> **Ríkisstjórnin fer ekki í kosningar án þess að vera búin með þau mál sem hún ætlaði sér að klára. Það felst engin hótun í því.**
>
> Ásmundur Einar Daðason, þingflokksformaður Framsóknar



Ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér sömuleiðis að klára samgönguáætlun en sitjandi ríkisstjórn hefur hingað til ekki samþykkt slíka áætlun.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður VG, skrifaði grein í Bændablaðinu í apríl og sagði plaggið ónýtt. „Málaflokkurinn er síst betur staddur hvað fjárveitingar snertir en á erfiðustu árunum eftir hrun.“

Að lokum má nefna frumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem kynnt var í lok maímánaðar, sem og frumvarp um aðgerðir gegn skattaskjólum sem unnið er að frumkvæði efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Ásmundur Einar Daðason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, segir að þessi mál verði að klárast áður en gengið verður til kosninga. Fyrir liggur að þingmenn Framsóknar eru tregir til að ganga til kosninga og enn hefur ekki verið gefin út dagsetning á kjördegi.

„Við höfum sagt að það eigi að vera mögulegt bæði að flýta þeim málum sem ríkisstjórnin ætlar að klára á þessu kjörtímabili og kjósa fyrr. Þetta tvennt geti farið saman en það verði þá líka að fara saman. Það eru ekki bara kosningar í haust, það er líka þannig að menn ætla að klára þau mál sem við ætlum að klára,“ segir Ásmundur.

Þetta segir Ásmundur aðspurður ekki vera hótun gegn stjórnarandstöðunni svo hún hagi sér vel og hleypi málum nokkuð auðveldlega í gegn.

„Það liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur umboð til 26. apríl 2017. Ríkisstjórnin fer ekki í kosningar án þess að vera búin með þau mál sem hún ætlaði sér að klára. Það felst engin hótun í því. Það hefur gengið vel að afgreiða mál og engin ástæða til að ætla að það verði einhver breyting á því.“ **snaeros@frettabladid.is**

# ERTU KLÁR FYRIR EM?



Sólgleraugu
**1.999 kr**



Fánalengja 10m
**299 kr**



Klapparar
**199 kr**



Trefill
**1.499 kr**



Húfa
**1.499 kr**



Bakpoki
**2.499 kr**



Úlnliðsband
**1.999 kr**



Boltar
**verð frá 249 kr**







Grillbursti 30cm
**1.490 kr**

Hamborgarapressa
**1.990 kr**

Hamborgaraspaði
**599 kr**

Grillbursti
**999 kr**

Áhaldasett
**1.999 kr**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Borgin vill fjölga í skólahljómsveitum

**MENNTAMÁL** „Það er okkar stefna að fjölga plássum í skólahljómsveitum borgarinnar og við teljum að það sé ákveðið svigrúm til þess,“ segir Skúli Helgason, borgarfulltrúi Samfylkingar og formaður skóla- og frístundaráðs.

Nærri fjögur hundruð börn voru á biðlista eftir plássi í skólahljómsveit í fyrra. Í ár stefnir einnig í mikla umframaðsókn.

„Það er 40 milljóna króna afgangur af rekstri sveitanna. Við erum ekki enn búin að taka neinar ákvarðanir um þetta en viljinn stendur til þess,“ segir Skúli. Vonir standi til að plássum fjölgi á næsta ári.

Börnum innflytjenda fjölgar sífellt meðal umsækjenda. „Að taka tillit til fjölmenningar er auðvitað eitt af því sem skiptir máli þegar kemur að aðgengi barna,“ segir Skúli. **– kbg**



**Biðlistar eftir plássi í skólahljómsveit eru óralangir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Oddný Harðardóttir sagðist í þakkarræðu bjartsýn fyrir hönd Samfylkingarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Oddný boðar 130 daga plan

**Nýr formaður Samfylkingarinnar segist bjartsýnn fyrir hönd flokksins þrátt fyrir dalandi fylgi. Oddný Harðardóttir ræðir við jafnaðarmenn um allt land.**

**STJÓRNMÁL** „Við munum fylgja áætlun sem eru 130 dagar þar sem við tölum við jafnaðarmenn um allt land sem berjast fyrir bættum kjörum eins og við,“ segir Oddný G. Harðardóttir, sem í gær náði kjöri sem formaður Samfylkingarinnar.

Oddný hlaut 59,9 prósent atkvæða af þeim 3.787 atkvæðum sem greidd voru í prófkjörinu. Hún tekur við embættinu af Árna Páli Árnasyni sem gegnt hefur því frá árinu 2013.

Magnús Orri Schram hafnaði í öðru sæti í kjörinu, Helgi Hjörvar í því þriðja og Guðmundur Ari Sigurjónsson í fjórða.

Fylgi Samfylkingarinnar hefur dalað mikið undanfarin ár. Í nýjustu skoðanakönnun Gallup um fylgi stjórnmálaflokkanna, sem birt var á fimmtudag, var Samfylkingin mæld með 7,7 prósenta fylgi.

Árni Páll sagði í setningarræðu sinni á landsfundi Samfylkingarinnar að rekja mætti vanda flokksins til aðstæðna bæði innan lands og utan. Flokkurinn væri fórnarlamb eigin velgengni. Árni Páll kvaðst þakklátur fyrir sína formannstíð.

„Ég hef frá hruni, í nærri átta ár, varið flestum vökustundum í glímuna við stærstu spurningar samtímans, vegna þess að þið settuð mig til þeirra verka,“ sagði Árni Páll sem setið hefur á þingi í tæp níu ár.

Oddný kveðst bjartsýn fyrir hönd flokksins og segir landsfundinn ákveðinn vendipunkt fyrir hann.

„Flokkurinn er að fara í gegnum málefni sín og skerpa á áherslum. Við endurnýjum ekki bara formann og varaformann heldur kemur líka nýtt fólk bæði í stjórn og framkvæmdastjórn,“ segir hún.

Að sögn Oddnýjar mun vinnan við það að byggja upp flokkinn hefjast strax á mánudag.

**thordis@frettabladid.is**


UMHVERFISMATSDAGURINN 2016

9. júní kl. 13-16 á Nauthóli, Reykjavík

Meðal efnis:

*Strategic Environmental Assessment – or – if we didn't think we were going to change the world we wouldn't be here.* Thomas Fischer, University of Liverpool.

*Samráðsferli: Vesen eða vannýtt tækifæri?* Auður H. Ingólfsdóttir, Háskólanum á Bifröst.

*Áhrif umhverfismats á áætlanagerð. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og Kerfisáætlun.* Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, Hrafnkell Proppé, Stefán Gunnar Thors og Sverrir Jan Norðfjörð.

Nánari upplýsingar um dagskrá og skráning er á www.skipulag.is. Streymi af fundinum verður einnig hægt að nálgast á vefsíðu Skipulagsstofnunar.

Allir velkomnir

Skipulagsstofnun





Ársfundur 2016

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn fimmtudaginn 23. júní kl. 15.00, í húsakynnum lífeyrissjóðsins, Sigtúni 42, 2. hæð, Reykjavík.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.
Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

Reykjavík, 2. maí 2016
Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

**Í stjórn LSS eru:** Kristbjörg Stephensen, formaður, Benedikt Valsson, Elín Björg Jónsdóttir, Garðar Hilmarsson, Salóme A. Þórisdóttir og Sigurbergur Ármannsson.
**Framkvæmdastjóri er:** Gerður Guðjónsdóttir.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Yfirlit yfir afkomu ársins 2015

Allar fjárhæðir í milljónum króna

| Efnahagsreikningur | A-deild | V-deild | B-deild | S-deild | Samtals 2015 | Samtals 2014 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Húseignir og lóðir | 91 | 18 | 0 | | 109 | 112 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 33.948 | 6.892 | 931 | - | 41.771 | 32.271 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 46.501 | 9.440 | 3.063 | - | 59.004 | 53.498 |
| Veðskuldabréf | 5.485 | 1.113 | 249 | - | 6.848 | 6.819 |
| Bankainnistæður | 3.330 | 676 | 167 | - | 4.173 | 2.624 |
| Aðrar fjárfestingar | 53 | 11 | 0 | - | 64 | 104 |
| Kröfur | 1.058 | 215 | 315 | - | 1.588 | 1.409 |
| Aðrar eignir | 857 | 174 | 12 | - | 1.044 | 1.709 |
| Skuldir | (138) | (28) | (13) | - | (178) | (381) |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **91.185** | **18.512** | **4.725** | **0** | **114.422** | **98.167** |

| Breyting á hreinni eign | A-deild | V-deild | B-deild | S-deild | Samtals 2015 | Samtals 2014 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 7.254 | 2.325 | 825 | (43) | 10.361 | 9.214 |
| Lífeyrir | (1.780) | (150) | (1.121) | (58) | (3.109) | (2.712) |
| Fjárfestingatekjur | 8.496 | 1.673 | 551 | 146 | 10.867 | 5.426 |
| Fjárfestingagjöld | (159) | (29) | (32) | (3) | (223) | (187) |
| Rekstrarkostnaður | (111) | (19) | (38) | 0 | (168) | (132) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 13.700 | 3.799 | 186 | 42 | 17.728 | 11.607 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 77.485 | 14.712 | 4.539 | 1.430 | 98.167 | 86.557 |
| Afhent í lok árs við lokun deildar* | | | | (1.473) | (1.473) | |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **91.185** | **18.512** | **4.725** | **0** | **114.422** | **98.167** |

| Kennitölur | A-deild | V-deild | B-deild | S-deild leið I | S-deild leið II | S-deild leið III |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 10,3% | 10,3% | 11,0% | 11,7% | 11,5% | 4,6% |
| Raunávöxtun | 8,1% | 8,1% | 8,8% | 9,5% | 9,4% | 2,5% |
| Raunávöxtun 5 ára meðaltal | 5,0% | 5,0% | - | 5,8% | 4,9% | 2,2% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 11.333 | 4.802 | 181 | 171 | 73 | 38 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 3.055 | 817 | 933 | 45 | 18 | 16 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,1% | 0,1% | 0,8% | - | - | - |
| Eignir í íslenskum krónum í % | 84,7% | 84,7% | 92,4% | 61,9% | 92,7% | 100,0% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum í % | 15,3% | 15,3% | 7,2% | 38,1% | 7,3% | 0,0% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar í % | -9,8% | 6,8% | -22,9% | | | |
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar í % | -3,2% | 8,7% | -84,9% | | | |

*Séreignadeildinni var lokað 31.12.2015

*Birt með fyrirvara um prentvillur*


www.tm.is
Saman í lífsins ólgusjó
„Þá voru bara hörkutól á togurum“
1963 - Halldór Georg Magnússon fór í sinn fyrsta túr þegar hann var 16 ára. Þá munstraði hann sig á nýsköpunartogarann Ask RE.
1966 - Eftir að Aski RE er lagt fer Halldór á togarann Sigurð RE. Hann varði allri sinni sjómannstíð á togurum, meðal annars á Karlsefni, Dagstjörnunni, Guðmundi Jónssyni og Ásgeiri.
1981 - Halldór ræður sig til útgerðarfélagsins Ögurvíkur. Hann stundaði sjósókn á skipum Ögurvíkur í hartnær 32 ár.
2013 - Halldór kemur í land eftir 50 gjöful ár á sjónum. Hans síðasti túr var á frystitogaranum Frera RE sem var upphaflega einn af hinum svonefndu Spánartogurum.
Í 60 ár hefur saga TM verið samofin sögu sjósóknara og sjávarútvegs
Árið 1956 urðu tímamót í sögu sjávarútvegs á Íslandi.
Þetta ár var TM stofnað af aðilum sem tengdust sjávarútvegi sterkum böndum. Félagið er í dag leiðandi á sviði vátrygginga-þjónustu fyrir sjávarútveginn og hefur sérhæft sig í lausnum sem tryggja hagsmuni atvinnugreinarinnar, jafnt á sjó sem landi.
Hjá TM starfar sérstakt teymi sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á sjávarútvegi og sérstökum þörfum hans á sviði vátrygginga.
TÍMAMÓT með TM

# Ísraelar og Palestínumenn sögðu pass

**Fjölþjóðleg ráðstefna til að greiða fyrir friðarviðræðum Ísraela og Palestínumanna hófst í París gær. Hvorugt ríkið sendir fulltrúa sína. Forseti Palestínu tekur ráðstefnunni fagnandi en Ísraelar segja frið aðeins mögulegan með beinum viðræðum án milligöngu annarra.**



**Ráðstefnuhöllin var þétt setin í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

**FRAKKLAND** Ísraelar og Palestínumenn taka ekki þátt í ráðstefnu sem miðar að því að blása lífi í friðarviðræður milli þjóðanna. Ráðstefnan hófst í París í gær. Hana sækja fulltrúar Sameinuðu þjóðanna, Arababandalagsins og um tuttugu þjóða.

Ætlunin er að fulltrúar landanna sem og stofnananna leggi grunninn að almennum friðarviðræðum sem færu fram undir lok þessa árs. Til að mynda með því að leggja fram hugmyndir um efnahags- og öryggisaðstoð sem ríkin myndu fá ef friði væri komið á.

François Hollande, forseti Frakklands, opnaði ráðstefnuna í gær.

„Við getum ekki talað máli hlutaðeigandi á þessari ráðstefnu. Okkar framtak miðar að því að tryggja það að hugsanlegur friður yrði traustur og langvarandi undir eftirliti alþjóðasamfélagsins,“ sagði forsetinn. Hollande sagði enn fremur að viðræður þyrftu að taka mið af öllu svæðinu en ekki bara ríkjunum tveimur.

Sýn stjórnvalda ríkjanna tveggja á ráðstefnuna er misjöfn. Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, segir hana tilgangslausa. Friði verði einungis komið á með beinum viðræðum ríkjanna tveggja. Það sagðist Dore Gold, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, viss um að ráðstefnan myndi „misheppnast algjörlega“.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, tekur ráðstefnunni hins vegar fagnandi. Segir hann ástæðuna meðal annars þá að hún gæti bundið enda á tveggja áratuga einokun Bandaríkjanna á sáttamiðlun.

Fáir þeirra erindreka sem ráðstefnuna sækja eru bjartsýnir. Frá því greinir BBC. Erindrekar eru sagðir almennt á þeirri skoðun að einhver tilraun til að blása lífi í viðræðurnar sé betri en engin en ekki er búist við miklum tímamótum í friðarviðræðum.

„Um þessar mundir er allt stopp,“ sagði Jean-Marc Ayrault, utanríkisráðherra Frakklands, um friðarviðræður Ísraels og Palestínu í viðtali við France Info Radio.

Viðræður hafa verið stopp frá því í apríl 2014 þegar Palestínumenn sökuðu Ísraela um að frelsa ekki fanga líkt og áður hafði verið samið um. Einkar stirt er á milli stjórnvalda ríkjanna en Ísraelar segjast þó tilbúnir til friðarviðræðna svo lengi sem ekkert ríki hefur milligöngu um þær.

Nokkur stóru átakamálanna sem standa í vegi fyrir friði er staða Jerúsalemborgar, landnemabyggðir Ísraela á Vesturbakkanum og sjálfstæði Palestínu.

**thorgnyr@frettabladid.is**

> **Okkar framtak miðar að því að tryggja það að hugsanlegur friður yrði traustur og langvarandi undir eftirliti alþjóðasamfélagsins.**


François Hollande, forseti Frakklands




HEITIR POTTAR

Framleiðum burðargrindur undir alla okkar potta, nú þarf bara að gera gat í veröndina fyrir botnskálinni, og fellur þá grindin beint á veröndina.

OPIÐ Í DAG LAUGARDAG MILLI KL. 12 OG 16

Minnum á állokin okkar og ryðfríu pumpurnar sem eru með fallöryggislás.

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Við framleiðum lok á alla potta




NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is


# Mótmælendur réðust á stuðningsmenn Trumps


**Mótmælendur umkringdu þessa konu og köstuðu í hana flöskum og eggjum.** NORDICPHOTOS/AFP

**BANDARÍKIN** Hundruð mótmælenda eltu uppi stuðningsmenn forsetaframbjóðanda repúblikana í Bandaríkjunum, Donalds Trump, og veittust að þeim með ofbeldi eftir að kosningafundi Trumps lauk í San José í Kaliforníu í fyrrinótt. Blaðamenn The Guardian sem voru á vettvangi segja meginþorra ofbeldismanna hafa verið ungmenni.

Mótmælendur höfðu safnast saman fyrir utan samkomusalinn áður en fundurinn hófst og hrópað að stuðningsmönnum sem biðu í röð en þegar fundinum lauk hlupu mótmælendur á eftir stuðningsmönnum og spörkuðu í einhverja þeirra og kýldu á meðan aðrir börðust á móti. Hópur mótmælenda umkringdi unga konu, hrækti á hana, kastaði í hana flöskum og eggjum. Mótmælendur lokuðu einnig bílastæði af svo stuðningsmenn kæmust ekki í burtu, brutu bílrúður og bílljós.

John Podesta, kosningastjóri Hillary Clinton, líklegs frambjóðanda flokks demókrata og andstæðings Trumps, fordæmdi árásina á Twitter í gær. „Ofbeldi gegn stuðningsmönnum nokkurs frambjóðanda á ekki heima í þessari kosningabaráttu,“ tísti Podesta.

Sam Liccardo, borgarstjóri San José, kenndi Trump sjálfum hins vegar um atvikið. „Við erum andvíg því að nokkur stjórnmálamaður snúi borgurum okkar hverjum á móti öðrum fyrir eigin ávinning,“ sagði Liccardo. **– þea**


ÍSBÚI

HERRALEGUR

Ísbúi hefur verið framleiddur frá árinu 1989 en fyrirmyndin var hinn vinsæli Danbo-ostur frá Danmörku, bragðmikill ostur með flauelsmjúka áferð og margslungið bragð sem er í senn grösugt og kjötkennt með ávaxtasætu í endann. Ísbúi parast jafn vel með sætu og söltu meðlæti og er virkilega skemmtilegur eftir matinn.

ÓÐALS ÍSBÚI ÚR FÖRUM MEISTARANS



www.odalsostar.is




Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

**Í UPPHAFI SKYLDI ENDINGUNA SKOÐA**

Hátt í 50 ár hefur óbilandi áreiðanleiki Corolla skilað sér frá kynslóð til kynslóðar. Nýjasta kynslóð Corolla er því spengilegri og glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Nú býðst hún endurbætt og endurhönnuð, kröftug og sparneytin með Toyota Touch margmiðlunarkerfi. Ofan á staðalbúnaðinn bætist svo ríkulegur aukahlutapakki að eigin vali, að verðmæti 350.000 kr.

Komdu og reynsluaktu Corolla.

**VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Ástand heimsins





**1.** Kínversk telpa heldur á ríkisfánanum á Torgi hins himneska friðar í Peking í gær. Kínverjar undirbjuggu í gær afmælisfögnuð vegna mótmælanna á torginu sem voru barin niður. Í dag eru 27 ár liðin frá mótmælunum. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Palestínska þingmanninum Khalida Jarrar er tekið með opnum örmum nærri borginni Tulkarem á Vesturbakkanum eftir að henni var sleppt úr ísraelsku fangelsi í gær. Þar afplánaði hún fimmtán mánaða dóm fyrir að hvetja til árása á Ísraela. NORDICPHOTOS/AFP

**3.** Áin Signa í París flæðir yfir bakka sína og hefur meðal annars flætt upp að mitti þessarar styttu. Ekki hefur verið jafnmikið vatn í ánni í þrjá áratugi og hefur Louvre-safnið þurft að loka dyrum sínum og flytja listaverk safnsins á öruggan stað til að koma í veg fyrir vatnsskemmdir. NORDICPHOTOS/AFP

**4.** Tugir þúsunda súfista söfnuðust saman til að sækja fund súfistaleiðtogans Hazrat Dewanbagi sem haldinn er árlega í Dakka, höfuðborg Bangladess. Súfismi er dulhyggjuarmur íslams. NORDICPHOTOS/AFP

**5.** Hundruð meðlima FPI, Varnarbandalags íslam, mótmæltu kommúnisma fyrir utan forsetahöllina í Djakarta, höfuðborg Indónesíu, í gær. Með því vildu mótmælendur búa sig undir ramadan, föstumánuð múslima sem hefst á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP








OPNUNARTILBOÐ
Í TILEFNI AF OPNUN NÝRRAR VERSLUNAR ÚTI Á GRANDA BJÓÐUM VIÐ UPP Á FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR!
FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!
ALLIR HEILSUKODDAR 20% AFSLÁTTUR
46%
ASMIND SANDALAR
Stærðir: 38-47.
Vnr. 4922700
FULLT VERÐ: 1.295
695
30%
NÚ VERÐ FRÁ: 54.950
BRANDE SÓFAR 2JA SÆTA OG 3JA SÆTA
Fallegt sófasett úr svörtu PU efni.
2ja sæta B149 x H91 x D89 sm. 79.950 nú 54.950
3ja sæta B199 x H91 x D89 sm. 99.950 nú 69.950 Vnr. 3658147-0
VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
Netgíró
ANJA ÁBREIÐA
Falleg og mjúk SHERPA ábreiða með áprentaðri mynd og CORAL FLEECE á bakhlið. Efni: 100% polyester.
Stærð: 130 x 160 sm.
Vnr. 550-20294, 550-32034
50%
FULLT VERÐ: 4.995
2.495
40%
FULLT VERÐ: 9.995
5.895
LUCA SÓFAR
Glæsilegir sófar með slitsterku áklæði á frábæru verði!
2ja sæta: 185 x 103 x 66 sm. 119.950
3ja sæta: 208 x 103 x 66 sm. 179.950
Litir: Svart eða hvítt.
Vnr. 8880001028A, 8880001028B
SPARIÐ 129.950
NÚ 3+2 SÓFASETT: 169.950
VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
Netgíró
HALDEN SÓLSTÓLL
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Fæst í svörtu, bláu og rauðu.
Vnr. 3738500
KRONBORG OF DENMARK PLUS
40%
NEVER STOP Dreaming
FULLT VERÐ: 4.995
2.995
DICTE SÆNGURVERASETT
Efni: 100% bómull. St. 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Lokað með rennilás.
Vnr. 1343080
FROZEN OG MINIONS SPORTSKÓR
Flottir sportskór fyrir káta krakka. St. 24-32.
Vnr. RL-FROZEN, RL-MINIONS
37%
FULLT VERÐ: 3.995
2.495
30%
ALLIR PLASTKASSAR 20-50% AFSLÁTTUR
ÁFRAM ÍSLAND
ÍSLAND trefill 399 nú 279 ÍSLAND gleraugu 399 nú 279 ÍSLAND alpahúfa 595 nú 399 FRÓN höfuðklútur 995 nú 695 FRÓN húfa 1.295 nú 905 ÍSLAND lúður 399 nú 279
Vnr. 491100444, 491101520, CT1202140, S34609180, 550-20341, 550-2030
NÚ VERÐ FRÁ: 279
LEEDS ÆFINGAMOTTA
Góð æfingamota.
Litur: Grænn.
Vnr. 4730800
20%
FULLT VERÐ: 2.495
1.995
VATNSBYSSA
Stærð: 30 sm.
Vnr. 3911910
50%
FULLT VERÐ: 399
199
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
TILBOÐIN GILDA ÚT 05.06 EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



## LANDSLIÐSMENN GEFA MYNDIR OG ÁRITA

Kl. 14–15 Birkir Már Sævarsson og Hannes Þór Halldórsson
Kl. 15–16 Ragnar Sigurðsson og Ari Freyr Skúlason
Kl. 16–17 Gylfi Þór Sigurðsson og Jón Daði Böðvarsson

## BÍTTIMARKAÐUR MEÐ EM FÓTBOLTASPJÖLD

Komdu milli kl. 13 og 17 með möppuna þína og fótboltaspjöld til að skipta og fá þau árituð hjá landsliðsmönnum. Boðið verður upp á bíttimarkað á þremur stöðum í göngugötu.

## TÓLFAN

Meðlimir Tólfunnar verða á staðnum kl. 13 og kenna gestum Kringlunnar hvatningarsöngvana.

## GEFÐU LANDSLIÐINU ÁRITUN

Skrifaðu strákunum okkar hvatningarkveðju á risasegl í göngugötunni. Landsliðið fær seglið afhent fyrir brottför til Frakklands og fer með kveðjuna þína í farteskinu.



**OPIÐ**
Laugardagur kl. 10–18
Sunnudagur kl. 13–18

PANINI

## ÁFRAM ÍSLAND

# EM HÁTÍÐ
# Í KRINGLUNNI Í DAG

**Í DAG GEFST ÞÉR TÆKIFÆRI TIL AÐ HITTA STRÁKANA OKKAR Í KRINGLUNNI ÁÐUR EN ÞEIR HALDA Á EM KEPPNINA Í FRAKKLANDI!**

Af því tilefni verður mikil EM stemning. Landsliðsmenn koma í heimsókn, Meðlimir Tólfunnar verða á staðnum, fjörugur bíttimarkaður með fótboltaspjöld, krakkar fá „Áfram Ísland“ blöðrur og boðið verður upp á hressingu.
Flott tilboð hjá völdum verslunum.




Kringlan

# Ólíkindatólið



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fleiri ljón eru á vegi Hillary Clinton í prófkjöri demókrata fyrir bandarísku forsetakosningarnar en reiknað var með fyrir fáum dögum. Clinton vantar aðeins örfáa kjörmenn til að tryggja sér tilnefninguna, en verðugum andstæðingi hennar í forvalinu, Bernie Sanders, hefur vaxið ásmegin.

Prófkjör fer í fram í Kaliforníu á þriðjudag. Þar eru 546 kjörmenn í húfi. Lengi var talið að Clinton ætti sigurinn vísan en hratt hefur dregið saman með þeim Sanders. Munurinn er örfá prósent. En Sanders nægir ekki sigur á þriðjudaginn til að snúa taflinu. Þrátt fyrir tap í Kaliforníu myndi Clinton tryggja útnefninguna í New Jersey ef að líkum lætur.

Ósigur hennar yrði vatn á myllu ólíkindatólsins Donalds Trump, sem fyrir löngu hefur tryggt sér útnefningu repúblikana. Tapi Hillary í Gullna fylkinu mun hún enn þurfa að eyða dýrmætu púðri í Sanders. Á meðan þau heyja baráttu getur Trump skipulagt sína harðsnúnu sveit. Hann hefur sýnt í kosningaslagnum hjá repúblikönum að hann má ekki vanmeta. Fáum datt í hug að hann stæði uppi sem sigurvegari í sínum flokki eftir forkosningarnar. Fylgismælingar benda til að ómögulegt sé að útiloka að hann endurtaki leikinn í sjálfum forsetakosningunum. Sjálfur er hann sigurviss.

Clinton hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið. Fyrir utan langdregna baráttuna við Sanders, sætir hún opinberri rannsókn vegna meðferðar á tölvupóstum og trúnaðargögnum frá utanríkisráðherratíð sinni. Nú þegar Alríkislögreglan er komin í málið, er varla hægt að halda því fram lengur að það sé eingöngu runnið undan rifjum pólitískra andstæðinga. Þetta bætist við þá lífseigu ímynd að hún sé ósvífin og kaldlynd. Einnig er útbreidd skoðun að þau hjónin, hún og Bill Clinton, fyrrverandi forseti, tilheyri hópi forréttindafólks, sem hafi notað opinbera stöðu sína til að maka krókinn.

Clinton er framúrskarandi forsetaefni. Hún er ekki bara fyrrverandi forsetafrú. Hún þótti afburða lögmaður, sat á árum áður í stjórnum stórfyrirtækja, ein örfárra kvenna, hún var öldungadeildarþingmaður fyrir New York og síðar utanríkisráðherra. Kona hefur aldrei setið á forsetastóli í Bandaríkjunum. Tímabært er að breyta því. Kjör hennar í valdamesta embætti veraldar myndi valda straumhvörfum í jafnréttisbaráttunni.

Ef stefnumál Trumps og Clinton eru krufin er þessi staða með ólíkindum. Hennar stefna er vel ígrunduð plagg. Það sem frá honum kemur er hrærigrautur – sumt táknmyndir sjónarmiða, sem margir Bandaríkjamenn hreinlega skammast sín fyrir. Hann æpir á múslima, vill loka landamærum, er andvígur fóstureyðingum og hjónavígslum samkynhneigðra, styður almenna byssueign og er með áherslur í utanríkismálum, sem fáir fá nokkurn botn í.

Það er heiminum nauðsynlegt að koma í veg fyrir að Trump komist í Hvíta húsið. Á Clinton má finna snögga bletti. En því fyrr sem hún getur beint kröftum sínum óskiptum að hávaðaseggnum Trump, því betra. Sanders verður að meta stöðuna í því ljósi – þrátt fyrir hans brýna erindi sem hefur fengið góðar undirtektir og breytt stjórnmálaumræðunni vestanhafs til hins betra.

**Kjör hennar í valdamesta embætti veraldar myndi valda straumhvörfum í jafnréttisbaráttunni.**






Gunnar




## Mín skoðun Þorbjörg Gunnlaugs.



# Karlar kenna konum

Fyrir kosningafíkla er góð og löng kosningabarátta stórviðburður sem fer alla jafna fram á fjögurra ára fresti. Dálítið eins og EM í fótbolta. Við bíðum með eftirvæntingu eftir skoðanakönnunum, stúderum viðtöl, kortleggjum pólitískar samsæriskenningar og elskum að ræða stöðuna í baráttunni. Fyrir einhverja er atriði að eiga sér uppáhald en fyrir aðra er sjálf keppnin það sem heillar. Hápunktinum er svo auðvitað náð þegar Jóhanna Vigdís birtist á skjánum í fallegum hvítum kosningajakka. Þá er kjördagur runninn upp.

**Tveir réttir, annar skemmdur**

Kosningabarátta vegna kjörs á forseta Íslands stendur í nokkrar vikur á meðan Bandaríkin bjóða upp á baráttu sem byggir upp spennu mánuðum saman. Forsetakjör í Bandaríkjunum hefur auðvitað mikla þýðingu fyrir heiminn allan. Bandaríski matseðillinn býður hins vegar yfirleitt bara upp á tvo kosti og að þessu sinni er réttur repúblikana skemmdur. Í þessu ljósi er það ekki lítið afrek að ná að halda athygli alls heimsins svo mánuðum skiptir. Það geta síðan varla talist meðmæli með kjósendum að kannanir benda til að úrslit geti orðið tvísýn. Það gæti raunverulega farið svo að Trump verði forseti Bandaríkjanna eins lygilega og það hljómar.

Bandaríkjamenn eiga það eftir að velja sér konu sem forseta. Auðvitað yrði það glæsilegur kafli í sögunni ef arftaki Obama yrði Clinton, fyrst kvenna í þessu embætti. Þrátt fyrir að nú sé nánast öruggt að Clinton fái útnefningu Demókrataflokksins þá hefur Bernie Sanders reynst henni erfiðari en hann hefði átt að vera, t.d. í ljósi þess að hann var ekki fyrr en nýlega í Demókrataflokknum. Hann nýtur ótrúlega mikils stuðnings hjá yngstu kjósendum, stuðningur við hann er skilgreindur sem róttækt val og yfirlýsing um breytingar. Sanders er sannarlega vinstrisinnaðri en Clinton en hann er hins vegar bandarískur sósíalisti sem er dálítið annar handleggur en sósíalisti í Evrópu. Þessi þingmaður Vermont hefur til dæmis ríka samúð með byssueigendum. Í íslensku samhengi myndi pólitík Sanders teljast mátulega róttæk, sennilega í námunda við miðjuna.

**Nýr hvítur karlmaður**

Clinton og Sanders eru bæði góðir kostir. Og Sanders er dálítið sjarmerandi. Það truflar hins vegar af hvaða ástæðum margir kjósendur styðja Sanders. Hvort þeirra er raunverulega að ryðja veginn? Er svarið við kröfunni um eitthvað nýtt í Washington 74 ára hvítur karlmaður frá Vermont? Stuðningsmenn Sanders og álitsgjafar hafa náð að vinna þeirri hugmynd fylgi að kosning hans yrði róttæk og jafnvel femínískari en að kjósa konu. Þetta afrek minnir á þegar repúblikanar drógu upp mynd af Obama, svörtum syni einstæðrar móður, sem fulltrúa elítunnar af því að hann borðaði rucola-salat.

**Mansplaining**

Yfirburðir Clinton hvað varðar pólitíska reynslu eru svo miklir að það er útilokað að draga getu hennar í efa. Kannski að það sé einmitt þess vegna sem hún er gagnrýnd fyrir að vera fulltrúi ráðandi hóps og reynslan notuð gegn henni. Líkt og á EM eru frambjóðendur nefnilega ekki bara dæmdir út frá getu á vellinum heldur líka út frá öðrum og óljósari þáttum. Sanders væri í fótboltanum sagður sýna mikinn karakter og vilja.

Árið 2008 kom út ritgerðarsafnið „Men Explain Things to Me“ eftir bandaríska rithöfundinn Rebeccu Solnit þar sem hún fjallar um fyrirbæri sem síðar fékk heitið „mansplaining“. Þar er fjallað um karlmanninn sem útskýrir eitthvað fyrir konu sem veit mun meira um málefnið en hann sjálfur. Hann gefur heimilislækni með flensuna það ráð að drekka mikinn vökva. Hann útskýrir sársauka fæðingar fyrir móður. Hann segir rithöfundi frá bók sem hún skrifaði sjálf. Getur verið að framboð Hillary sé í þessari stöðu þegar framboð Sanders útskýrir femínisma fyrir henni? Þegar eldri karlmaður útskýrir fyrir konu í forsetaframboði í Bandaríkjunum að nú þurfi að velja fulltrúa fólksins? Er það ekki dálítið eins og að einhver sjónvarpsáhorfandi heima í stofu myndi útskýra fyrir Lars hvernig íslenska landsliðið komst á EM?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# 25% afsl. af húsgögnum og gjafavöru!






**Day home kaffibollar,** kr. 1.450,- stk., **nú kr. 1.088,- stk.**



**PB home** skápur
Verð frá kr. 149.000,-, nú **kr. 111.750,-**



**Camerich Crescent** sófar
Stærð: 3ja 228 x 93 cm., stóll
Verð í áklæði: 3ja sæta verð frá 379.000,-, **nú frá 284.250,-.**
Sófasett 3+1+1. Verð í áklæði frá kr. 775.000,-, **nú frá 581.250,-.**



**Elvang teppi,**
verð kr. 18.900,-, **nú kr. 14.175**



**Pb home körfur (28-40 cm)**
kr. 5.700,-, 7.900.- og 8.900.-,
**nú kr. 4.275, 5.925,- og 6.675,-**



**LSA blómavasi 25 cm,**
kr. 7.400,-, **nú kr. 5.550,-**



**LSA kanna 1,5L,**
kr. 5.300.-, **nú kr. 3.975,-**



**Asiama** tungusófi í leðri
Stærð; 250 x 158 cm
Litir; svart, ljóst og brúnt
Verð; 398.000,- , **nú kr. 298.500,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**

# Víkurgarður og verndun íslenskra garða

Arnar Birgir Ólafsson
Auður Sveinsdóttir
Ásta Camilla Gylfadóttir
Einar E. Sæmundsen
Samson B. Harðarson
Þórhildur Þórhallsdóttir
landslagsarkitektar FÍLA

Á liðnum vikum hefur mikil umræða átt sér stað í fjölmiðlum í tengslum við uppbyggingu hótels á Landssímareitnum sem mun rísa að hluta í gamla Víkurgarði við Kirkjustræti. Hér var kirkjugarður í meira en 1000 ár og er í dag skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Athygli beindist að nýju að uppbyggingu Landssímareitsins þegar undirbúningur framkvæmda hófst skömmu fyrir sl. jól með lögbundnum fornleifagreftri í þeim hluta Víkurkirkjugarðs sem framkvæmdir ná til. Við tökum undir áhyggjur annarra sem hafa tjáð sig um málið að með fyrirhuguðum framkvæmdum á þessum stað sé hætta á að gengið verði á svæði í miðborginni sem hafa frá upphafi byggðar aldrei verið lögð undir byggingar. Sama gildir um Austurvöll sem þessar framkvæmdir snerta einnig.

Innan Félags íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) hefur um árabil starfað garðsöguhópur sem hefur m.a. aflað heimilda og skráð gamla garða og staði sem eru einkennandi fyrir ákveðin tímaskeið íslenskrar garðsögu. 29. júní 2012 voru samþykkt ný lög um menningarminjar, Lög nr. 80, þar sem búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar eldri en 100 ára eru flokkaðir sem minjar á afdráttarlausari hátt en í eldri lögum. Í kjölfarið vann garðsöguhópurinn að samantekt árið 2014 er ber nafnið „Verndargildi nokkurra íslenskra garða“. Þar er ellefu elstu og þekktustu görðum landsins lýst en þeir eru allir um 100 ára gamlir. Garðarnir voru valdir vegna einstaks gildis þeirra fyrir garðsögu landsins. Þeir eru: Skriða í Hörgárdal – trjágarður frá því fyrir 1830, Víkurgarðurinn kirkjugarður í Reykjavík til 1839 síðar nefndur Fógetagarðurinn, Hólavallagarður í Reykjavík – fyrst grafið í hann 1838, Hressingarskálagarðurinn í Reykjavík – einkagarður frá því um 1865. Austurvöllur í Reykjavík – fyrsta almenningsrými á Íslandi 1875, Alþingisgarðurinn Reykjavík 1895, Múlakotsgarður í Fljótshlíð 1899, Trjáræktarstöðin á Akureyri eða Minjasafnsgarðurinn 1899, Skrúður á Núpi í Dýrafirði 1909, Lystigarður Akureyrar 1912, Hellisgerði í Hafnarfirði 1922 og Hljómskálagarðurinn í Reykjavík 1923.

**Víkurgarður er einn merkasti staður höfuðborgarinnar – staður umvafinn byggðarsögu, táknrænn fyrir þá virðingu sem við berum fyrir hvíldarstað forfeðra okkar. Andi staðarins og saga má ekki týnast í skarkala stundarhagsmuna.**



Í framhaldi af þessari vinnu fékkst styrkur úr Fornleifasjóði sem nýttur verður til að dýpka þekkingu á varðveislu lifandi minja eins og gamlir garðar eru gjarnan kallaðir. Þekkingin á þessum görðum mun hjálpa okkur að bæta umgengni við viðkvæmar minjar og vinna að trúverðugri endurgerð þeirra. Með réttum vinnubrögðum munu garðarnir áfram vera lifandi í umhverfi sínu en um leið aðlagast nýjum kringumstæðum. Í samantekt um verndargildi Víkurgarðsins í Reykjavík í greinargerð FÍLA segir: Víkurgarður hefur gegnt breytilegu hlutverki frá upphafi byggðar og hefur mikið menningarsögulegt gildi. Á svæðinu hefur verið kirkjugarður, tilraunasvæði í garðrækt, einkagarður og almenningsgarður. Í dag hefur svæðið yfirbragð torgs í borg með steinlögðu yfirborði. Víkurgarður gegnir mikilvægu hlutverki sem almenningsrými í borginni.

### Lágt verðmætamat

Staða Víkurgarðs nú er afleiðing úreltra og gamaldags viðhorfa – þar sem garðar eða hið ytra umhverfi hefur fengið lágt verðmætamat. Staðurinn hefur sannarlega gegnt margþættu hlutverki í gegnum aldirnar og er órjúfanleg tenging við upphaf byggðar í Reykjavík. Í Aðalstræti 16 á móts við garðinn eru varðveittar minjar landnámsbæjarins með sérstakri sýningu. Við kristnitökuna um árið 1000 bjó Þormóður allsherjargoði í Reykjavík og ber staðsetning kirkjugarðsins á hlaðinu við landnámsbæinn vitni um söguleg tengsl garðsins við landnám og síðar kristintöku. Þegar garðurinn var fullnýttur til greftrunar 1839 hófst nýtt mótunartímabil með tilraunaræktun nýs landlæknis í garðinum 1883. Þar fór fram mikil frumkvöðlastarfsemi á sviði garðyrkju á Íslandi og er silfurreynirinn gamli frá tíma ræktunartilrauna landlæknis og því eitt elsta tré Reykjavíkur.

Vegna sögu sinnar og staðsetningar í hjarta byggðarinnar í Reykjavík er mikilvægt að Víkurgarður njóti ákveðinnar friðhelgi og að í allri meðferð á garðinum sé nærgætni og umhyggja fyrir sögu staðarins höfð í fyrirrúmi. Víkurgarður er einn merkasti staður höfuðborgarinnar – staður umvafinn byggðarsögu, táknrænn fyrir þá virðingu sem við berum fyrir hvíldarstað forfeðra okkar. Andi staðarins og saga má ekki týnast í skarkala stundarhagsmuna.

# Hin kalda hönd kerfisins



Vilhelm G. Kristinsson
fyrrv. útvarpsmaður



Vafalaust hefur tilgangurinn með Schengen-vegabréfasamstarfinu verið góður í upphafi, þótt það samstarf og stöðugt fleira í starfsemi báknsins í Brussel sæti síaukinni gagnrýni og sýnist í raun stríða gegn hagsmunum almennings – og stundum raunar almennri skynsemi yfirleitt. Svo vill til að ég bý yfir vitneskju um sannferðugt dæmi um það hvernig Schengen-reglurnar og hérlend lagasetning í tengslum við þær virka – og sem við skoðun reynist óskiljanlegt hverjum heilvita manni.

### Gagnmenntaður hæfileikamaður

Einhleypur maður á þrítugsaldri, frá menningarríki utan Schengensvæðisins, sótti um dvalarleyfi til þess að sameinast fjölskyldu sinni (eina nána ættmenni) á Íslandi. Þetta ættmenni er móðir hans, kona, sem gift er íslenskum manni og hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt og í hvarvetna reynst traustur og gegn þjóðfélagsþegn. Ungi maðurinn er einkabarn íslenska ríkisborgarans, faðir hans er látinn og hann á engin systkin. Hann er gagnmenntaður; með mikla og haldgóða akademíska menntun í hugvísindum og fyrstu ágætiseinkunn í sérhverju fagi. Að auki hefur hann mjög góða menntun og starfsreynslu á tæknisviði og hefur unnið til fjölda verðlauna á sviði listrænnar sköpunar í kvikmyndagerð. Enn fremur býr ungi maðurinn yfir víðtækri þekkingu á Íslandi og íslensku samfélagi, sem hann hefur kerfisbundið aflað sér um árabil, auk þess að hafa góða tungumálakunnáttu. Loks má geta þess að hann hefur tandurhreinan skjöld og sakaskrá.

**Að vísu var unga manninum bent á krókaleiðir sem hann gæti reynt að fara upp á von og óvon um mögulegar jákvæðar geðþóttaákvarðanir þar til bærra stjórnvalda síðar, en þær leiðir voru fyrir neðan hans virðingu að fara.**

### Óvelkominn á Íslandi

Þrisvar hefur þessi ungi maður fengið synjun frá íslenskum stjórnvöldum um dvalarleyfi. Ástæðan er sú að hann er eldri en átján ára og hefur að dómi stjórnvalda ekki næg tengsl við Ísland (þó svo m.a. að hans eina nána ættmenni býr hér og er íslenskur ríkisborgari). Þrátt fyrir góðan atbeina þáverandi innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar, og nokkurra velviljaðra starfsmanna innanríkisráðuneytisins, kom allt fyrir ekki og Útlendingastofnun átti síðasta orðið, sem var þvert nei. Þessi maður átti ekkert erindi til Íslands. Að vísu var unga manninum bent á krókaleiðir sem hann gæti reynt að fara upp á von og óvon um mögulegar jákvæðar geðþóttaákvarðanir þar til bærra stjórnvalda síðar, en þær leiðir voru fyrir neðan hans virðingu að fara. Hann hefur nú sætt sig við þá staðreynd, að hann er óvelkominn á Íslandi og hefur mótað sína framtíðarstefnu í lífinu í samræmi við það.

### Landið opið glæpamönnum frá Schengen-ríkjum

Á sama tíma er Ísland opið hverjum sem er frá ríkjum Schengensvæðisins og skiptir þá engu hver tilgangurinn er með komu og dvöl hér á landi. Þrátt fyrir meinta kerfisbundna þöggunartilburði lögreglu, fjölmiðla og íslenskra stjórnvalda, er það til að mynda á hvers manns vörum að glæpaklíkur frá sumum þessara ríkja hafa hreiðrað um sig hér á landi og stunda fíkniefnamisferli, innbrot, þjófnaði, mansal og ofbeldisglæpi. Enn fremur hefur verið upplýst að stór hluti „útigangsmanna“ og viðskiptavina gistiskýla í Reykjavík er hér á landi á grundvelli Schengen-samstarfsins.

### Hin blinda hönd kerfisins

Hér hef ég nefnt dæmi, þar sem blind og köld hönd kerfisins strikar línur, sem hvergi má hnika og skiptir þá engu þó að almenn skynsemi, mannúðar- og siðferðissjónarmið mæli með því að svo verði gert.

# Holurnar í samfélaginu



Árni Gunnarsson
formaður Rauða krossins í Reykjavík

Sagt er að íslenskt samfélag standi óvenju vel um þessar mundir. Skuldir eru lágar og tekjur háar. Höfð voru eftir forsætisráðherra eftirfarandi orð:

„Hagkerfið stendur í blóma, kaupmáttur vex hröðum skrefum og verðbólga hefur í meira en tvö ár verið undir verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Mikill afgangur er á ríkissjóði, skuldir ríkisins lækka hratt og erlend staða þjóðarbúsins hefur aldrei verið betri. Aldrei.“

Gott ef satt er, en þessi lýsing nær samt ekki til þeirra sem allra verst eru settir í samfélaginu.

Það eru víðar holur í samfélaginu en á götum borgarinnar.

Rauði krossinn hefur einbeitt sér að því að þjóna þeim einstaklingum sem eru berskjaldaðir í samfélaginu. Orðið berskjaldaður þýðir m.a. að vera óvarinn, hlífðarlaus.

Á hverjum mánuði sinnir Rauði krossinn um 130 heimsóknum sprautufíkla, sem margir eru á vergangi, og býður þeim skaðaminnkandi ráðgjöf með aðstoð sjálfboðaliða úr hópi heilbrigðisstarfsmanna.

Rauði krossinn rekur Konukot í samkomulagi við Reykjavíkurborg en það er athvarf fyrir heimilislausar konur. Þar er boðið upp á kvöldmat og morgunmat auk næturgistingar. Undanfarið hafa verið á milli 10 og 15 gestir í athvarfinu og sjálfboðaliðar annast eldamennsku og hússtörf önnur.

Hælisleitendur sem fengið hafa hér dvalarleyfi eru margir hverjir á vergangi vegna húsnæðiseklu. Rauði krossinn býður þeim ráðgjöf og haft er opið hús tvisvar í viku þar sem þeir koma saman. Aðstæður margra í þeim hópi eru afar erfiðar, sérstaklega þar sem börn og eldra fólk er á ferðinni. Miðað við síðustu mánuði er líklegt að um eða yfir 100 hælisleitendur fái dvalarleyfi hér á landi á árinu.

### Njóta ekki veislunnar í hagkerfinu

Hér eru nefndir nokkrir af þeim hópum í samfélaginu okkar sem eru gleymdir. Ekki er fréttnæmt að segja frá þeirra högum enda fæstir þeirra að nýta kosningarétt sinn eða tala sínu máli.

Hægt er að halda áfram að telja upp hópa sem ekki njóta veislunnar í hagkerfinu. Hjúkrunarheimilin sem þjóna elsta og mest veikburða einstaklingum samfélagsins ramba mörg á barmi gjaldþrota. Það er smán.

Getum við sem þjóðfélag ekki einsett okkur að útrýma fátækt og búa heimilislausum betri aðstöðu? Getum við mismunað þeim sem hingað leita á flótta frá stríði, fátækt og náttúruhörmungum?

Fordómar stafa af ótta við hið óþekkta. Fræðumst meira um menningu og trúarbrögð annarra þjóða og þá skiljum við hvert annað betur. Horfumst í augu við heimilislausa Íslendinga og setjum okkur í þeirra spor. Mannréttindi fara ekki í manngreiningarálit né spyrja um vegabréf. Þau eru allra.

Það orðspor sem nú fer af efnahagsuppgangi á Íslandi er gott, okkur hefur tekist með undraverðum hraða að ná aftur fótfestu. En efnahagsundrið má ekki vera bara fyrir suma.

Með stuðningi við samtök eins og Rauða krossinn geta allir lagt sitt af mörkum til að gera samfélagið betra. Stuðningurinn getur verið hvort sem er regluleg fjárframlög, einstök framlög eða stuðningur í formi sjálfboðins starfs.

Verkefnin eru næg.

# YKKUR ER BOÐIÐ Á FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ HB GRANDA Á SJÓMANNADAGINN 5. JÚNÍ




**Til að fagna sjómannadeginum bjóðum við til fjölskylduskemmtunar hjá HB Granda við Norðurgarð.**

Hátíðarsvæðið opnar kl. 13:00 og boðið verður upp á fiskismakk, súpu, pylsur, kökur, kleinur og fleira góðgæti. Andlitsmálun og blöðrudýr verða á svæðinu. Frábærir skemmtikraftar sjá um fjöruga dagskrá fyrir alla fjölskylduna.



## SKEMMTIDAGSKRÁ



| | |
|---|---|
| 13:00 | Svæðið opnar |
| 14:00 | Sprengjugengið |
| 14:30 | Latibær |
| 15:00 | Sirkus Íslands |
| 15:30 | Lína Langsokkur og Eiríkur Langsokkur skipstjóri |
| 16:00 | Dagskrá lýkur |

BMX Brós verða á svæðinu að sýna listir sínar






HB GRANDI

Kynntu þér dagskrá sjómannadagsins á hatidhafsins.is

#HBGRANDI

# Svarað á sama máli



**Ingibjörg Ferdinandsdóttir,** menntunarfræðingur og íslenskukennari innflytjenda í Mími símenntun

Nýverið átti ég gott samtal við erlenda nemendur mína sem eru fullorðið fólk á talþjálfunarnámskeiði í íslensku. Í þessu samtali kviknaði á fjölmörgum perum í kollinum á okkur um mannlegt eðli. Í mannlegu eðli leynast margar ólíkar tilfinningar og þær geta einkennst meðal annars af meðvirkni en einnig samkennd. Plús allar hinar sem við förum ekki inn á hér.

Samlandar mínir, Íslendingar, eru margir hverjir nokkuð meðvirkir og oft verið talað um Ísland sem meðvirka þjóð. Við þykjum einnig oft á tíðum fljót að gleyma en kannski blessunarlega erum við upp til hópa ekkert alltof langrækin. En það er önnur saga.

Umræðuefnið með þátttakendunum á íslenskunámskeiðinu beindist að þeim hvimleiða ávana Íslendinga að svara útlendingum á ensku sem eru að spreyta sig á hinu íslenska ylhýra. Ég horfði í augun á fólkinu þennan morgun, sem er meðal annars komið alla leið frá Nepal, Filippseyjum, Bandaríkjunum og Póllandi. Öll höfðu þau sína sögu að segja af mis-vel-heppnuðum tilraunum til að tjá sig á íslensku við mismunandi aðstæður en var svarað á ensku. Ég hvatti þau einlæglega til að halda ótrauð áfram þessari „baráttu“ því hún myndi skila sér á endanum. En þetta hlýtur að vera lýjandi. Og vitiði ég get sjálf skrifað undir að svo sé, þó hún sé einungis örlítið brot af reynslu míns fólks.

Árið 2014 fór ég ásamt samstarfskonu minni í vinnuferð til Stokkhólms. Fjórða kvöldið okkar förum við stöllur á huggulegan ítalskan veitingastað þar sem starfsfólkið var ítalskt en það talaði sænsku. Sjálf tala ég ágætis sænsku eftir að hafa búið í Svíþjóð í rúm sex ár. Kannski örlar enn á gautaborgskum hreim með dassi af íslenskubroti þar sem áratugur er liðinn frá flutningum heim.

Þá var komið því að greiða fyrir matinn. Ég sagði þjóninum (á sænsku auðvitað) hvar við sátum. Hann svaraði mér á ensku og það kom mér á óvart þar sem ég vissi að hann talaði lýtalausa sænsku! Þvínæst segi ég honum, áfram á sænsku, að við vorum ánægðar með matinn og staðinn. Sami þjónn svarar mér á ensku og ég finn fyrir pirringi vakna innra með mér. Gef mig þó ekki og held áfram einhverju sænsku smátali. Hann segir „please be welcome again“ þegar við hverfum út um dyrnar.

Næst þegar þú finnur þig í þeirri stöðu að mæta útlendingi sem talar mál sem rúmlega þrjúhundruð þúsund manns í heiminum tala, viltu þá hugsa þig tvisvar um áður en þú svarar. Ef viðkomandi leggur það á sig að tala við þig á íslensku þá get ég lofað þér því að það er farsælast að svara viðkomandi á íslensku. Æfingin skapar jú meistarann, ekki satt?

# Samfélag á foraðgerðarstigi?



**Árni Davíðsson** líffræðingur

Afstaða fólks til bílastæða og hvernig það leggur bílum sínum er á margan hátt sérstök. Fullorðið fólk sem virðist eðlilegt að öllu leyti sér ekkert óeðlilegt við það að leggja bílum sínum þannig að það hindri för gangandi vegfarenda, barna, fólks í hjólastól og blinds fólks um gangstéttir, stíga og gangbrautir. Margir sjá heldur ekkert að því að hindra aðgang að bílastæðum hreyfihamlaðra eða aðgang samborgara sinna að nauðsynlegri þjónustu með því að leggja bílnum í fleiri en eitt bílastæði. Hvað veldur þessu háttalagi? Ein leið að skoða þetta er að leita í smiðju þroskasálfræðinnar til að skýra þessa hegðun. Hvað getur t.d. Piaget kennt okkur um þetta vandamál í okkar annars ágæta samfélagi?

Eitt stigið í þroska barna samkvæmt kenningum Piagets heitir foraðgerðarstig og nær um það bil yfir aldurinn 2-7 ára. Það sem einkennir þetta stig öðru fremur er orðrétt: „Annars er sjálflægni eitt megineinkenni hugsunar á foraðgerðarstiginu og kemur fram í því að barnið getur ekki séð hluti frá öðru sjónarhorni en sínu, getur ekki sett sig í spor annarra. Sjálflægni kemur meðal annars fram í leikjum barna á forskólaaldri.

**Bílar gera þar hitt og þetta, lenda í árekstrum, keyra út af, velta o.s.frv. Sjaldnast er bílstjóri bak við stýrið, sem ber ábyrgð á akstrinum. Kannski er það eins með bíl sem hefur verið illa eða ólöglega lagt? Kannski leggja þeir bara sjálfir og bílstjórinn er barasta stikkfrí og saklaust fórnarlamb bílsins? Eða hvað?**

Á þessum aldri geta börn ekki fylgt leikreglum en þau halda því samt sem áður fram að þau geri það. Þannig komst Piaget að því að börn mynda sínar eigin leikreglur og fylgir þá hvert sínum reglum.“

Þá er ekki óeðlilegt að maður spyrji sig, eru þeir sem leggja illa og ólöglega á foraðgerðarstiginu? Nei, auðvitað er ekki rétt að halda því fram að allir sem leggja illa eða ólöglega séu fastir á foraðgerðarstiginu, það væri fáránlegt. Þeir sem leggja með þessum hætti sýna hins vegar hegðun sem einkennir foraðgerðarstigið. Ég held að þetta sé frekar ákveðið menningarlegt fyrirbæri þar sem sú hefð hefur skapast að menn geta gert það sem þeim sýnist vegna þess að „allir“ aðrir gera það.

**Látið óátalið**

Það má frekar segja að samfélagið sé á foraðgerðarstigi, ekki einstaklingarnir. Þar kemur líka til að lögreglu- og bæjaryfirvöld víðast hvar, nema í Reykjavík, eru samdauna ástandinu og átta sig ekki á hvað þetta er skemmandi. Samúð þeirra er með yfirgangi bílstjóra frekar en með börnum, fötluðum og öðrum sem fyrir yfirganginum verða. Þess vegna eru kvartanir ekki teknar alvarlega af yfirvöldum og þetta látið óátalið. Nú er stundum öðru haldið fram en menn ættu í þessu sem öðru að dæma menn af verkum sínum en ekki orðum.

En hvað skyldi fleira einkenna foraðgerðarstigið? „Annað sem einkennir foraðgerðarstigið er að barnið fer að nota tákn yfir hluti. Strákar „burra“ með kubb til dæmis. Börn á foraðgerðarstiginu hafa tilhneigingu til að meðhöndla hluti eins og þeir væru lifandi og með svipaða eiginleika og fólk. Þau tala við brúðurnar sínar og finna til með þeim, það má til dæmis alls ekki stíga á bangsa því að þá meiðir hann sig.“

Minnir þetta ekki talsvert á umræðuhefðina um bíla í tilkynningum yfirvalda og fjölmiðla? Bílar gera þar hitt og þetta, lenda í árekstrum, keyra út af, velta o.s.frv. Sjaldnast er bílstjóri bak við stýrið, sem ber ábyrgð á akstrinum. Kannski er það eins með bíl sem hefur verið illa eða ólöglega lagt? Kannski leggja þeir bara sjálfir og bílstjórinn er barasta stikkfrí og saklaust fórnarlamb bílsins? Eða hvað?








# TAKTU STÖKKIÐ INN Í FRAMTÍÐINA











Verkfræði- og náttúruvísindasvið býður upp á fjölbreytt og hagnýtt nám sem hvetur til nýsköpunar og undirbýr nemendur fyrir spennandi störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

Skráðu þig í nám sem skapar atvinnu og nýja þekkingu. Umsóknarfrestur er til 5. júní.

- **Háskóli á heimsmælikvarða**
- **Tengsl við atvinnulífið**
- **Nýsköpun**
- **Áralöng reynsla**
- **Kjarnafög**
- **Öflug nemendafélög**

**Kynntu þér námið á www.von.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



**EASY**

Hornsófi
Ljós- og dökkgrátt
slitsterkt áklæði
Stærð: 305 × 220 × 95 cm.

**199.990 kr.**
~~259.990 kr.~~

**EM-TILBOÐ**
**23%**
**AFSLÁTTUR**




**UMBRIA**

Hornsófi 2H2. Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 261 × 261 × 78 cm.

**299.990 kr.** ~~399.990 kr.~~

**EM-TILBOÐ**
**25%**
**AFSLÁTTUR**



**UMBRIA**

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökk og ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 245 × 163 × 78 cm

**149.990 kr.** ~~249.990 kr.~~

**EM-TILBOÐ**
**40%**
**AFSLÁTTUR**





**EM-TILBOÐ**
**20%**
**AFSLÁTTUR**

**CHELSEA**

Þriggja sæta, bogadreginn sófi.
Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 218 x 102 x 85 cm

**119.990 kr.** ~~149.990 kr.~~





**EM-TILBOÐ**
**35%**
**AFSLÁTTUR**

**BRIGHTON**

Vandað þriggja + tveggja sæta danskt sófasett. Eikargrind með svörtu leðri.
Stærð 3ja sæta: 204 x 80 x 77 cm
Stærð 2ja sæta: 150 x 80 x 77 cm

**379.990 kr.**
~~589.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** **Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** **Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# EM-TILBOÐ



**EM-TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR**

**UMBRIA**
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 330 × 265 × 78 cm. Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði.

**335.990 kr.** ~~419.990 kr.~~



**LARAMIE**
Þriggja sæta sófi. Mjög endingargott brúnt microfiber áklæði.
Stærð: 220 x 95 x 95 cm

**169.990 kr.** ~~209.990 kr.~~

**EM-TILBOÐ 19% AFSLÁTTUR**



**LARAMIE**
Þriggja sæta sófi. Mjög endingargott brúnt microfiber áklæði. Stærð: 170 x 95 x 95 cm

**159.990 kr.** ~~199.990 kr.~~

**EM-TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR**

## EM-STÓLLINN FRÁ LA-Z-BOY®

**EM-TILBOÐ 30% AFSLÁTTUR**






**Adam**
Stílhreinn La-Z-Boy hægindastóll.
Fáanlegur í leðri og áklæði.
Leðurútgáfan fáanleg bæði rafdrifin og án rafmagns.
Stærð: B: 82 × D: 98 × H: 104 cm

ADAM Í ÁKLÆÐI
**97.990 kr.** ~~139.990 kr.~~

ADAM í leðri
**132.990 kr.** ~~189.990 kr.~~

ADAM rafdrifinn í leðri
**216.990 kr.** ~~309.990 kr.~~

Þú finnur nýja EM-tilboðsbæklinginn á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN





Stelpurnar fagna marki Gunnhildar Yrsu í gær en óhætt er að segja að stelpurnar hafi farið á kostum í leiknum. MYND/HAFLIÐI BREIÐFJÖRÐ

# Frábær leikur hjá stelpunum

**Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu er nánast búið að tryggja sér farseðilinn á EM eftir glæsilegan 0-4 sigur á Skotum í Falkirk í gær. Landsliðsþjálfarinn sagði þetta vera besta leik liðsins undir hans stjórn.**

**FÓTBOLTI** „Ég get ekki neitað því að vera afar sáttur. Ég held að við getum sagt að þetta hafi verið besti leikur liðsins undir minni stjórn. Fyrirfram hefði ég verið sáttur við eins marks sigur í hörkuleik,“ segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari glaðbeittur eftir sigurinn glæsilega á Skotum í gær.

Þarna mættust bestu lið riðilsins og þau voru bæði ósigruð. Eftir þennan leik er aðeins Ísland ósigrað og ekki heldur búið að fá á sig mark.

Stelpunum dugar sigur gegn Makedóníu á þriðjudag til að gulltryggja EM-sætið. Makedónía er stigalaust í riðlinum og Ísland vann leikinn gegn þeim ytra, 0-4. Ef stelpurnar spila sinn eðlilega leik ætti farseðillinn á EM að vera klár.

### Frábærar sjö mínútur

Þrátt fyrir mikla yfirburði nær allan leikinn í gær var Ísland aðeins með eins marks forskot í hálfleik. Markið skoraði Hallbera Guðný Gísladóttir beint úr aukaspyrnu. Svekkjandi miðað við hversu vel liðið var að spila. Skipulagið frábært og stelpurnar sterkari og grimmari í öllum aðgerðum.

Það var aftur á móti frábær sjö mínútna kafli eftir rúmlega klukkutíma leik sem gerði út um leikinn. Þá skoraði íslenska liðið þrjú góð skallamörk. Harpa Þorsteinsdóttir, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir með skallamörkin góðu.

Skotar fengu tækifæri til þess að komast á blað í uppbótartíma en vítaspyrna Kim Little fór í stöngina. Íslenska liðið er því ekki enn búið á að fá á sig mark í riðlinum eins og áður segir.

### Þeirra stjörnur sáust ekki

„Liðið var mjög vel undirbúið og skilaði toppframmistöðu. Ég upplifði að við værum klassa betri. Að við værum algjörlega með þær. Þeirra stjörnur sáust ekki í leiknum. Undirbúningurinn snérist mikið um að þora að halda boltanum og spila í stað þess að lúðra fram og vona það besta. Það þarf hugrekki til þess að halda í boltann og spila milli lína. Við tímasettum þetta allt mjög vel,“ segir Freyr og það leynir sér ekki hvað hann er stoltur af sínu liði.



Harpa Þorsteinsdóttir skoraði í gær og lagði upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við vorum að hápressa á útivelli gegn mjög góðu liði. Það eru ekkert margir sem þora því og mér fannst við gera það virkilega vel.“

### Hvað ef það kemur drullumark?

Freyr viðurkennir að hafa ekki liðið allt of vel með 1-0 forskotið þó svo yfirburðirnir hafi verið miklir.

„Ég hugsaði hvað ef það kemur eitthvert drullumark? Hvað myndi þá gerast í leiknum? Liðið hélt aftur á móti dampi og það sýnir ákveðin karaktereinkenni. Að vera ekkert að slaka á. Við komum í síðari hálfleikinn af fullum krafti og ætluðum að ná í annað markið,“ segir landsliðsþjálfarinn sem er mjög stoltur af því að liðið sé ekki enn búið að fá á sig mark í riðlakeppninni.

„Fyrir mig er það æðislegt. Maður elskar það að fá ekki á sig mark og vonandi höldum við áfram að halda hreinu. Stöngin kom sterk inn til aðstoðar í kvöld. Ási aðstoðarþjálfari sagði fyrir vítið að skotið myndi enda í stönginni. Hann er alveg með þetta, kallinn.“

> Makedónía er með lélegt lið. Við munum ekki sýna neina miskunn heldur spila af krafti og klára þetta með toppframmistöðu.
>
> Freyr Alexandersson

### Makedónía er með lélegt lið

Landsliðsþjálfarinn fer ekkert í grafgötur með að hans lið sé komið með einn og hálfan fót á EM. Hann gerir þá kröfu að stelpurnar klári dæmið gegn Makedóníu á þriðjudag.

„Við ætlum að klára þetta á þriðjudag svo fólk geti farið að panta sér hótel og svona. Þær eru lélegar. Því er ekki hægt að neita og ég vil að við klárum það verkefni með sóma. Það er ekki okkur að kenna að þær séu ekki betur settar en þetta í fótbolta. Við munum ekki sýna neina miskunn. Munum spila af krafti og klára þetta með toppframmistöðu. Það kemur ekkert annað til greina.“ **henry@frettabladid.is**

## 6 dagar í EM 2016

Íslenski riðillinn á EM í Frakklandi er eini riðillinn á Evrópumótinu í ár þar sem ekki eru fyrrverandi Evrópumeistarar, ef við skrifum EM-gull Sovétmanna frá 1960 á Rússana. Portúgal komst næst Evrópumeistaratitlinum þegar liðið spilaði til úrslita á heimavelli á EM 2004 og tapaði þá 1-0 fyrir spútnikliði Grikkja. Ungverjar, sem eru að spila á sínu fyrsta EM í 44 ár, urðu í þriðja sæti 1964 og fjórða sæti 1972. Austurríki komst ekki upp úr sínum riðli á heimavelli á sínu eina Evrópumóti árið 2008 og Ísland er á EM í fyrsta sinn.



BÚIÐ SPIL HJÁ ALEXANDER?

Alexander Petersson er ekki í leikmannahópi íslenska landsliðsins í handbolta sem mætir Portúgal í umspilsleikjum heima og að heiman um miðjan mánuðinn en í boði er farseðill á heimsmeistarakeppnina í Frakklandi í janúar á næsta ári.

Geir Sveinsson landsliðsþjálfari sagði að Alexander gæfi ekki kost á sér í þetta verkefni. „Hvort hann sé búinn að spila sinn síðasta landsleik veit ég ekki,“ sagði Geir um örvhentu skyttuna.

Geir sagðist hafa talað þrisvar sinnum við Alexander um verkefnið en á endanum ákvað hann að gefa ekki kost á sér. Aðspurður hvort um meiðsli væri að ræða eða aðrar ástæður svaraði Geir:

„Það hefur verið gríðarlegt álag á honum en ástæðurnar eru ýmsar. Ég skil ákvörðun hans þó ég sé henni ekki sammála,“ sagði Geir Sveinsson nokkuð svekktur með að geta ekki beitt Alexander í þessum mikilvægum leikjum.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 15.50 | **ÍBV - KR** | Sport |
| 16.30 | **Memorial Tournam.** | Golfstöð |
| 21.00 | **Kosta Ríka - Paragvæ** | Sport 2 |
| 22.00 | **Sumarmessan** | Sport |
| 23.30 | **Haítí - Perú** | Sport |
| 02.00 | **Brasilía - Ekvador** | Sport |

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | **ÍBV - KR** | Hásteinsvöllur |
| 14.00 | **KA - Keflavík** | Akureyrarv. |
| 14.00 | **Haukar - Huginn** | Ásvellir |
| 14.00 | **Fjarðabyggð - HK** | Eskjuvö. |
| 15.00 | **Fram - Leiknir F.** | Valsvöllur |
| 16.00 | **Selfoss - Þór** | JÁVERK-völlur |

## Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 13.00 | **Demantamótaröð** | Sport |
| 16.00 | **Memorial Tournam.** | Golfst. |
| 16.50 | **Valur - Stjarnan** | Sport |
| 19.30 | **Breiðablik - FH** | Sport |
| 21.00 | **Jamaíka - Venesúela** | Sport 3 |
| 22.00 | **Sumarmessan** | Sport 2 |
| 22.00 | **Pepsi-mörkin** | Sport |
| 00.00 | **Mexíkó - Úrúgvæ** | Sport 2 |
| 00.00 | **NBA: Warriors-Cavs** | Sport 2 |

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | **Víkingur Ó. - Fylkir** | Ólafsvík |
| 17.00 | **Valur - Stjarnan** | Valsvöllur. |
| 19.15 | **ÍA - Þróttur R.** | Norðurálsv. |
| 19.15 | **Fjölnir - Víking R.** | Extra vö. |
| 20.00 | **Breiðablik - FH** | Norðurálsv. |



Húsnæðislán

# Kaup og sala sérbýla - hvað þarf að hafa í huga?

**Íslandsbanki heldur opinn fræðslufund miðvikudaginn 8. júní kl. 17.15-18.30 í útibúi okkar á Granda. Á fundinum mun Magnús Árni Skúlason hjá Reykjavík Economics kynna nýja skýrslu um húsnæðismarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu með sérstaka áherslu á sérbýli.**

Fundurinn er ætlaður þeim sem hafa hug á að kaupa eða selja sérbýli. Leitast verður að við að svara eftirfarandi spurningum, svo og öðrum þeim er kunna að brenna á fólki:

- Er skynsamlegt að kaupa sérbýli í dag?
- Er næg eftirspurn eftir sérbýli?
- Hvað þarf að hafa í huga þegar sérbýli er keypt?
- Hvað ef ég ætla að minnka við mig?

Fundurinn er öllum opinn en vakin er athygli á því að sætaframboð er takmarkað. Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Skráðu þig á www.islandsbanki.is/husnaedismal
eða í síma 440 4000

Dagskrá:

**Eru kynslóðaskipti framundan á sérbýlismarkaði?**
Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics

**Hvernig kanna ég ástand sérbýla?**
Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, fagstjóri hjá EFLU verkfræðistofu

**Þjónusta Íslandsbanka við kaup og sölu húsnæðis**
Finnur Bogi Hannesson, vörustjóri hjá Íslandsbanka

islandsbanki.is   Netspjall   Sími 440 4000   Facebook

Íslandsbanki



Lars Lagerbäck gerði Aron Einar Gunnarsson að fyrirliða strax í þriðja leik íslenska landsliðsins undir hans stjórn og Aron Einar hefur haldið fyrirliðabandinu síðan eða í fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Eitt met í höfn og annað í sjónmáli

Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska fótboltalandsliðsins, leiddi íslenska landsliðið inn á völlinn í 32. sinn á Ullevaal-leikvanginum í Ósló í vikunni og setti með því nýtt met hjá A-landsliði karla. Hann hefur spilað fleiri landsleiki sem fyrirliði en óbreyttur.

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck var ekki mjög lengi að finna framtíðarfyrirliða íslenska landsliðsins þegar hann tók við liðinu árið 2012 og var óhræddur að setja bandið á Aron Einar Gunnarsson, þá aðeins 23 ára gamlan.

Nú fjórum árum síðar hefur Aron Einar leitt íslenska liðið út á völlinn oftar en nokkur annar í sögu íslenska karlalandsliðsins.

Aron Einar hefur nú verið fyrirliði íslenska liðsins í öllum þeim 32 landsleikjum sem hann hefur spilað frá því í lok maí 2012 þegar hann bar bandið í fyrsta sinn.

Lars setti fyrirliðabandið á Aron Einar fyrir leik á móti Frökkum í Valenciennes og var hann þá yngsti fyrirliði liðsins í 35 ár eða síðan Ásgeir Sigurvinsson bar bandið aðeins 22 ára og fjögurra mánaða í leikjum á móti Hollandi og Belgíu haustið 1977.

Metið átti Aron Einar með þeim Atla Eðvaldssyni og Eiði Smára Guðjohnsen sem eru þeir einu ásamt Guðna Bergssyni sem hafa leitt íslenska landsliðið út á völlinn oftar en 30 sinnum.

Metið féll á Ullevaal-leikvanginum í Ósló á miðvikudagskvöldið og það á Aron Einar nú einn.

**Ekki að hugsa um að slá met**

„Ég hef oft pælt í þessu en vissi ekki að þetta hefði gerst í Noregsleiknum. Það er gaman að þessu. Maður hugsar ekki alveg um það að slá einhver met og það er kannski aðeins aftan í hausnum," segir Aron Einar.

Eiður Smári Guðjohnsen hafði jafnað met Atla Eðvaldssonar þegar hann var fyrirliði í þremur vináttulandsleikjum í janúar í forföllum Arons Einars.

Atli Eðvaldsson var búinn að eiga metið síðan árið 1991 þegar hann bætti met bróður síns, Jóhannesar Eðvaldssonar.

Jóhannes var fyrirliði íslenska liðsins í 27 leikjum og bætti á sínum tíma met Ríkharðs Jónssonar. Atli missti sæti sitt í landsliðinu þegar Ásgeir Elíasson tók við af Svíanum Bo Johannsson. Atli hafði ekki aðeins bætt fyrirliðametið þetta sumar heldur einnig landsleikjametið en spilaði ekki fleiri landsleiki eftir að Ásgeir tók við.

**Guðna vantaði bara einn leik**

Guðni Bergsson var aðeins einum leik frá metinu þegar Guðjón Þórðarson setti hann óvænt út úr landsliðinu fyrir útileik á móti Rúmeníu í september 1997. Guðni spilaði ekki fleiri leiki undir stjórn Guðjóns og var ekki með landsliðinu aftur fyrr en í mars 2003 þegar Atli, þá landsliðsþjálfari, kallaði á hann. Í þeim leik var það þó Rúnar Kristinsson sem bar fyrirliðabandið.

> **Atli Eðvaldsson átti fyrirliðametið í 9.163 daga eða í 25 ár og 1 mánuð.**

Í tveimur síðustu landsleikjum Guðna voru Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson teknir við og Eiður Smári, aðalstjarna liðsins, kominn með fyrirliðabandið.

Leiðtogahæfileikar Arons Einars eru miklir, bæði hvernig hann spilar inni á vellinum sem og hvernig hann tæklar ábyrgðarhlutverk sitt utan hans. Hann þarf í raun ekkert fyrirliðaband. Eitt glappaskot úti í Albaníu þroskaði hann mikið og kappinn hefur ekki stigið feilspor síðan. Það mun heldur enginn gleyma því þegar Aron Einar fórnaði fæðingu fyrsta barnsins síns til að geta hjálpað íslenska liðinu í mjög mikilvægum leik úti í Kasakstan.

Hann er ímynd liðsins, dugnaðarforkur sem fórnar öllu fyrir liðið og er aldrei betri en í 90 mínútur eftir að hann heyrir íslenska þjóðsönginn.

**Enn bara 27 ára gamall**

Aron Einar er enn bara 27 ára gamall og hefur þegar spilað fleiri landsleiki sem fyrirliði (32) en sem óbreyttur leikmaður (26). Hann hefur því tækifæri til að bæta við mörgum leikjum sem fyrirliði og vonandi verða þeir sem flestir.

Annað met er líka í augsýn því leiði Aron Einar Gunnarsson íslenska liðið út í alla leikina í riðlakeppni Evrópumótsins í Frakklandi þá tekur hann líka metið yfir flesta leiki sem fyrirliði í keppnisleikjum. Eiður Smári hefur enn tveggja leikja forskot á fyrirliða sinn í dag.

ooj@frettabladid.is

## Fyrirliðamet íslenska karlalandsliðsins í fótbolta 1946–2016:

**Oftast fyrirliði landsliðsins**

- Aron Einar Gunnarsson - 32
- Eiður Smári Guðjohnsen - 31
- Atli Eðvaldsson - 31
- Guðni Bergsson - 30
- Jóhannes Eðvaldsson - 27
- Ríkharður Jónsson - 24
- Hermann Hreiðarsson - 24
- Marteinn Geirsson - 22
- Eyjólfur Sverrisson - 19
- Sigurður Jónsson - 18
- Rúnar Kristinsson - 11
- Sævar Jónsson - 11
- Jóhannes Atlason - 11

**Methafarnir**

- Brandur Brynjólfsson 1946-1949
- Albert Guðmundsson 1947-1949
- Sigurður Ólafsson 1948-1953
- Karl Guðmundsson 1951-1957
- Ríkharður Jónsson 1957-1979
- Jóhannes Eðvaldsson 1979-1991
- Atli Eðvaldsson 1991-2016
- Eiður Smári Guðjohnsen 2016
- Aron Einar Gunnarsson 2016-



**Oftast fyrirliði í keppni**

- Eiður Smári Guðjohnsen - 23
- Aron Einar Gunnarsson - 21
- Guðni Bergsson - 19
- Atli Eðvaldsson - 18
- Jóhannes Eðvaldsson - 16
- Hermann Hreiðarsson - 13
- Eyjólfur Sverrisson - 12
- Sigurður Jónsson - 11
- Marteinn Geirsson - 11
- Ásgeir Sigurvinsson - 7
- Ríkharður Jónsson - 6
- Sigurður Grétarsson - 5

**Oftast fyrirliði í EM**

- Eiður Smári Guðjohnsen - 15
- Atli Eðvaldsson - 13
- Jóhannes Eðvaldsson - 12
- Aron Einar Gunnarsson - 10
- Guðni Bergsson - 8
- Sigurður Jónsson - 8
- Hermann Hreiðarsson - 6

**Oftast fyrirliði í HM**

- Aron Einar Gunnarsson - 11
- Guðni Bergsson - 11
- Eyjólfur Sverrisson - 10
- Eiður Smári Guðjohnsen - 8
- Hermann Hreiðarsson - 7
- Marteinn Geirsson - 7
- Ásgeir Sigurvinsson - 6

**Fyrirliðar síðan Lars Lagerbäck tók við liðinu árið 2012**

- Aron Einar Gunnarsson - 32
- Kolbeinn Sigþórsson - 4
- Eiður Smári Guðjohnsen - 3
- Sölvi Geir Ottesen - 2
- Helgi Valur Daníelsson - 1
- Grétar Rafn Steinsson - 1
- Ari Freyr Skúlason - 1
- Hallgrímur Jónasson - 1
- Emil Hallfreðsson - 1




Volvo XC60 AWD er búinn sparneytinni og aflmikilli D4 dísilvél með sjálfskiptingu sem skilar 190 hestöflum og 420 Nm togi. Veghæð Volvo XC60 er 23,5 cm undir lægsta punkt. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði eins og rafdrifinni opnun á afturhlera, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, vélarhitara með tímastilli, tölvustýrðri loftkælingu með hitastýringu (ECC), lofthreinsikerfi og Volvo High Performance Sensus Connect hljómtækjum með 7" skjá, internettengingu og DVD spilara. Volvo XC60 Executive kemur á 18" Leda álfelgum og er búinn leðurklæddum sportsætum. Ökumannssætið er rafdrifið með minni. Í innra rýminu er jafnframt TFT digital mælaborð. Aðgengi og ræsing er lyklalaust. Bíllinn er búinn fyrsta flokks öryggisbúnaði en þar má nefna margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi (City Safety). Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er 5,7 l/100 km og $CO_2$ losun er 149 g/km. Volvo XC60 er einnig fáanlegur beinskiptur frá 7.580.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN




Páll Óskar skemmti síðast á Sjóaranum síkáta árið 2013 og veit fyrir víst að Grindvíkingar eru kröfuharðir á sjómannadansleikina sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Leggur Grindavík undir sig

**Páll Óskar Hjálmtýsson** eyðir sjómannadagshelginni suður með sjó. þar sem hann skemmtir ásamt Geimförunum.

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is

Mig grunar að Grindavík verði stútfull í tilefni helgarinnar," segir Páll Óskar Hjálmtýsson sem ætlar sér að skemmta sjóurum og öðrum á risastóru balli sem fram fer í íþróttahúsi bæjarins. Um er að ræða sérlegt sjómannadagsball, sem fyrir löngu er orðið að hefð á bæjarhátíð Grindvíkinga, Sjóaranum síkáta.

Páll Óskar slær reyndar tvær flugur í einu rothöggi, því hann lét einnig til sín taka á Bryggjuballinu í Grindavík í gærkvöldi þar sem hann hristi rækilega upp í yngstu kynslóð aðdáenda sinna.

„Ég mæti svo í íþróttahúsið með hljómsveitinni Geimförunum frá Grindavík í kvöld. Þá ætla ég sumsé aðeins að breyta út af vananum og vera með lifandi hljómsveit. Við erum búnir að grafa upp svolítið gamalt efni sem ég hef ekki sungið í mörg ár," útskýrir hann og hefur upptalninguna, mjög greinilega spenntur; „ Negro José, Ástin dugir, Heródes, Söngur um lífið, Taumlaus transi og mörg fleiri svona gömul og góð. Ég hef ekki sungið þessi lög í lengri tíma og það leggst svo vel í mig. Undanfarið hef ég verið að dusta rykið af þessu og mér til mikillar furðu, þá kann ég þetta allt enn þá. Hvern einasta texta. Ég er sumsé ekki enn farinn að kalka, þetta er líklega allt pikkfast í miðtaugakerfinu," segir hann og hlær innilega.

Gleðin mun hefjast klukkan 23.00 á laugardagskvöldið og segist Páll Óskar geta tekið vel á móti allavega þúsund manns

Palli bendir þó skilmerkilega á að ekki fari nokkur maður svikinn heim, því hann muni sannarlega þeyta skífunum sínum og taka Pallasmellina sína eftir að Geimfararnir hafa yfirgefið sviðið. Þá muni hann gera allt vitlaust uns sólin komi upp.

Spurður hvort hann stefni svo á að taka hefðbundna sjómannadagssiglingu á sunnudeginum í Grindavík segist hann ekki líklegur til stórræðanna í því samhengi. „Ég reikna með að vera sofandi á mitt græna. Þessi helgi verður geggjuð, enda kalla Grindvíkingar ekki allt ömmu sína þegar kemur að sjómannadagsgleðinni," bendir hann á að lokum.



Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

WWW.NISSAN.IS

NISSAN
Innovation that excites

# NISSAN X-TRAIL

RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI
FÁANLEGUR 7 SÆTA



**TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR**

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

**NISSAN X-TRAIL**
**ACENTA, SJSK., DÍSIL**
Framhjóladrifinn
**Verð: 5.390.000 kr.**
Eyðsla 5,1 l /100 km*

**NISSAN X-TRAIL**
**ACENTA, BSK., DÍSIL**
Fjórhjóladrifinn
**Verð: 5.790.000 kr.**
Eyðsla 5,3 l /100 km*

**ACENTA** 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth
**Nissan Connect kerfi**: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.


**360° MYNDAVÉLATÆKNI**


**NISSAN CONNECT**


**ÖRYGGISHJÚPUR**

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM75485



Guðni Bergsson, Arnór Guðjohnsen og Pétur Pétursson eru allir bjartsýnir á gott gengi strákanna okkar á EM í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Engin heppni að Ísland er á EM

Strákarnir okkar í karlalandsliðinu í fótbolta hefja leik á Evrópumótinu í Frakklandi 14. júní. Gullkynslóðin svokallaða ber uppi fyrsta karlaliðið sem kemst á stórmót en árangurinn er afrakstur áratugar langrar uppbyggingar. Fréttablaðið settist niður með þremur goðsögnum íslenska landsliðsins, **Arnóri Guðjohnsen, Guðna Bergssyni og Pétri Péturssyni**, og ræddi um íslenska landsliðið bæði í dag og þegar þeir voru að spila og hlutirnir voru gerðir öðruvísi.

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is



Arnór mætti nú aldrei í leiki fyrr en í seinni hálfleik þannig að eðlilega er hann seinn núna," segir Pétur Pétursson og Guðni Bergsson hlær þegar þessar tvær goðsagnir landsliðsins standa með blaðamanni og ljósmyndurum Fréttablaðsins á torginu í Skaftahlíðinni.

Arnór er þó ekki nema þremur mínútum of seinn. Þegar hann mætir faðmast þeir allir innilega og léttu skotin úr klefanum byrja og húmorinn er í fyrirrúmi. Þetta er eins og að fylgjast með hermönnum sem stóðu saman í styrjöld og börðust fyrir sama málstað hittast mörgum árum síðar. Þeir upplifðu margt saman og eignuðust vini fyrir lífstíð. Enda er fótboltinn og sérstaklega landsleikir stríð út af fyrir sig.

„Það eru sérstök tengsl sem myndast þegar menn taka þátt í svona baráttu saman með liði og sérstaklega landsliði. Við spiluðum náttúrlega saman í mörg ár, allir, og supum marga fjöruna þannig að maður finnur fyrir tengslum og þegar við hittumst er því stutt í búningsherbergjamóralinn," segir Guðni og Pétur tekur undir orð miðvarðarins magnaða.

„Þegar maður hættir í fótbolta saknar maður félagsskaparins mest. Þetta er búin að vera rútína hjá þér í 20-30 frá því maður byrjaði í yngri flokkunum en allt í einu er lokað á þig eða þú ert hættur og ferð að gera eitthvað annað. Maður fattar það ekki fyrr en mörgum árum seinna hvað maður saknar félagskaparins," segir Pétur.

Arnór heldur sig fyrst til hlés en grípur svo orðið: „Ég man alltaf þegar maður kom heim í landsleiki og við strákarnir hittumst. Það var alltaf skemmtileg spenna í kringum það og skemmtilegur mórall. Þetta var ákveðin vítamínsprauta frá því að vera úti í stressinu að spila. Það gat gert margt fyrir mann að hitta bara félagana og það var kannski engu síðra en að spila leikina. Svo öðru hverju tókst okkur kannski að vinna leik," segir Arnór og strákarnir hlæja.

„Það var ánægjulegt og kom alltaf þægilega á óvart þegar það tókst," segir Guðni og Pétur nýtir tækifærið til að skjóta á Þorgrím Þráinsson: „Það sem var að, var að Toggi var í liðinu. Ef hann hefði ekki verið í liðinu þá hefði gengið betur." Allir hlæja.

## Tíu færi – eitt mark

Karlalandsliðið í dag er komið á stórmót og var einnig nálægt því 2013 þegar liðið tapaði í umspili gegn Króatíu. Áður hefur íslenska liðið gert sér vonir um að komast á stórmót eins og fyrir HM 1990 þegar liðið gerði grátlegt jafntefli við Austurríki á heimavelli í leik sem það átti að vinna. Þremenningarnir voru allir að spila með landsliðinu á þeim tíma. Einnig átti Ísland góða undankeppni fyrir EM 1996 þar sem Arnór og Guðni voru og Guðni var svo aftur í séns í endurkomunni fyrir EM 2004 þar sem frægur leikur gegn Þýskalandi tapaðist á útivelli í lokaumferðinni.

> **ÞETTA VAR FYRSTI LEIKURINN SEM ÉG MAN EFTIR ÞAR SEM VAR TILKYNNT Í FJÖLMIÐLUM AÐ ÍSLAND VÆRI AÐ FARA AÐ VINNA STÓRSIGUR. ÞAÐ VAR ÓTRÚLEGT AÐ HORFA UPP Á ÞETTA.**

Þeir félagarnir eru beðnir um að rifja upp Austurríkisleikinn sem voru kannski mistök hjá blaðamanni. „Ég var meiddur í þeim leik," segir Arnór. „Enda gekk okkur mjög vel í þeim leik," skýtur Guðni á hann og Pétur hlær. „Ég fékk ekki að spila leikinn gegn Austurríki. Siggi Grétars spilaði þann leik og fékk tíu færi og skoraði eitt mark," segir Pétur.

Guðni heldur áfram: „Við áttum að vinna þennan leik. Þarna var Sigfried Held að þjálfa okkur og við vorum með ansi góðan hóp. Held kom inn með öðruvísi sýn á þetta. Hann var með mikinn metnað og var kröfuharður. Ég tel okkur hafa svarað því vel en því miður tókst okkur þetta ekki alveg. Við vorum ekki langt frá því að vera í raunverulegri baráttu um að komast á stórmót."

Á þessum tíma var mikill hugur í mönnum: „Stundum þegar maður hugsar til baka leiðir maður hugann að viðtölum sem maður fór í. Ég man eftir viðtali sem ég fór í árið 1987 þar sem ég sagði að það væri ekkert rosalega langt þar til við færum á eitthvert stórmót. Þetta var einhvers staðar á sveimi í hausnum á okkur. Við töldum þetta möguleika," segir Pétur.

## Miklar væntingar

Væntingar íslensku þjóðarinnar eru eitthvað sem íslenskir íþróttamenn og sérstaklega landslið á stórmótum hafa fengið að kynnast. Karlalandsliðið í handbolta hefur líklega farið verst, eða best, út úr því hvernig sem á það er litið. Þjóðin hefur ákveðnar væntingar til karlalandsliðsins í fótbolta og það var byrjað um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Frægt er dæmið um leikinn gegn Austur-Þýskalandi sem svo tapaðist, 6-0.

„Þetta var fyrsti leikurinn sem ég man eftir þar sem var tilkynnt í fjölmiðlum að Ísland væri að fara að vinna stórsigur. Það var ótrúlegt að horfa upp á þetta. Svo mættu Austur-Þjóðverjarnir bara til leiks og rúlluðu yfir okkur," segir Pétur.

Arnór man vel eftir þessu: „Það mynduðust rosalegar væntingar og kannski eðlilega því þetta var hálfgerður úrslitaleikur."

Guðni er léttur og segir: „Ég var á bekknum í þessum leik og því fór sem fór. Þarna voru alveg gríðarlegar væntingar og menn stóðust ekki alveg það álag og við runnum á rassinn með þetta. Þetta var ekki góður dagur."

En hvernig eiga strákarnir okkar að tækla þessar væntingar í Frakklandi? „Ég held að það sé frekar einstaklingsbundið hvernig menn taka á þessari spennu sem myndast. Það hefur þó sýnt sig í þessari keppni að samstaðan hefur komið þessu liði áfram. Strákarnir hafa unnið sem einn maður inn á vellinum. Það hafa verið æfingaleikir núna sem hafa tapast en ég held það sé bara hollt fyrir þá. Ég held að liðið sé að komast að því hvað það getur leyft sér og hvað ekki. Ég hef samt fulla trú á því að þeir detti aftur inn í þann andlega pakka sem þeir voru í í riðlinum.

Bergstaðir
Kolaport
Ráðhúsið
Stjörnuport
Traðarkot
Vesturgata
Vitatorg

# Sól og súpa

## LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Hafið á hug okkar allan á laugardag. Víða um miðborgina verður hægt að gæða sér á ljúffengri fiskisúpu og dillandi harmonikkutónlist hljómar um borg og bí. Fáðu sjávarsæluna beint í æð og nýttu þér spennandi tilboð í verslunum – eða sestu niður og fáðu þér hressingu.

**Ljúffeng fiskisúpa fyrir gesti og gangandi frá kl. 13**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kjólar og konfekt** | Laugavegi 92 | **Iceland Nature** | Laugavegi 24 |
| **Kokka** | Laugavegi 47 | **Fló og Fransí** | Klapparstíg 44 |
| **Eva** | Laugavegi 26 | **GK Reykjavík** | Skólavörðustíg 6 |
| **Profil Optik** | Laugavegi 24 | **Íslenski barinn** | Ingólfsstræti 1a |

**Viðburðir í júní**

| | |
|---|---|
| **4. júní** | Langur laugardagur / Fiskisúpudagur / Hátíð hafsins |
| **5. júní** | Sjómannadagurinn |
| **11. júní** | The Color Run |
| **14.–18. júní** | Íslenskir dagar |
| **16.–19. júní** | Reykjavík Midsummer Music |
| **16.–19. júní** | Secret Solstice |
| **17. júní** | Þjóðhátíðardagurinn |
| **18. júní** | The International Organ Summer |

Við mælum með öppunum **REYKJAVÍK CITY GUIDE** og **REYKJAVÍK RESTAURANTS AND BARS**. Full af fróðleik og þægileg í notkun. Sækja má öppin í App Store og Google Play.

**Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin**


BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ
HB GRANDI


**MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!**
**— WWW.MIDBORGIN.IS —**

MIÐBORGIN OKKAR

Þetta er einstakt tækifæri fyrir þá líka til að sýna sig," segir Arnór.

**Eiður mikilvægur**

Það var nánast klappað í salnum á blaðamannafundi landsliðsins þegar hópurinn var tilkynntur og menn sáu að Eiður Smári Guðjohnsen færi með. Það langar alla fótboltaáhugamenn að sjá hann loka hringnum og setja punkt fyrir aftan 30 ára fótboltaarfleifð Guðjohnsen-feðga til Íslendinga með því að spila á stórmóti. Eiður á reyndar þrjá syni sem allir eru líklegir til að gleðja landann næstu áratugi. En það er önnur saga.

„Ég er hrikalega ánægður fyrir hans hönd og sérstaklega að hann fái þetta tækifæri á hans aldri. Auðvitað er ég samt sammála Eiði sjálfum í því að það hefði verið gaman fyrir hann að vera á toppi ferilsins á svona móti. Hann getur samt smitað út frá sér jákvæðni og reynslu og getur peppað strákana upp. Hann er í dag ekkert síður mikilvægur fyrir liðið utan vallar en innan," segir Arnór, en hvað telja hinir tveir að hann færi landsliðinu í Frakklandi?

Pétur: „Hann er þarna inni með fullt af reynslu, búinn að spila stóra leiki með stórum liðum. Eiður þekkir þetta umhverfi og pressuna sem fylgir svona stórleikjum. Ég man nú alltaf eftir ræðu Eiðs Smára þegar við Ólafur vorum að þjálfa liðið eftir 2-2 jafntefli gegn Noregi. Þá tók hann sig til og hélt frábæra ræðu inni í klefa. Það eru svoleiðis hlutir sem Eiður þarf að koma með inn í þetta þó hann sé ekki alltaf inni á vellinum.

Guðni: „Mínúturnar sem Eiður Smári hefur spilað hafa ekki verið margar en verið mjög góðar. Vægi hans í hópnum er mikið og hann hefur alla þessa reynslu. Hann hefur líka góðan húmor og ég veit að hann er að miðla til strákanna og er til taks fyrir þá. Það má samt ekki gleyma því sem hann færir liðinu sem leikmaður. Hann hefur svo mikla hæfileika sem geta nýst okkur."

Eiður fór langt með að hætta í landsliðinu eftir tapið fyrir Króatíu í nóvember 2013 en er nú hálfu þriðja ári seinna á leið með strákunum okkar á EM.

„Ég held að hann hafi talað svolítið í svekkelsinu því hann batt miklar vonir við þessa leiki. Það er nú stundum þannig að maður segir eitthvað og sér eftir því vegna þess að maður á nóg eftir og hefur eitthvað að gefa af sér. Ég held að svekkelsið hafi talað akkúrat á þessum tímapunkti og honum fundist hann ekki eiga meira að gefa fyrir liðið. En svo hverfa menn aftur til nútíðar," segir Arnór um son sinn.



## Arnór Guðjohnsen

**Fæddur** 30. apríl 1961
**Leikmannsferill:** Víkingur, Lokeren, Anderlecht, Bordeaux, Häcken, Örebro, Valur, Stjarnan.
**Landsleikir (mörk):** 73 (14)
**Þjálfaraferill:** Stjarnan



## Guðni Bergsson

**Fæddur** 21. júí 1965
**Leikmannsferill:** Valur, 1860 München, Tottenham, Bolton.
**Landsleikir (mörk):** 80 (1)



## Pétur Pétursson

**Fæddur** 27. júní 1959
**Leikmannsferill:** ÍA, Feyenoord, Anderlecht, Hércules, KR, Tindastóll.
**Landsleikir (mörk):** 41 (11)
**Þjálfaraferill:** Tindastóll, Keflavík, Víkingur, KR (Íslandsmeistari 2000), Ísland (aðstoðarþjálfari), Fram.

**Besta liðið**

Vegna árangurs íslenska landsliðsins í dag er það af flestum talið það besta í sögunni. Við höfum átt góð lið áður og frábæra leikmenn eins og þá þrjá sem sitja með blaðamanni í fundarherbergi í Skaftahlíðinni og drekka kaffi. Kemur það illa við þessar goðsagnir þegar þetta lið er kallað það besta?

„Nei, alls ekki," segir Guðni. Þeir eiga þetta skilið. Þeir hafa náð frábærum árangri. Við vorum fjandi góðir samt. Ég er samt ekki svo viss um að við eigum mikið fleiri háklassa leikmenn en áður. Það er kannski meiri breidd í liðinu."

Pétur brosir og skýtur inn: „Það eru engar svona stjörnur eins og við vorum. Við vorum betri en þeir sem einstaklingar en þeir eru með betra lið."

Guðni hlær. „Ég vildi bara ekki segja þetta. Nei, nei. Þið vitið hvað ég meina. Nú eru miklu fleiri atvinnumenn og þannig er hægt að velja fleiri sem skila sínu hlutverki."

> UPPI Á SKAGA VAR STÓR MALARVÖLLUR OG ÞJÁLFARINN HENTI BOLTA ÚT Á VÖLLINN. SVO SETTIST HANN NIÐUR OG LAS BLAÐIÐ OG REYKTI VINDIL. SVONA BYRJAÐI MINN FÓTBOLTAFERILL.

**Engin heppni**

Íslenska þjóðin hefur alveg ástæðu til bjartsýni í Frakklandi. Pétur bendir á að þetta lið hefur ekki klikkað í alvöru leikjum í mörg ár þó vináttuleikirnir hafa ekki boðið upp á mikla gleði.

„Þessir gamnileikir eru bara gamnileikir. Þeir skipta oft engu máli og eru engir leikir. En þegar þessir strákar spila leikina sem skipta máli er þetta lið og þessi liðsheild mætt inn á völlinn. Maður sér það trekk í trekk," segir Pétur og Arnór hleður strákana lofi.

„Við vorum ekkert heppnir í undankeppninni. Við vorum einfaldlega betri en Hollendingar. Það er alveg sama hvað hver segir. Strákarnir þurfa ekki að hræðast eitt einasta lið á EM. Ef við náum upp okkar agaða leik þurfa liðin að hafa mikið fyrir því að vinna okkur," segir Arnór og Guðni tekur undir með félögum sínum:

„Þessir strákar eru á réttum aldri og hafa vaxið og dafnað. Þeir eru gríðarlega metnaðarfullir og sjá vel um sig. Svo er þessi tímasetning á því þegar Lars og Heimir koma inn í þetta góð. Þá voru ungu strákarnir búnir að fá tækifæri hjá fyrrverandi landsliðsþjálfurum sem gerðu vel að gefa þeim tækifæri. Síðan er leikskipulagið að virka gríðarlega vel en þeir láta það virka. Það gerist ekkert af sjálfu sér," segir Guðni.

**Takmarki Ólafs náð**

Gullkynslóðin svokallaða er sú sem ber uppi liðið að mestu leyti með þá Gylfa Þór, Kolbein, Jóhann Berg, Alfreð og Birki Bjarnason. Þetta eru allt strákar sem fengu tækifæri þegar Ólafur Jóhannesson var landsliðsþjálfari og Pétur Pétursson aðstoðarmaður hans. Á þessum tíma var ekki mikið að frétta af landsliðinu; leikir töpuðust og áhuginn var lítill. En þeir, eða Ólafur, tóku ákvörðun sem átti eftir að hafa mikil áhrif á framtíð landsliðsins.

„Ólafur Jóhannesson tók þá ákvörðun í seinni undankeppninni þar sem við stýrðum liðinu saman að fyrst við vorum búnir að gefa þessum ungu strákum tækifæri ætluðum við að dæla þeim inn aftur. Hann sagði að takmarkið til að komast á stórmót væri EM 2016 þar sem fjölgað yrði í 24 lið. Það var stefnan okkar en við máttum ekki gefa það út. KSÍ bannaði okkur að segja þetta opinberlega. Því miður. Þetta var samt stefnan frá fyrsta degi þannig að íslenska landsliðið gæti mögulega átt möguleika á að komast á EM 2016. Og nú er takmarki Ólafs náð," segir Pétur.

Þessi gullkynslóð er að stórum hluta afrakstur ríflega áratugar langrar uppbyggingar sem allir þrír hafa tekið þátt í sem þjálfarar og einkarekinnar knattspyrnuakademíu.

„Þetta gerist ekkert af sjálfu sér. Þjálfunin í yngri flokkunum og áhuginn í grasrótarstarfinu er gríðarlega öflugur. Þetta byrjar allt þar. Við Arnór, Logi Ólafs, Ásgeir Sigurvinsson og Eiður Smári erum búnir að vera saman með Knattspyrnuakademíu Íslands og þangað koma til okkar 11-12 ára leikmenn sem eru svo góðir að maður fellur í stafi. Þetta kemur úr þessu mikla og góða starfi í félögunum," segir Guðni og Arnór bendir á lykilatriði í þessu öllu saman:

„Við höfum þessi forréttindi hérna heima að það er sama hver þú ert, þú getur leikið fótbolta með félagi, sama hversu slakur þú ert eða góður. Þú getur alltaf haldið áfram. Á erlendri grundu ertu bara kominn út í garð að leika þér ef þú ert ekki nógu góður fyrir akademíurnar tólf ára gamall. Þetta er mikil hvatning fyrir alla. Hérna fá allir tækifæri eins og þeir vilja," segir hann.

**Æft með vindil**

Grasrótarstarfið og barnaþjálfun hefur breyst mikið hérlendis eins og Pétur bendir á með skemmtilegri sögu af Skaganum: „Uppi á Skaga var stór malarvöllur og þjálfarinn henti bolta út á völlinn. Svo settist hann niður og las blaðið og reykti vindil. Svona byrjaði minn fótboltaferill."

Guðni hlær og segir: „Þarna ertu að tala um knattspyrnubæinn Akranes sem gat af sér alla bestu fótboltamenn landsins."

Skagamenn eru í vandræðum í efstu deild í dag. „Kannski er bara best að hafa þetta svona uppi á Skaga núna. Henda boltanum bara út á völlinn og segja þeim að fara í fótbolta," segir Pétur og Guðni tekur undir það á léttum nótum: „Þeir eru bara að flækja þetta núna!"

Þeir verða þó alvörugefnari þegar talað er um hvert framhaldið sé og hvernig Ísland þurfi að passa sig á að dragast ekki aftur úr núna heldur fylgja framþróun fótboltans.

„Það vantar aðeins betri í aðstöðu í Reykjavík. Það vantar fleiri knatthús til dæmis ef við ætlum að fylgja þessum árangri eftir og bæta árangurinn," segir Pétur.

Guðni bætir við: „Fótboltinn stendur aldrei í stað. Þróunin heldur áfram þannig að við megum ekki slaka á, því áfram heldur boltinn að þróast hvort sem það er í Belgíu, á Spáni eða annars staðar. Við verðum að passa okkur að halda áfram. Eins og til dæmis með yngri landsliðin okkar. Þar finnst mér svigrúm til bætingar. Stundum finnst mér eins og það sé einblínt of mikið á að vinna 1-0 upp á gamla góða mátann. Úrslit eiga ekki að vera of mikilvæg heldur þurfum við að búa til leikmenn."

Arnór: „Menn fara fyrr í gegnum líkamlegan og andlegan þroska við svona aðstæður eins og eru í dag. Það sem ég lærði 17 ára átti ég kannski að vera búinn að læra fjórtán ára. Okkar er núna að vera ekki of ánægð með þennan árangur. Það er hættulegt og við getum farið að slaka á. Við þurfum að kryfja hvaða vinnu við erum búin að leggja í þetta og kryfja hvað við gerum til að ná enn betri árangri."



## „Lars er snillingur"

Lars Lagerbäck stýrir sínum síðasta landsleik á Laugardalsvellinum á mánudagskvöldið þegar strákarnir okkar mæta Liechtenstein í síðasta vináttuleiknum áður en haldið verður á Evrópumótið í Frakklandi. Þarna fær þjóðin kjörið tækifæri til að kveðja Svíann sem hefur ásamt Heimi Hallgrímssyni algjörlega snúið við gengi landsliðsins og haft mikil áhrif á íslenskan fótbolta.

„Lars kom inn í þetta með ákveðna reynslu og hefur verið að þjálfa landslið í einhver 30 ár. Hann er búinn að gera þetta allt og sjá þetta allt. Hann kemur inn með svakalega reynslu og menn hlusta á hann og gera það sem þeir þurfa að gera. Þessi maður er bara snillingur í mínum augum," segir Pétur Pétursson.

Arnór Guðjohnsen segir það einfaldlega allt annað að vera með erlendan landsliðsþjálfara: „Þegar ég horfi til baka, og ég er viss um að Pétur er sammála því, að þegar erlendir þjálfarar voru með okkur þá bar maður sjálfkrafa meiri virðingu fyrir þeim. Maður fann að íslenska pressan bar líka meiri virðingu fyrir þeim. Íslensku þjálfararnir lágu betur við höggi og ef menn voru ósáttir lak það fyrr út. Lars er auðvitað búinn að standa sig frábærlega."


Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar




Verkamannabústaðirnir við Hringbraut á 4. áratug síðustu aldar. Bygging þeirra olli straumhvörfum í húsnæðismálum verkafólks.

# TIL HAMINGJU!

Alþýðusamband Íslands óskar þjóðinni til hamingju með nýsamþykkt lög um almennar íbúðir og húsnæðisbætur sem skapa tækifæri til að byggja upp nýtt félagslegt íbúðakerfi á Íslandi. Aðildarfélög ASÍ gerðu setningu þessara laga að úrslitaatriði við gerð kjarasamninga í maí 2015 og nú eru þau orðin að veruleika.

Í tilefni af 100 ára afmæli ASÍ fyrr á þessu ári stofnaði Alþýðusambandið, ásamt BSRB, almennt íbúðafélag sem mun bjóða upp á ódýrt leiguhúsnæði fyrir tekjulágar fjölskyldur. Nýsamþykkt lög voru forsendan fyrir starfsemi félagsins og því ber að þakka ráðherra húsnæðismála og Alþingi Íslendinga fyrir þeirra þátt í að vinna gegn húsnæðisvanda þeirra tekjulægstu.

Verkalýðshreyfingin hefur haft húsnæðismál sem eitt af stærstu baráttumálum sínum í heila öld. Í kjölfar lagasetningarinnar í vikunni mun hreyfingin aftur hefja beina þátttöku í átaki við að byggja íbúðir fyrir tekjulágar fjölskyldur.

Alþýðusamband Íslands

# NÝ VERSLUN E

## OPNUNARTILBOÐ ELKO GRANDA 4.-5. JÚNÍ - ÞETTA E

100 stk.



Veski fylgir

4,7" 720x1280 skjár
FHD 1080@30fps
8Mpix myndavél

Verð áður 25.995

**16.995**

35% afsláttur

LG

**GSM-SPIRIT 4G**

- Gorilla 3 Glass
- WiFi, 4G, Bluetooth
- 4 kjarna 1,2GHz örgjörvi. 8GB minni. 1GB í vinnsluminni

LGH440(GOL/TIT)

40 stk.




Verð áður 84.995

**59.995**

eða 5.580 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 66.955 kr. - ÁHK 23,1%

29% afsláttur

SAMSUNG

**KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR**

- Vandaður og vel innréttaður skápur
- Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð
- LED lýsing og „Multiflow" blástur
- NoFrost skápur, þarf ekki að afhríma

A+ Orkuflokkur | 192 Lítra kælir | 98 Lítra frystir | NoFrost

RB28HSR2DWW

25% afsláttur

80 stk.



1TB

Verð áður 11.995

**8.995**

TOSHIBA

**UTANÁLIGGJANDI HARÐUR DISKUR CANVIO READY**

- 1TB, Shock sensor sem getur gert gæfumuninn
- Tengdur með USB 3.0 sem er allt að 10x hraðvirkara en USB 2.0
- Allt að 5GB/s flutningshraði

TOSREADY1TB

20 stk.




Verð áður 3.995

**1.995**

50% afsláttur

PS4

**TÖLVULEIKUR**

PS4INFINITY2

# ELKO GRANDA

## ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU. SJÁ NÁNAR Á ELKO.IS

50 stk.




29% afsláttur

Verð áður 139.995

**99.995**

eða 9.030 kr. á mánuði

m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 108.355 kr. - ÁHK 15,4%

**SAMSUNG**

**SNJALLSJÓNVARP**

- 48" Samsung snjallsjónvarp með 600Hz PQI myndvinnslu
- Soundshare - Þráðlaus tenging milli sjónvarps og hljóðstangar

UE48J6275XXE

30 stk.




63% afsláttur

Verð áður 10.995

**3.995**




30 stk.

Verð áður 39.995

**22.995**

43% afsláttur

**SONY**

**HLJÓÐSTÖNG 2.1**

HTCT80

60 stk.

Verð áður 9.995

**6.495**




35% afsláttur

**Electrolux**

**KAFFIVÉL**

- Flott stafræn 1080W vél í burstuðu stáli
- Lagar 10 bolla og hægt að forstilla tímann
- Slekkur sjálfvirkt á sér eftir 40 mínútur
- Lekavörn og 3 bragðstyrksstillingar

EKF7500

## OPNUNARTILBOÐ ELKO GRANDA GILDA 4.-5. JÚNÍ EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. TAKMARKAÐ MAGN - EITT STK. Á MANN

ELKO GRANDA



Feðginin Jóhanna Lind og Guðlaugur Agnar Ágústsson eru holdgervingar þeirra breytinga sem hafa orðið í sjávarútvegi á undanförnum árum – bæði kyn sækja sjóinn og nóg er af fallegum þorski. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ívar Benediktsson, sem kallar sig frístundasjómann, í þeim aðstæðum sem allir sjómenn elska – blíðuveður, fiskur og landsýn skemmir ekki fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Landburður af fiski er orðinn regla frekar en undantekning við Íslandsstrendur, enda greina sjómenn frá því að sjaldan hafi verið eins auðvelt að sækja þann gula. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sjómannahátíð haldin í 78. sinn

Sjómenn um land allt og fjölskyldur þeirra halda um helgina hátíð, en sjómannadagurinn er nú haldinn hátíðlegur í 78. sinn. Fánum skreytt skip fylla hafnir landsins og varla ofsagt að hátíðahöld helgarinnar séu með merkustu menningarviðburðum landsmanna ár hvert.

Dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur þann 6. júní árið 1938 í Reykjavík og á Ísafirði og tók við af hinum sérstöku sjómannamessum sem haldnar voru í tilefni þess að þilskipin gömlu héldu aftur til veiða eftir veturinn. Svo kom árið 1987 að dagurinn, fyrsti sunnudagur í júní, var lögskipaður frídagur sjómanna. Tilgangur dagsins var frá upphafi að halda árlega hátíð sjómönnum til heiðurs og minnast jafnframt látinna sjómanna, einkum þeirra er létust af slysförum á sjó.

Þegar Alþingi festi sjómannadaginn í lög sem lögskipaðan frídag sjómanna kom fram að ekki þótti hjá því komist að skipverjar á farskipum, varðskipum, hafrannsóknaskipum og strandferðaskipum þyrftu að lúta öðrum reglum en sjómenn á fiskiskipum. Í gögnum þingsins kemur fram að ekki var einhugur hjá hagsmunaaðilum um sjómannadaginn, samtök sjómanna vildu ganga lengra um frí á sjómannadaginn en Landssamband útvegsmanna taldi að undantekningar á frírétti væru ekki nægilega rúmar.

Hefðbundin hátíðarhöld sjómannadagsins eru öllum kunn – skip fánum skreytt mynda umgjörðina þar sem brugðið er á leik í kappróðri, koddaslag, reiptogi, og hvað þetta heitir allt. Svo var slegið upp balli. Taktur sjómannadagsins hefur breyst og hátíðahöldin einnig, enda útgerð hér á landi breyst. Enn er þó kraftur í hátíðahöldum þar sem útgerð er öflug og þrátt fyrir allt má halda því fram að stór hluti þjóðarinnar upplifi sjómannadaginn sem hátíð. Sennilega mun það ekki breytast.



Fátt er betra en læðast síðustu metrana inn til hafnar með góðan afla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# MÆLA HEILS HUGAR MEÐ BIO-KULT

**ICECARE KYNNIR** Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Guðbjörg Gísladóttir finnur stórkostlegan mun á sér eftir að hún hóf notkun Bio-Kult Candéa. Mæðgurnar Margrét Alice og Íris mæla með Bio-Kult.

Guðbjörg Gísladóttir hefur góða reynslu af notkun Bio-Kult Candéa og finnur mun á sér eftir að hún fór að nota það. „Eftir að ég komst á ákveðinn aldur fór ég að finna í auknum mæli fyrir óþægindum vegna breytinga í slímhúðinni en eftir að ég byrjaði að nota Bio-Kult Candéa fann ég stórkostlegan mun á mér. Í gegnum tíðina hef ég einnig glímt við alls konar vandamál tengd ójafnvægi í flóru líkamans og finn ég að Bio Kult Candeá virkar rosalega vel fyrir mig,“ segir Guðbjörg

### HELDUR EINKENNUM NIÐRI

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét. ,,Ég mæli heils hugar með BioKult, bæði Candéa með hvítlauk og grapeseed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“

Dóttir Margrétar, Íris Ásmundardóttir, er á fullu í framhaldsskólanámi og æfir ballett í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett hjá þeim sem eru að taka fyrstu sporin. „Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri í meltingarfærunum ákvað ég að gera eins og ég gæti til að stuðla að eðlilegri meltingu og jafnvægi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballet ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps á Broadway og í London. Ég tek Bio-Kult Candéa á hverjum degi samhliða heilsusamlegu mataræði og er sjaldan þreytt og hlakka nær undantekningarlaust til að takast á við verkefni dagsins.“

### BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin stuðla að eðlilegu flórujafnvægi og eðlilegri meltingu. Vinna meðal annars á brjóstsviða, húðvandamálum og roða í húð. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult hentar öllum vel, einnig barnshafandi konum, mjólkandi mæðrum og börnum. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.





Guðbjörg er ánægð með Bio-Kult Candéa. MYND/ANTON BRINK


Írisi finnst Bio-Kult gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði. MYND/ANTON BRINK


Margrét Alice mælir bæði með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original. MYND/ERNIR

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

Menntaskólinn í Kópavogi
Þekking- þroski- þróun- þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel– og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is

**Stúdentsnám**

– Alþjóðaasamskipti
– Félagsgreinar
– Raungreinar
– Viðskiptagreinar
– Opin braut

**Grunndeild matvæla og ferðagreina.**
Fyrir þá sem vilja verða:
– Bakari
– Framreiðslumaður (þjónn)
– Kjötiðnaðarmaður
– Matreiðslumaður (kokkur)
eða starfa í ferðaþjónustu.

**Framhaldsskólabraut**

Kynntu þér málið á www.mk.is
og á facebooksíðu skólans

Hjartað slær í MK




3ja ára stúdentsnám






**Arna Ýr var dómari í keppninni Ungfrú Svíþjóð fyrir stuttu. Þá var hún í þessum fallega bláa kjól sem hún notaði aftur á úrslitunum í gærkvöldi. Hún segir að undanfarnir mánuðir hafi verið annasamir en hún ætlar að fara aftur í stangarstökk í haust.**

# FRÁBÆRIR DAGAR Á MISS EM 2016

**Arna Ýr Jónsdóttir,** Ungfrú Ísland, er stödd í Þýskalandi þar sem hún tók þátt í keppninni Miss EM 2016 í gærkvöldi. Arna Ýr var að vonum spennt fyrir kvöldinu en hún hefur átt skemmtilega daga í Europa-Park.

Europa-Park er við landamæri Þýskalands og Frakklands. Keppnin Miss EM 2016 er haldin í tengslum við Evrópukeppnina í knattspyrnu. Hvert þátttökuland á EM sendir sína stúlku í keppnina. Örnu Ýri var boðið að fara fyrir Íslands hönd sem hún þáði enda fannst henni boðið spennandi. „Þessi keppni er haldin fjórða hvert ár í tengslum við EM í knattspyrnu,“ sagði Arna þegar við slógum á þráðinn til hennar í gær. Þótt Arna hafi æft frjálsar íþróttir lengi er þetta ekki íþróttakeppni. „Við erum dæmdar út frá framkomu og hegðun. Þetta er bara klassísk fegurðarsamkeppni,“ segir hún.

Arna fór utan á þriðjudag og síðan hafa dagarnir verið strembnir. „Við höfum verið með þéttskipaða dagskrá frá morgni til kvölds. Þéttar æfingar á sviði. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt en svolítið erfitt að vera á háum hælum allan daginn. Ég ætla að klæðast bláum kjól í úrslitunum sem ég notaði sem dómari í sænsku fegurðarsamkeppninni fyrir stuttu,“ segir hún. „Við erum 24 stúlkur sem tökum þátt. Þátttakendum verður skipt í sex hópa, fjórar stúlkur verða í hverjum þeirra. Síðan kemst ein úr hverjum hópi í úrslitin og úr þeim hópi verður EM-stúlkan valin.

Á fimmtudag fórum við í tívolí og það var mjög skemmtilegt. Hér er mjög fallegt svæði,“ segir Arna en Europa-Park er stærsti skemmtigarður í Þýskalandi og næstvinsælasti garður í Evrópu á eftir Disneylandi í Frakklandi. Garðurinn er á milli þýsku borgarinnar Freiburg og Strassborgar í Frakklandi. Tæpar sex milljónir manna heimsóttu garðinn í fyrra.“

Arna segist ekki hafa mikið verið spurð um íslenska knattspyrnuliðið. „Ég er ekki mikil fótboltakona en fylgist vel með okkar mönnum. Svo fylgist maður auðvitað með EM þegar það byrjar. Ég er mjög mikil íþróttakona. Var í fimleikum í tíu ár og fór síðan í frjálsar,“ segir Arna sem var í landsliðinu í frjálsum íþróttum í fimm ár áður en hún tók þátt í fegurðarsamkeppni Íslands í september. „Það hefur verið svo mikið að gera hjá mér undanfarið að ég hef ekki haft tíma fyrir íþróttir en ætla að byrja aftur í stangarstökki í haust. Síðan ætla ég að klára stúdentsprófið fyrir jólin en það varð að bíða vegna Miss World keppninnar í Kína sem fram fór í desember sl. Í sumar ætla ég að vinna í World Class og einnig ætla ég að þjálfa stelpurnar sem munu taka þátt í Ungfrú Ísland 27. ágúst. Þá mun ég jafnframt krýna arftaka minn,“ segir Arna Ýr.

Arna hlaut titilinn Miss World Iceland um leið og hún var kjörin Ungfrú Ísland. „Þetta hefur verið skemmtilegur tími en jafnframt mjög annasamur. Enginn getur ímyndað sér hversu mikla reynslu maður fær nema að upplifa það sjálfur. Maður þarf líka að vera andlega undir það búinn að taka við gagnrýni. Reyndar hef ég ekki fengið neikvæða krítík sem betur fer en ég var undir hana búin,“ segir Arna Ýr sem var að fara í hárgreiðslu fyrir úrslitakvöldið þegar rætt var við hana.

**elin@365.is**



**Stúlkurnar 24 sem kepptu um titilinn Miss EM 2016.**



Veiðimessa
FRÁBÆR TILBOÐ ALLA HELGINA OG AFSLÆTTIR
STÓRSÝNING FLUGUVEIÐIMANNSINS
Grillað góðgæti og svalandi drykkir í boði fyrir kátar veiðikonur og karla.
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 4.- 5. JÚNÍ 2016
Í VEIÐIFLUGUM LANGOLTSVEGI 111
NÝJIR EIGENDUR – NÝJAR ÁHERSLUR
KYNNING Á NAUTILUS FLUGUHJÓLUM
SÉRKJÖR Á VEIÐIFLUGUM OG LÍNUM
TILBOÐ Á ÖNDUNARVÖÐLUM OG SKÓM
FRÓÐLEIKUR UM ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ LOOP,
ECHO, MUSTAD, GUIDELINE OG PATAGONIA.
HILMAR JÓNSSON FLUGUKASTKENNARI
VERÐUR MEÐ KASTKENNSLU FYRIR BÖRN
OG UNGLINA Á LAUGARDAG KL. 11:00 OG 14:00
HAPPDRÆTTI, GRILL OG GLENS
GUIDELINE LOOP patagonia SCIERRA
Scott Krafla NAUTILUS Mustad COSTA ECHO VISION
Langholtsvegi 111
www.veiðiflugur.is
Sími: 527 1060
veidiflugur@veidiflugur.is
Veiðiflugur



Auk Erlu skipa Helgi Reynir Jónsson gítarleikari (t.v.) og Fúsi Óttars trommuleikari DALÍ MYND/SIGTRYGGUR ARI JÓHANNSSON

# HOPPUÐU BEINT Í DJÚPU LAUGINA

Hljómsveitin DALÍ sendi frá sér sína fyrstu plötu undir lok síðasta árs. Um miðjan júní kemur hún fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice.

Hljómsveitin DALÍ er hugarfóstur söngkonunnar og bassaleikarans Erlu Stefánsdóttur en hún gaf út fyrstu plötu sína í lok síðasta árs. Sveitin hefur komið víða við á stuttum tíma, m.a. á Iceland Airwaves, tónlistarhátíðinni Gæruunni og á Menningarnótt í Reykjavík á síðasta ári. Um miðjan mánuðinn kemur hljómsveitin svo fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í Laugardalnum þar sem heimsfrægar sveitir á borð við Radiohead, Deftones, Die Antwoord og Of Monsters and Men koma fram.

Tilhlökkunin er því eðlilega mikil hjá Erlu sem telur dagana fram að hátíðinni. „Við erum í skýjunum yfir því að hafa komist inn á Secret Solstice. Þetta er svo rosalega flott hátíð og það verða þvílíkt stór nöfn sem koma fram á henni. Ég er vægast sagt spennt og þakklát.“ Með Erlu í hljómsveitinni eru Helgi Reynir Jónsson gítarleikari og Fúsi Óttars trommuleikari auk þess sem Þórður Gunnar Þorvaldsson spilar með þeim á tónleikum.

### FJÖLBREYTTUR BAKGRUNNUR

Erla, sem spilar bæði á píanó og bassa, útskrifaðist frá djass- og rokkbraut söngdeildar Tónlistarskóla FÍH árið 2011 og hefur síðan þá verið með puttana í ýmsum verkefnum. „Lengstum spilaði ég á bassa með systur minni, Unu Stef, og einnig í hardcore- og rokkhljómsveitum, söng í silkimjúku djasstríói, stóð fyrir Joni Mitchell tribute-tónleikum oftar en einu sinni og nú síðast spilaði ég á bassa í System of a Down heiðurstónleikum sem verða endurteknir í september.“

Draumurinn var þó alltaf að semja og spila eigið efni þar sem hún væri ekki háð einni tónlistarstefnu. „Boltinn fór loks að rúlla um haustið árið 2014 þegar ég stofna DALÍ. Ég hafði samband við Helga Reyni gítarleikara með nokkur lög sem ég átti. Við bókuðum tónleika nánast viku síðar og hoppuðum beint út í djúpu laugina en það hefur einkennt vinnuferli okkar. Yfirleitt vinnast lögin þannig að ég tek upp einhverja grunnpælingu á píanó og sendi á Helga og Fúsa og svo vinnum við úr lögunum saman. Viðtökurnar hafa verið einstaklega góðar og mér finnst mjög gaman hvað fólk virðist tengja við lögin okkar.“

### SEGIR SÖGUR

Tónlistarstefnan er fjölbreytt; þar gætir áhrifa meðal annars frá Joni Mitchell og Primus að sögn Erlu. „Ég sæki innblástur í textana og lögin mest í gegnum einhverja reynslu eða atburði. Mér finnst alveg ómissandi partur af tónlistinni að textinn hafi einhverja sögu eða tilgang. Ég hef hlustað mjög mikið á Tom Waits og Joni Mitchell sem eru miklir „story-tellers“ og hef verið undir miklum áhrifum frá þeim í gegnum tíðina, bæði textalega og tónlistarlega.“

Á meðan Erla er ekki að syngja og spila á bassa bregður hún sér í hlutverk kennarans og kennir söng og bassaleik við Tónlistarskóla Árbæjar. Fram undan eru stífar æfingar fyrir Secret Solstice hátíðina en þau eru þegar byrjuð að æfa nýtt efni og undirbúa næstu plötu. „Strax eftir helgi kemur út nýtt lag frá okkur á netinu sem heitir „Ever“. Þrátt fyrir annasaman tíma ætla ég þó að reyna að eiga notalega helgi. Stefnan er sett á grill og notalegheit með fjölskyldunni auk þess sem ég ætla að skella mér á lokatónleika Listahátíðar í Reykjavík og sjá Terri Lyne Carrington sem er talin vera á meðal allra bestu djasstrommara heims.“

Hlusta má á tónlist DALÍ á Spotify og Soundcloud og fylgjast með fréttum og næstu tónleikum á Facebook (DALÍ).








Helgarmaturinn, Anna Birna Helgadóttir, matur, salat.

# HOLLT OG GOTT SUMARSALAT

Hvað er betra en að fá sér létt og gott salat þegar sumarið er komið og sólin loks skín. Þetta BLT-salat með brauðteningum og parmesandressingu er gómsætt og ekki of mikil fyrirhöfn að búa það til.

**2½ bolli hvítt brauð skorið í teninga**
**3 msk. brætt smjör**
**1 tsk. salt**
**¼ tsk. svartur pipar**
**1 msk. saxaður skalottlaukur**
**¼ bolli eplaedik**
**½ bolli súrmjólk**
**¾ bolli majones**
**½ bolli rifinn parmesanostur**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. svartur pipar**
**⅛ tsk. sykur**
**340 g romaine-salat**
**6 tómatar í sneiðum**
**6 sneiðar beikon, saxað**
**Steinselja og basil til skreytinga**

**Brauðteningar:** Hitið ofninn í 200°C. Blandið saman brauðteningum, bráðnu smjöri, salti og pipar í skál. Dreifið á bökunarpappír á ofnplötu og bakið í átta mín. Takið út og setjið til hliðar.

**Dressing:** Blandið skalottlauk og ediki í skál og látið standa í fimm mínútur. Hrærið súrmjólk saman við og svo majónesi, parmesanosti, salti, pipar og sykri.

**Salat:** Dreifið romaine-salati fallega á fatið sem á að bera fram. Setið tómata og beikon ofan á og dreifið um 3 teskeiðum af dressingu yfir. Bætið við brauðteningum, steinselju og basil. Berið fram ásamt dressingunni í sér skál.

# KONUR, GANGI YKKUR VEL Í KVENNAHLAUPINU Í DAG!






FRÁBÆR ORKA EFTIR HLAUPIÐ

## ÁVAXTA-HOLLUSTA SEM BRAGÐ ER AF

GOOD. Full stop

# LEITIN AÐ ÍSLENSKA POSTULÍNINU

Vöruhönnuðurinn **Brynhildur Pálsdóttir** og **Ólöf Erla Bjarnadóttir** keramiker ætla í rannsóknarleiðangur um Ísland í leit að kaolíni, feldspati og kvarts, efnunum sem þarf til að búa til postulín. Þær hlutu styrk frá Hönnunarsjóði til verkefnisins en tilraunir til þess að búa til nothæft íslenskt postulín hafa ekki verið stundaðar markvisst áður.

„Ég hef lengi verið heilluð af postulíni. Þetta er ekki bara ótrúlega fallegt efni heldur er svo mikil saga á bak við það,“ segir Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður en hún hlaut styrk frá Hönnunarsjóði á dögunum ásamt Ólöfu Erlu Bjarnadóttur keramikhönnuði til þess að leita uppi efni til postulínsgerðar á Íslandi.

„Kínverjar fundu postulínið upp fyrir þúsundum ára en Evrópubúar kynntust því ekki fyrr en Marco Polo kom með lítinn postulínsvasa til Evrópu frá Kína á þrettándu öld. Evrópa féll í stafi yfir þessu efni og það greip um sig hálfgert gullleitaræði og þráhyggja í að finna út hvernig þetta „hvíta gull“, eins og postulínið var kallað, var búið til. Árið 1708 fundu menn loks út úr þessu í Dresden í Þýskalandi og þaðan breiðist postulínið út um Evrópu. Postulínsverksmiðjur poppa þá upp eins og gorkúlur og enginn konungur eða fursti var maður með mönnum nema hann ætti eigin postulínsverksmiðju,“ útskýrir Brynhildur.

Þrjú efni þarf til að búa til postulín, kaolín, feldspat og kvarts sem öll finnast í íslenskum jarðvegi. Ekki er þó vitað til þess að þau hafi verið nýtt til postulínsgerðar að neinu marki.

> Evrópa féll í stafi yfir þessu efni og það greip um sig hálfgert gullleitaræði.
>
> Brynhildur Pálsdóttir

„Það er vitað að þessi efni finnast hér og í rauninni er allt landið undir í þessari rannsókn,“ útskýrir Brynhildur. „Við vitum í raun ekki hvert þessi leit mun leiða okkur eða hvað við munum finna og hversu mikið. Verkefnið snýst heldur ekki bara um það heldur líka um leitina sjálfa, það að kynnast landinu og nýta eitthvað úr náttúrunni. Planið er að ná í sem mest af sýnum í sumar og vinna úr þeim í haust. Í lok árs verðum við vonandi komin með nægt hráefni til að búa til hluti úr íslensku postulíni. Við gerum þetta þó ekki einar, jarðfræðingar, glerungasérfræðingar og fleiri aðilar þurfa að koma að þessu. Við viljum einnig hafa verkefnið opið og aðgengilegt öllum því þessu á að miðla,“ útskýrir Brynhildir og segir að postulín sé svo algengt í hversdagslegu lífi að enginn velti því fyrir sér hvaðan það kemur.



Ólöf Erla Bjarnadóttir keramiker og Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður hlutu styrk úr Hönnunarsjóði á dögunum til þess að leita uppi efni til postulínsgerðar á Íslandi. Þrjú efni þarf til að búa til postulín, kaolín, feldspat og kvarts sem öll finnast í íslenskum jarðvegi. Ekki er þó vitað til þess að þau hafi verið nýtt til postulínsgerðar að neinu marki. MYND/STEFÁN

„Við tökum því sem sjálfsögðum hlut Það er hins vegar flókin efnafræði á bak við það og heilmikið ferli á bak við hvern postulínshlut. Það væri ótrúlega spennandi að enda uppi með hlut sem búinn er til úr kaolíni frá Vesturlandi, feldspati frá Austurlandi og kvartsi frá Suðurlandi. Í dag er fólk ekki að sækjast eftir fjöldaframleiðslu, fólk horfir til sjálfbærni og lítilla framleiðenda og það væri draumur að stofna litla keramikverksmiðju á Íslandi sem framleiddi muni úr íslensku postulíni og leir.“

**heida@365.is**










# FACEBOOK BÆTIR VIÐ TÁKNUM

Facebook hefur nú bætt við ýmsum nýjum táknum í Messengers-hólfið. Konur í atvinnulífinu koma þar sterkar inn. Lögreglukona, hlaupari, kona að synda og kona á brimbretti. Þá er mögulegt að velja mismunandi húðliti á táknunum. Broskarlar hafa lengi verið vinsælustu táknin á Facebook. Þá hefur þumalfingur upp verið í stöðugri sókn. Táknin eða Emojis hafa mikil áhrif á hvernig fólk talar saman. Þegar fólk er svangt sendir það mynd af pitsu, ef það langar í drykk eru það bjórkönnur og ef fólk er góðu skapi sendir það broskarl. Nýr karl sem yppir öxlum er meðal nýjunga og sömuleiðis barnshafandi kona.

Um tíu prósent af skilaboðum sem send eru í gegnum Messenger hafa einhvers konar emojis. Það er því stöðugt verið að fjölga táknunum. Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Noregi er jólasveinn og bjórkönnur meira notuð tákn þar í landi en í öðrum löndum. Svíar, Danir og Frakkar nota meira af hjartatáknum en aðrir. Það kemst þó ekkert tákn í námunda við vinsældir broskarlanna um allan heim.



## Hugbúnaðargerð - mikil tækifæri

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Ekki missa af draumastarfinu. Óskum eftir að komast í samband við háskólamenntaða hugbúnaðarsérfræðinga sem náð hafa góðum árangri í starfi og langar að breyta til.

Meðal starfa sem í boði eru:

- **.NET, C# hugbúnaðarþróun**
- **Java hugbúnaðarþróun**
- **C++ hugbúnaðarþróun**
- **SQL forritun og samþætting**
- **Python hugbúnaðarþróun**
- **Navision hugbúnaðarþróun**
- **Axapta hugbúnaðarþróun**
- **BI og vöruhúsalausnir**

Spennandi tækifæri í boði hjá öflugum fyrirtækjum í eigin vöruþróun.
Sjá nánar á www.intellecta.is

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsókn skal fyllt út á www.intellecta.is.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

BORGUN

## Kerfisstjóri

*Borgun er leiðandi fjármálafyrirtæki í þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar.*

*Við leggjum áherslu á lipra og persónulega þjónustu og vinnum eftir gildunum vilji, virði og vissa.*

*Sjá nánar um fyrirtækið á **www.borgun.is***

Borgun óskar að ráða kerfisstjóra sem fær tækifæri til að sérhæfa sig í netkerfum auk annarra verkefna. Viðkomandi yrði hluti af samheldnum hópi úrvals sérfræðinga í rekstrarteymi.

**Starfssvið**

- Uppsetning og rekstur á netkerfum
- Uppsetning og rekstur Windows og Redhat þjóna
- Uppsetning útstöðva

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. CCNA gráða o.fl.
- Windows og Linux þekking er nauðsynleg
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg

Gott tækifæri í boði hjá úrvals fyrirtæki.

*Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225.*
*Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja starfsferilskrá. Umsóknarfrestur er til og með 13. júní nk.*
***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

## Mannauðsstjóri

*Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, er ný stofnun sem tekur til starfa 1. júlí næstkomandi.*

*Stofnunin tekur yfir hlutverk Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálstofnunar. Stofnunin er ein stærsta rannsóknastofnun landsins og sér um rannsóknir og veitir ráðgjöf um auðlindir í hafinu og í vötnum landsins.*

*Á stofnuninni starfa um 170 manns. Stofnunin er í Reykjavík og er auk þess með starfsstöðvar víða um land auk þess að reka 2 rannsóknarskip.*

*Nánari upplýsingar um starfsemi stofnananna má finna á heimasíðu þeirra **www.hafro.is** og **www.veidimal.is***

Hafrannsóknastofnun óskar eftir að ráða til starfa mannauðsstjóra. Um nýtt starf er að ræða. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem tekur þátt í að móta starfið. Staðan heyrir undir forstjóra.

Mannauðsstjóri tekur þátt í almennri stefnumótun stofnunarinnar og hefur umsjón með mannauðsmálum. Mannauðsstjóri veitir stjórnendum stuðning, leggur til sérþekkingu og ferla sem styðja mannauðsstefnu stofnunarinnar.

**Helstu verkefni**

- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í mannauðstengdum málefnum
- Ábyrgð á launavinnslu í samráði við sviðsstjóra fjármála- og reksturs
- Mat á mannaflaþörf og umsjón með ráðningum, móttöku nýliða og þjálfun starfsmanna
- Umsjón með fræðslu- og starfsþróunarmálum
- Ábyrgð á gerð starfslýsinga og ráðningarsamninga
- Þátttaka í mótun og framkvæmd kjaramála
- Þróun mannauðsstefnu og eftirfylgni s.s. með starfs-mannasamtölum og viðhaldi starfsmannahandbókar
- Kemur að gerð stofnanasamninga
- Samskipti við Fjársýslu ríkisins, Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála eða skyldra greina
- Starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar er æskileg s.s. í gerð ráðningarsamninga, starfslýsinga og handbóka
- Þekking á kjarasamingum og reynsla af túlkun þeirra
- Reynsla af fræðslu- og starfsþróunarmálum er æskileg
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku er nauðsynleg
- Reynsla af breytingastjórnun er æskileg

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

***Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.***

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225.*

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Men & Mice

# Head of reseller program

MEN&MICE

We are looking for a dynamic and resourceful individual who possesses international experience and who would thrive on the challenge of developing and managing a reseller/partnership channel in Northern Europe.

Application deadline
**June 13th.**

Further information and application
**capacent.is/s/3012**

Key responsibilities include:

- Prospecting for potential business partners/resellers.
- Proactively contacting potential business partners in designated geographical areas.
- Establishing relationships and finalizing contracts with business partners and resellers.
- Managing partnership and reseller programs in collaboration with other teams within the organization.
- Forecasting and pipeline management.
- Setting, working towards and achieving targets and deadlines.

Ideally, our choice candidate will be highly organized, driven, target-oriented and on top form when working independently. Experience and education requirements are as follows:

- Minimum 5 years' experience in sales and reseller management in the IT sector.
- Educational background in IT preferable, but not essential.
- Substantial experience in new business development.
- Strong communication skills and an ability to work with people at all levels.
- Fluency in English and one Scandinavian language. The ability to communicate in German is an added advantage.

Men & Mice is an established software company, founded in 1990. Men & Mice specializes in the development and sale of IP address management solutions for large global enterprises operating in Microsoft, Linux, cloud or mixed environments.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Spennandi starf

# Sérfræðingur á sviði vörustjórnunar

Framleiðslu- og útflutningsfyrirtæki í miklum alþjóðlegum samskiptum óskar eftir að ráða sérfræðing á sviði vörustjórnunar til starfa. Um fjölbreytt og krefjandi starf í lifandi og síbreytilegu umhverfi er að ræða.

Umsóknarfrestur
**20. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3010**

Starfssvið

- Móttaka og skráning pantana frá erlendum dreifingaraðilum í stjórnendaupplýsingakerfi og framleiðslustýringarkerfi.
- Ákvörðun framleiðslu og framleiðsludagsetninga í samvinnu við verkstjóra í framleiðslu.
- Samskipti við erlenda markaði varðandi staðfestingar á móttöku pantana, framleiðsludagsetningar og útflutning vöru.
- Skipulagning útflutnings fullunninna vara.
- Samskipti við flutningsaðila og frágangur flutningsfyrirmæla.
- Skráning framleiðslu, framleiðslugreiningar og vinnna vegna tjónakrafa.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun æskileg eða sambærileg menntun sem nýtist í starfinu.
- Reynsla af starfi í framleiðslufyrirtæki.
- Reynsla af vörustjórnun.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði ritað mál og talað.
- Þekking og reynsla af upplýsingakerfum skilyrði, þekking á Axapta kostur.
- Mjög góð kunnátta í Excel.
- Skipulagshæfileikar, stundvísi og heiðarleiki í starfi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Staðsetning fyrirtækisins er aðeins utan höfuðborgarsvæðisins.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Spennandi starf

# Framkvæmda- og þjónustufulltrúi

Norðurþing auglýsir lausa stöðu framkvæmda- og þjónustufulltrúa sveitarfélagsins. Málaflokkar sem falla undir sviðið eru: Eignasjóður, umhverfismál, sorpmál og samgöngu- og öryggismál Norðurþings. Framkvæmda- og þjónustufulltrúi er starfsmaður framkvæmdanefndar og er næsti yfirmaður sveitarstjóra.

Umsóknarfrestur
**20. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3011**

Starfssvið
- Skipulagning og umsjón með framkvæmdum, öðrum en þeim sem snúa að veitum.
- Umsjón með málaflokkum sviðsins í umboði framkvæmdanefndar sveitarfélagsins.
- Yfirumsjón með starfsemi þjónustumiðstöðvar Norðurþings.
- Áætlanagerð og eftirlit með rekstri.
- Undirbúningur útboða.
- Gerð þjónustu- og verksamninga.
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða.
- Eftirfylgni stefnumörkunar og ákvarðana framkvæmdanefndar.
- Samskipti við aðrar stofnanir sveitarfélagsins og hagsmunaaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri og áætlanagerð.
- Reynsla af stjórnun.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum.
- Þekking og reynsla af samningagerð.
- Þekking á þeim málaflokkum sem falla undir sviðið.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku.

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2015 voru íbúar Norðurþings 2826 talsins. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Þú getur orðið

# Skrifstofustjóri skrifstofu opinberra fjármála

Laust er til umsóknar embætti skrifstofustjóra skrifstofu opinberra fjármála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Skrifstofa opinberra fjármála undirbýr stefnumörkun í fjármálum hins opinbera og setningu heildarmarkmiða varðandi þróun ríkisfjármála til skemmri og lengri tíma, í samræmi við áherslur stjórnvalda á hverjum tíma. Skrifstofan ber ábyrgð á samhæfingu fjármálastefnu ríkis og sveitarfélaga og málefnum sem varða fjárhag ríkisaðila. Þar er gerð langtímaáætlun í ríkisfjármálum sem byggist á greiningu og spám um þróun tekna, gjalda, lánsfjárþarfar og skulda, í samvinnu við yfirstjórn og aðrar skrifstofur ráðuneytisins.

Umsóknarfrestur
**20. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2999**

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistarapróf í hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfinu.
- Víðtæk þekking og skilningur á opinberum fjármálum og starfsemi hins opinbera.
- Reynsla af áætlanagerð, greiningarvinnu og gerð reiknilíkana.
- Góðir stjórnunar- og leiðtogahæfileikar, samskiptafærni og uppbyggilegt viðmót.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun, talnafærni og öguð vinnubrögð.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði. Góð enskukunnátta er einnig skilyrði.
- Styrkur, þolgæði, frumkvæði og metnaður til að sýna árangur.

Skrifstofan hefur yfirumsjón með gerð fjármálastefnu og árlegrar fjármálaáætlunar fyrir hið opinbera í heild, og hefur forystu um undirbúning frumvarps til fjárlaga í samræmi við ný lög um opinber fjármál. Skrifstofan samhæfir starf sem fram fer í öðrum ráðuneytum vegna undirrbúnings fjármálastefnu, fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps á grundvelli grunngilda sem eru skilgreind í lögum um opinber fjármál, sem eru sjálfbærni, varfærni, stöðugleiki, festa og gagnsæi.

Þá yfirfer skrifstofan áhrifamat ráðuneyta vegna stjórnarfrumvarpa og reglugerða, og leggur mat á samninga og aðrar skuldbindingar ríkisaðila sem ná yfir lengri tíma en fjárlagaárið.

Á vegum skrifstofunnar fara fram greiningar, rannsóknir og smíði reiknilíkana til að meta og auka skilvirkni og ráðdeild í opinberum rekstri. Skrifstofan tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um opinber fjármál.

Innleiðing nýrra laga um opinber fjármál stendur yfir, sem felur í sér verulegar breytingar og tækifæri. Fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðir þær breytingar. Um er að ræða lykilstöðu í því ferli.

Um embættið gilda lög nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Hæfnisnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni og hæfi umsækjenda og skila greinargerð til ráðherra, sem skipar í embættið.

Um fullt starf er að ræða. Laun og önnur starfskjör eru skv. ákvörðun kjararáðs. Skipað verður í embættið til fimm ára í senn.

*Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.*

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi er félag sjálfboðaliða sem stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Meginhlutverk Rauða krossins á Íslandi er að bregðast við hvers konar neyð hvort heldur er af náttúru- eða mannavöldum, standa vörð um og aðstoða þá sem verst eru staddir í samfélaginu og veita aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagar í Rauða krossinum á Íslandi eru yfir 20 þúsund og skráðir sjálfboðaliðar 2.900 sem starfa í 42 deildum um land allt. Sérstaða Rauða krossins felst meðal annars í því að félagið starfar á breiðu sviði mannúðar- og hjálparstarfs í samræmi við grundvallarhugsjónir Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Hreyfingin er elsta og umfangsmesta mannúðarstofnun í heimi með um 97 milljónir félagsmanna og sjálfboðaliða í 188 löndum.

# Aðalbókari

Rauði krossinn á Íslandi óskar að ráða öflugan aðalbókara.

**Ábyrgðarsvið**
- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi
- Yfirumsjón með afstemmingum, uppgjörum og viðskiptayfirlitum
- Verkstjórn innan bókhalds
- Uppgjör, þátttaka í gerð ársreikninga og samstæðuuppgjörs
- Umsjón með Agresso bókhaldskerfinu
- Innra eftirlit
- Ábyrgð á VSK uppgjörum
- Upplýsingagjöf og skýrslugerð
- Önnur tengd verkefni

**Hæfniskröfur**
- Próf í viðskiptafræði og/eða viðurkenndur bókari eða sambærileg menntun
- Mikil reynsla af færslu bókhalds og uppgjörum
- Þekking á samstæðureikningsskilum
- Góð Excel-kunnátta, þekking á Agresso bókhaldskerfinu er kostur
- Greiningarhæfni og nákvæmni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð í samskiptum og jákvætt hugarfar.

**Upplýsingar veitir:**
**Elísabet Sverrisdóttir**
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júní nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Íbúðalána sjóður

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja íbúðir á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.

# Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Leitað er að öflugum einstaklingi sem hefur reynslu á sviði rekstrar, fjármála og uppgjörs og er tilbúinn til að takast á við umfangsmikil verkefni í krefjandi og breytilegu umhverfi. Framkvæmdastjóri situr í framkvæmdastjórn Íbúðalánasjóðs og heyrir starfið beint undir forstjóra.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**
- Ábyrgð á daglegum rekstri og uppgjöri Íbúðalánasjóðs
- Ársuppgjör og samstarf við endurskoðendur
- Áætlanagerð, greining afkomu og eftirfylgni rekstrar
- Ábyrgð á mánaðarlegum rekstraruppgjörum og stjórnendaupplýsingum
- Ábyrgð á rekstri upplýsingatækni

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Löggilding í endurskoðun er kostur
- Haldbær reynsla af fjármálum, uppgjöri og rekstri fyrirtækja
- Farsæl reynsla af stjórnun og áætlanagerð
- Skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veita:**
**Leifur Geir Hafsteinsson**
leifurgeir@hagvangur.is
**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk.**

Um fullt starf er að ræða. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins við viðkomandi stéttafélag. Umsóknir gilda í 6 mánuði en öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu verður tekin.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

SUBWAY® er alþjóðleg keðja með yfir 44 þúsund veitingastaði í rúmlega 100 löndum. Stjarnan ehf., einkaleyfishafi Subway á Íslandi, rekur 23 Subway veitingastaði á Íslandi sem staðsettir eru víða um land. Fyrsti veitingastaður Subway á Íslandi var opnaður árið 1994. Markmið Subway um allan heim er að bjóða upp á fjölbreyttan og bragðgóðan skyndibita með hollustu að leiðarljósi. Strangt gæðaeftirlit tryggir að matvæli uppfylla ströngustu skilyrði um ferskleika og gæði.

# Gjaldkeri og bókari

Leitað er að vandvirkum og kraftmiklum aðila til að annast bókhald og gjaldkerastörf fyrir Stjörnuna ehf, einkaleyfishafa Subway á Íslandi og tengd félög. Um krefjandi og fjölbreytt starf er að ræða á skemmtilegum og fjörugum vinnustað.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Almenn gjaldkerastörf
- Gerð greiðsluáætlana
- Gerð sjóðstreymis
- Umsjón með innkaupareikningum
- Færsla bókhalds dótturfélaga
- Reikningagerð
- Afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af bókhaldsstörfum er skilyrði
- Viðurkenndur bókari eða svipuð menntun æskileg
- Reynsla af gjaldkerastörfum og gerð sjóðstreymis æskileg
- Þekking á Navision eða sambærilegu fjárhagskerfi
- Góð kunnátta í Excel
- Gott vald á íslenskri tungu
- Góðir samskiptahæfileikar, jákvæðni og drifkraftur

**Upplýsingar veitir:**

**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk.**

Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Stjörnunni. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

**www.n1.is** **facebook.com/enneinn**




**Ef þú ert þessi nákvæma týpa og með glöggt auga fyrir tölum máttu endilega senda okkur umsókn.**

**Starfssvið:**

- Árs- og árshlutauppgjör og önnur upplýsingagjöf innanhúss og til hlutabréfamarkaðar
- Aðstoð við áætlunargerð
- Utanumhald á afstemmingum
- Eftirfylgni með samþykktum reikninga
- Skil og afstemmingar á opinberum gjöldum til skattyfirvalda

**Hæfniskröfur:**

- Framhaldsnám í reikningshaldi eða fjármálum eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af svipuðum störfum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og árangursdrifni
- Sjálfstæð vinnubrögð

N1 er skemmtilegur vinnustaður og mikil áhersla lögð á jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi þar sem hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín.

Við viljum gjarnan fá umsókn frá þér á **www.n1.is** merkta **sérfræðingur í hagdeild** ef þú hefur áhuga á að reikna með okkur.

**Umsóknarfrestur til 10. júní**

Við óskum eftir umsóknum frá báðum kynjum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Ester Sif Harðardóttir, deildarstjóri reikningshalds
í síma **440-1065** eða ester@n1.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 JAFNLAUNAVOTTUN VR

**Hluti af atvinnulífinu** N1

EY
Building a better working world

## Ernst & Young ehf. óskar eftir nemum sem stefna að löggildingu í endurskoðun

Við leitum að fólki sem skráð er í meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun og stefnir að því að verða löggiltir endurskoðendur.

Störf á endurskoðunarstofu byggja á gæðum og faglegum vinnubrögðum og umsækjendur þurfa því að hafa frumkvæði og getu til að starfa sjálfstætt og hafa ríka þjónustulund.

Við hjá EY erum sveigjanleg og reynum að koma til móts við ólíkar þarfir hvers starfsmanns og bjóðum m.a. nemum okkar upp á hlutastarf meðan á námi stendur.

EY er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki með yfir 212.000 starfsmenn í 150 löndum.

Umsóknir ásamt einkunnum sendist til Hildar Pálsdóttur,

hildur.palsdottir@is.ey.com

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní n.k.

www.ey.is

© 2016 Ernst & Young ehf. All Rights Reserved.

## Fasteignasali - Sölufulltrúi

Óskað er eftir löggiltum fasteignasala eða löggildingarnema til sölustarfa hjá fasteignasölu, sem hefur starfað í áratugi. Fyrirtækið er öflugt en ekki fjölmennt. Þóknun er afkastatengd en sölufólk hefur aðgang að opinni söluskrá fasteignasölunnar. Einungis dugmiklir einstaklingar sem ætla sér að ná toppárangri koma til greina.

Umsóknir sendist á box@frett.is merkt „fasteignir"

## Störf í hjólbarðaþjónustu

Við leitum að starfsfólki á þjónustustöðvar okkar í Reykjavík. Um er að ræða hvort tveggja tímabundin störf eða til framtíðar.

Umsókn er hægt að fylla út á dekkjahollin.is.

Nánari upplýsingar veitir Þorgeir í síma 460 3000

DEKKJAHÖLLIN
ÞEKKING & ÞJÓNUSTA Í 30 ÁR

2010 2015 Framúrskarandi fyrirtæki

## KERFISSTJÓRI ATM KERFA

Um er að ræða starf Unix/Linux kerfisstjóra ATM kerfa við flugumferðarmiðstöðina í Reykjavík. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín í öflugu teymi sem þróar og rekur hugbúnað fyrir flugumferðarstjórn. Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfni og örugga og þægilega framkomu.

Unnið er að hluta til á dagvöktum og bakvöktum. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Sjá nánar á vef isavia.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Rekstur og eftirlit með Unix/Linux kerfum, netkerfum og geymslulausnum.
- Uppsetning og viðhald tölvubúnaðar
- Skipulagning og vandamálagreining
- Þjónusta við notendur
- Önnur tilfallandi verkefni

Upplýsingar um starfið veitir **Arnar Þórarinsson**, rekstrarstjóri ATM deildar, netfang **arnar.thorarinsson@isavia.is**

Isavia rekur öflugt net flugvalla á Íslandi og flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims. Hjá Isavia og dótturfélögum vinnur samhentur hópur sem telur um 1.200 manns. Okkar markmið er að vera hluti af góðu ferðalagi allra þeirra sem fara um flugvelli okkar og flugstjórnarsvæði.



STARFSTÖÐ
**REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR
**13. JÚNÍ 2016**

UMSÓKNIR
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

16-1784 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... LÍFLEGUR VINNUSTAÐUR!

**Göngudeild innkirtlasjúkdóma**

## REYNDUR LÆKNIR

*Á göngudeild innkirtlasjúkdóma á lyflækningasviði starfar 15 manna þverfaglegt teymi að greiningu og meðhöndlun innkirtlasjúkdóma. Á einingunni er unnið markvisst að umbótum, námi og framþróun. Leitað er eftir reyndum lækni sem hefur lokið grunnnámi í lyflæknisfræði eða sérfræðilækni t.d. í heimilislækningum.*

*Í starfinu felast tækifæri til að dýpka þekkingu sína í greiningu og meðferð nokkurra af algengustu heilbrigðisvandamálum samfélagsins eins og sykursýki og skyldum vandamálum en einnig beinþynningu, skjaldkirtilssjúkdómum og fleiru.*

**Kvennadeild**

## NÁMSSTÖÐUR DEILDARLÆKNA

*Lausar eru til umsóknar námsstöður tveggja deildarlækna á kvennadeild Landspítala á kvenna- og barnasviði. Starfshlutfall er 100% með tilheyrandi bundnum vöktum. Stöðurnar eru veittar til þriggja ára að hámarki, þó til eins árs í senn.*

*Deildin hefur hlotið viðurkenningu á 24 mánaða framhaldsnámi í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum frá Evrópusamtökum fæðinga- og kvensjúkdómalækna (EBCOG). Um er að ræða skipulagt nám með logbók og sérhver deildarlæknir í námsstöðu hefur sinn eigin leiðbeinanda úr röðum sérfræðilækna.*

**Líknardeild**

## DEILDARLÆKNIR/ SÉRFRÆÐILÆKNIR

*Við sækjumst eftir lækni með góða færni í mannlegum samskiptum á Líknardeild í Kópavogi. Starfið hentar hvort heldur deildarlækni eða sérfræðilækni sem vill bæta við sig reynslu í líknarlækningum. Deildin heyrir undir lyflækningasvið Landspítala og samanstendur af 16 rúma legu-, dag- og göngudeild, sérhæfðri heimaþjónustu og unnið er í náinni samvinnu við líknarráðgjafateymi spítalans.*

*Skapað verður tækifæri fyrir deildarlækni til þessa að sinna afmörkuðu rannsóknarverkefni tengt deildinni. Deildarlæknir tekur ekki vaktir á líknardeild en getur sóst eftir vöktum á lyflækningasviði spítalans.*

**Laugarásinn**

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR ÁHUGAVERT STARF

*Við viljum ráða hjúkrunarfræðing sem hefur áhuga á geðhjúkrun og vill starfa með ungu fólki. Laugarásinn er meðferðar og endurhæfingardeild á geðsviði fyrir ungt fólk með byrjandi geðrofssjúkdóm. Á deildinni eru 7 sólarhringspláss en að stærstum hluta er starfsemi deildarinnar dagdeild þar sem um 80 einstaklingar sækja þjónustu.*

*Á deildinni er unnið fjölbreytt og sérhæft starf í snemmíhlutun geðrofssjúkdóma fyrir einstaklinga á aldrinum 18-30 ára. Starfsemin er í stöðugri þróun og er áhersla lögð á einstaklingsmiðaða þjónustu og virkt samstarf við fjölskyldur og aðstandendur. Um er að ræða fullt dagvinnustarf með tilheyrandi bakvöktum.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*



# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Verslunarstjóri

Eirberg LÍFSTÍLL

Við leitum að kraftmiklum verslunarstjóra fyrir lífstílsverslun okkar í Kringlunni

## Starfssvið og ábyrgð

- Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar.
- Umsjón með útliti verslunar og vöruframsetningu.
- Kynna vörur og veita ráðgjöf um notkun þeirra.
- Tryggja að þjónusta sé til fyrirmyndar.
- Markmiðasetning og eftirfylgni í samráði við stjórnendur.

## Eiginleikar og hæfniskröfur

- Góð reynsla af verslunarstjórn eða öðrum stjórnunarstörfum er skilyrði.
- Árangursdrifinn einstaklingur sem er lipur í mannlegum samskiptum.
- Hugmyndaríkur, jákvæður og skapandi einstaklingur.
- Búi yfir sjálfstæðum vinnubrögðum, sé lausnamiðaður og sýni frumkvæði.
- Hafi eldmóð, metnað og framúrskarandi þjónustulund.
- Menntun sem nýtist í starfi er mikill kostur.

Áhugasamir, sem vilja starfa hjá framsæknu fyrirtæki og sjá um rekstur á spennandi lífstílsverslun, þar sem lögð er áhersla á heilsu, lífsgæði og virkan lífstíl, sendi umsókn með starfsferilsskrá og mynd á agnar@eirberg.is merkt Verslunarstjóri.

Eirberg er reyklaus vinnustaður þar sem lögð er áhersla á heilsusamlegan lífstíl. Skipulagshæfileikar og metnaður til að ná árangri í starfi eru skilyrði fyrir ráðningu. Umsóknarfrestur er til 16. júní 2016. Fyllsta trúnaðar verður gætt.

*Eirberg ehf. er framsækið innflutnings- og þjónustufyrirtæki, sem byggir á traustum faglegum grunni og áratuga reynslu. Hjá okkur starfa um 30 manns, þar af heilbrigðismenntað fagfólk. Eirberg starfrækir verslanir á Stórhöfða og í Kringlunni auk heilbrigðissviðs og heildsölusviðs. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að vinnuvernd og hagræði.*

Eirberg

---

BYGG

# SMIÐIR ÓSKAST

Uppsláttagengi óskast til vinnu 4-5 saman í holli.
Mikil mælingarvinna í boði á höfðuborgarsvæðinu.

Einnig vantar smiði í innanhúsfrágang í Norðurturni o.fl.

**Upplýsingar veitir Gunnar í síma 693-7310 eða gunnar@bygg.is**

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Sérfræðingur á fjármálasviði

**Sveitarfélagið Árborg óskar eftir því að ráða í stöðu sérfræðings á fjármálasviði, um 100% starf er að ræða.**

**Í starfi sérfræðing felst m.a. :**

- Vinna við fjárhagsáætlunargerð.
- Vinna við uppgjör.
- Skýrslugerð og greiningar.
- Eftirlit með rekstri.Önnur verkefni.

**Menntunar og hæfniskröfur :**

- Viðskiptafræðimenntun.
- Góð bókhaldsþekking áskilin.
- Starfsreynsla æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Þekking og reynsla á Navison bókhaldskerfi og launakerfi H-launa er kostur.
- Gerð er krafa um nákvæm og öguð vinnubrögð og þarf viðkomandi að vera talnaglöggur.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri í síma 480-1900.

Laun fara eftir kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til 16.júní næstkomandi.**

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til Ingibjargar Garðarsdóttur fjármálastjóra, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegur 2, 800 Selfoss, netfang inga@arborg.is, merkt sérfræðingur.

---




# VIÐSKIPTASTJÓRI

Eimskip leitar að framsæknum og árangursdrifnum einstaklingi til framtíðarstarfa í stöðu viðskiptastjóra í Söludeild áætlunarflutninga.

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf með margvíslegum tækifærum í alþjóðlegu umhverfi.

Starf viðskiptastjóra byggir á sölu flutningaþjónustu sem snýr að innflutningi og tengdri þjónustu, ásamt því að veita faglega flutningaráðgjöf og þróa lausnir til handa viðskiptavinum Eimskips. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á tilboðs- og samningagerð, uppbyggingu tengsla og sölu á heildarþjónustu félagsins til viðskiptavina í innflutningi.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum, framúrskarandi góð þjónustulund og hæfni til að vinna í hópi
- Reynsla af sölu- og markaðsstörfum
- Reynsla af flutningum er æskileg en ekki skilyrði
- Hröð, nákvæm og öguð vinnubrögð ásamt góðum skipulagshæfileikum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Inga Steinunn, inga@hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til 14. júní 2016
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is



MEDIS

Medis leitar að öflugum liðsmönnum til að slást í hóp um 120 starfsmanna á Íslandi og erlendis. Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis og annast sölu á lyfjum og lyfja-hugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja. Velta fyrirtækisins er yfir 300 milljónir USD á ári og meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki heims.

## Verkefnastjóri í Planning & Analysis

Starfið tilheyrir Áætlana- og greiningarsviði Medis og sér deildin um að safna saman eftirspurn frá viðskiptavinum um framtíðarviðskipti, sér um vöruhús gagna, skýrslugerð, greiningarvinnu og innleiðingu bættra vinnuferla. Deildin er í miklum samskiptum við aðrar deildir Medis sem og fjármála- og framleiðslueiningar Actavis. Um er að ræða tímabundna stöðu til eins árs með möguleika á fastráðningu eftir þann tíma.

**Helstu verkefni:**

- Gagnameðhöndlun í gagnagrunnum Medis og Actavis
- Þátttaka í áætlanagerð, greiningarvinnu á sölu, pöntunum og áætlunum
- Gerð kynningarefnis og skýrslugerð
- Umbótavinna í ferlum
- Önnur verkefni tengd fjármálasviði Medis
- Samskipti við dótturfélög Actavis víðsvegar um heiminn

**Við leitum að einstaklingi**

- með háskólamenntun t.d. á sviði viðskipta/hagfræði/verkfræði
- sem er talnaglöggur
- með áhuga á upplýsingatækni
- með góða enskukunnáttu
- sem er skipulagður og lausnamiðaður
- sem er þjónustulundaður og lipur í mannlegum samskiptum

## Account Manager

Um er að ræða þrjú framtíðarstörf vegna aukinna umsvifa Medis. Störfin tilheyra deildinni Customer Service og sér deildin um samskipti við erlenda viðskiptavini, söluskrifstofur Medis erlendis, stoðdeildir og framleiðslueiningar Actavis. Deildin ber jafnframt ábyrgð á reikningagerð vegna vörusölu og kostnaðareftirliti. Account Manager er ábyrgur fyrir hópi erlendra viðskiptavina, er í daglegum samskiptum við þá og hefur yfirsýn yfir þarfir þeirra. Eitt starfanna þriggja krefst kunnáttu í spænsku, en farið er fram á mjög góða enskukunnáttu fyrir öll störfin.

**Helstu verkefni:**

- Samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu
- Heildaryfirsýn yfir þarfir viðskiptavina
- Eftirfylgni og stuðningur við viðskiptavini Medis og framleiðslueiningar Actavis

**Við leitum að einstaklingum**

- með háskólamenntun sem nýtist í starfi
- með mjög góða enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli; öll önnur tungumálakunnátta er kostur
- sem tileinka sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- sem búa yfir mikilli samstarfs- og skipulagshæfni
- sem vinna vel undir álagi og geta fylgt ströngum tímalínum

## Labelling Manager

Lyfjaupplýsingadeild (Prescribing & Patient Information) tilheyrir skráningarsviði Actavis og ber ábyrgð á gerð lyfjaupplýsinga þegar sótt er um markaðsleyfi fyrir lyf á alþjóðavísu og viðhald á þeim. Til lyfjaupplýsinga telst samantekt um eiginleika lyfs, áletrun umbúa og upplýsingar í fylgiseðli ætluðum notendum lyfsins.

Labelling Manager sér um undirbúning, gerð og viðhald á lyfjaupplýsingatextum m.a. uppfærslu vegna nýrra upplýsinga varðandi öryggi við notkun lyfs (safety variations), til innsendingar og samþykktar hjá skráningaryfirvöldum. Megin samskiptatungumál deildarinnar er enska og lyfjaupplýsingatextar eru unnir á ensku. Um er að ræða tvær tímabundnar stöður til sex mánaða.

**Helstu verkefni:**

- Gerð lyfjaupplýsinga vegna umsókna um markaðsleyfi
- Viðhald lyfjaupplýsinga eftir veitingu markaðsleyfa
- Tryggja að reglum, leiðbeiningum og fyrirmælum ESB/EES sé fylgt hvað varðar lyfjaupplýsingar
- Eftirfylgni með að verklagsreglum Actavis sé fylgt hvað varðar lyfjaupplýsingar

**Við leitum að einstaklingum**

- með háskólamenntun í lyfjafræði, læknisfræði eða öðrum heilbrigðis-/lífvísindum
- með mjög góða enskukunnáttu, önnur tungumálakunnátta er kostur
- með reynslu af textagerð
- sem eru nákvæmir og sjálfstæðir í vinnubrögðum
- með góða almenna tölvukunnáttu
- með þekkingu á lyfjaskráningum, lyfjagát eða klínískum rannsóknum (Labelling Manager)



**Hjá Actavis og Medis bjóðum við upp á:**

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag



**Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði.**
**Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk.**

**Nánari upplýsingar um störfin veita Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is og Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, risaksdottir@actavis.com.**

Actavis

www.actavis.is

GRILLHÚSINU Í TRYGGVAGÖTU VANTAR

## HRESSAN OG DUGLEGAN LEIÐTOGA

SEM GETUR STJÓRNAÐ VAKT Í VEITINGASAL

Viðkomandi þarf að uppfylla eftirfarandi:

- **vera mjög þjónustulundaður**
- **frábær í mannlegum samskiptum**
- **kunna að stjórnað sínu starfsfólki**
- **sjá til þess að gæði og þjónusta sé samkvæmt stöðlum Grillhússins**

Unnið er á svokölluðum 2-2-3 vöktum frá 10:30 til 22:30, 15 daga í mánuði. **Einungis um framtíðarstarf er að ræða.**

Sendu ferilskrá á tryggvagata@grillhusid.is

**Umsóknafrestur eru til 10.júlí**



Grillhúsið +354 527 5000 grillhusid.is

Deilir Technical Services

## Málmsuðumaður

Deilir auglýsir laust starf málmsuðumanns. Reynsla og þekking af viðhaldsstörfum við orkuver er kostur en ekki skilyrði. Hæfniskröfur starfsmanns eru nákvæmni, góð almenn verkkunnátta og gott vald á Tig-Mig- og pinnasuðu. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á Jóhann Jónasson á netfangið jj@dts.is.

**Lokadagur umsókna er til og með 20. Júní nk.**

Deilir sérhæfir sig í þjónustu við Jarðorkuver. Starfsmenn Deilis eru sérfræðingar í gufuhverflum og tengdum búnaði og veita orkufyrirtækjum faglega þjónustu varðandi upptektir, ástandsgreiningu og varahlutaþjónustu.
Sjá nánar á **www.dts.is**

## Vörubílstjórar

**Urð og Grjót ehf** óskar eftir vörubílstjórum í vinnu, bæði til skammtíma og langtíma.

Áhugasamir hafið samband á **urdoggrjot@urdoggrjot.is**

*Félags- og skólaþjónusta A-Hún*

## Félagsmálastjóri

Félags- og skólaþjónusta A-Hún auglýsir stöðu félagsmálastjóra í Austur Húnavatnssýslu lausa til umsóknar. Gerð er krafa um próf frá viðurkenndum háskóla af sviði félags- og uppeldisfræða eða sambærileg menntun. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af stjórnun og/eða ráðgjöf í opinberri stjórnsýslu og hafi þekking á viðeigandi lagaumhverfi, s.s. um barnavernd og réttindi barna, málefni aldraðra, fatlaðra og félagsþjónustu. Einnig er mikilvægt að umsækjendur hafi reynslu og þekkingu á rekstri og mjög góða færni í mannlegum samskiptum. Umsóknarfrestur er til 20. júní 2016.

Æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Umsóknum skal skila til Félags- og skólaþjónustu A Hún., Flúðabakka 2, 540 Blönduósi.

Nánari upplýsingar veitir Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri í síma 4554170 eða Gsm:863 5013
Netfang: ***audurh@felahun.is*** og
Magnús B. Jónsson framkvæmdastjóri Félags- og skólaþjónustu A-Hún s:4552700 eða Gsm:8994719
netfang: ***magnus@skagastrond.is***



## Viltu vera með?

**Starfsmaður í tekjuskráningu**

Ert þú öflugur og talnaglöggur einstaklingur með auga fyrir smáatriðum? Þá erum við að leita af þér til að ganga til liðs við tekjuskráningarhópinn okkar. Í starfinu munt þú halda utan um verkbókhald Advania, gefa út reikninga og gæta þess að þeir séu í samræmi við samninga við okkar viðskiptavini.

Ef þú vilt vinna með hressu og skemmtilegu fólki í lifandi umhverfi, þá skaltu drífa þig á vefinn okkar og senda inn umsókn.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Nám í viðskiptafræði, bókhaldi eða öðrum viðskiptatengdum greinum
- Þekking og færni á Navision eða sambærilegu bókhaldskerfi
- Reynsla af verkbókhaldi og samningum telst mikill kostur
- Góð þekking og færni á Excel og góð almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

Tekið er á móti umsóknum á **www.advania.is/atvinna**
Frekari upplýsingar veitir Sigrún Ósk Jakobsdóttir, **sigrunosk@advania.is**, 440 9000.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2016.**

Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og svara lausnir fyrirtækisins þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutíminn sveigjanlegur. Virk jafnréttis- og samgöngustefna er hjá fyrirtækinu. Við viljum nefnilega vera besti vinnustaður landsins!

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania Welcome to IT

Vinakot

## Starfsfólk í hlutastarf

Vegna aukinna verkefna leitum við hjá Vinakoti að öflugu starfsfólki í hlutastarfi. Um er að ræða vaktavinnu með ungmennum með fjölþættan vanda.

Við rekum skammtíma- og langtíma búsetu fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Í starfi okkar höfum við að leiðarljósi að skapa börnunum og ungmennunum öruggt og heimilislegt umhverfi. Lesa má meiri um okkur á vinakot.is

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Þátttaka í einstaklingsáætlunum og teymisvinnu
- Hvetja og styðja ungmennin til sjálfstæðis og virkni
- Umönnun og félagslegur stuðningur
- Vera fyrirmynd fyrir ungmennin
- Almennt heimilishald

**Hæfniskröfur**

- Áhugi og metnaður fyrir að starfa með unglingum með fjölþættan vanda
- Reynsla af því að starfa með fólki
- Þekking á einhverfu er æskileg
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- 20 ára eða eldri
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög

**Auk þess skiptir máli að búa yfir**

- Sveigjanleika og færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að takast á við óvæntar aðstæður
- Frumkvæði, jákvæðni og áhugasemi í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Bæði kynin eru hvött til að sækja um starfið.

Opið er fyrir umsóknum og þurfa umsækjendur að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Sóley Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri, á soley@vinakot.is

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á starf@vinakot.is

- Fagmennska, umhyggja og traust eru gildin sem við vinnum eftir -

**Okkur vantar bifreiðasmiði eða vana menn til starfa í réttingadeildina hjá okkur.**

**Áhugasamir sendi inn umsóknir á bjarni@bilastjarnan.is**

Bílastjarnan
Bílamálun og Réttingar



## Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi vantar enskukennara og stuðningsfulltrúa til starfa frá komandi hausti.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má fá hjá skólastjóra í síma 480-5400 og á vefsíðu skólans: ***http://www.sunnulaekjarskoli.is***

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, ***birgir@sunnulaek.is*** eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

**Umsóknarfrestur er til 12. júní 2016.**

**Skólastjóri**

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

## GUÐMUNDUR JÓNASSON EHF
Óskar eftir að ráða
**fjármálastjóra**

Guðmundur Jónasson ehf er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins og fagnar í ár 85 ára afmæli.
Fyrirtækið rekur öfluga ferðaskrifstofu og gerir út fjölda hópferðabifreiða. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur starfsfólks með breiða þekkingu og reynslu af ferðaþjónusturekstri.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Kostnaðareftirlit, kostnaðargreining og gerð kostnaðaráætlana
- Yfirumsjón með reikningagerð, innheimtu og bókhaldi
- Yfirumsjón með launaútreikningum og samningagerð
- Áætlanagerð vegna reksturs, fjárfestinga og sjóðstreymis
- Framsetning rekstraruppgjöra og annarra stjórnendaupplýsinga
- Umsjón með gerð ársreikninga og samskipti við endurskoðendur
- Hagræðing í rekstri og endurskoðun verkferla
- Samskipti við birgja, lánadrottna og viðskiptavini
- Upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra

**Hæfniskröfur:**

- Meistaragráða á sviði fjármála, t.d. viðskiptafræði og eða endurskoðun
- Víðtæk þekking og reynsla á sviði fjármála, bókhalds og reksturs
- Hæfni og reynsla í samningagerð
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Mjög góð samskiptahæfni
- Góð enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 24. júní.**
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á **https://gjtravel.rada.is**
Umsóknum þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Gunnarsson ***stefan@gjtravel.is.***
Fyllsta trúnaðar verður gætt og öllum umsóknum verður svarað.

1931 - 2016
85 YEARS OF EXCELLENCE

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða aðstoðarskólastjóra við Hólabrekkuskóla

**Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólastjóra við Hólabrekkuskóla.**

Hólabrekkuskóli er heildstæður grunnskóli í Reykjavík með tæplega 500 nemendur og um 70 starfsmenn. Leiðarljós Hólabrekkuskóla er virðing, gleði og umhyggja. Í skólanum er unnið eftir Uppbyggingastefnunni/uppeldi til ábyrgðar sem bæði Olweusarverkefni skólans og Vinaliðaverkefni falla vel að. Í skólanum er lögð áhersla á að öllum líði vel auk þess sem áhersla er á að veita nemendum þjálfun í lífsleikni og sjálfsaga. Mikil og góð skólaþróun á sér stað í Hólabrekkuskóla. Má þar nefna byrjendalæsið, læsi til náms / orð af orði, gagnvirkan lestur og gerð hugtakakorta. Aukin áhersla er á þematengt nám þvert á árganga til að auka lykilhæfni meðal nemenda og teymisvinnu hjá kennurum. Hólabrekkuskóli tekur þátt í nokkrum Breiðholtsverkefnum t.a.m. Læsi allra mál – læsi í víðum skilningi og Heilsueflandi Breiðholt sem tengist Heilsueflandi grunnskóla. Hólabrekkuskóli er í fararbroddi í notkun á Námsvef grunnskóla (Moodle) og í innleiðingu á tækni í námi og kennslu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar
- Að hafa faglegt utanumhald um skólanámskrárvinnu og starfáætlun
- Að leiða vinnu við innra mati á skólastarfi
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins

**Hæfniskröfur**

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari og kennslureynslu í grunnskóla.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða stjórnunarreynsla í grunnskóla æskileg
- Þekking og forystuhæfileikar til að leiða framsækna skólaþróun.
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsókninni skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari auk annarra gagna er málið varðar. Óskað er eftir að með umsókninni fylgi greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarf.

**Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2016. Umsóknarfrestur er til og með 14. júní 2016.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
**Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri Hólabrekkuskóla, holmfridur.g.gudjonsdottir@reykjavik.is og í síma 411 7550 / 6648235**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða leikskólastjóra við leikskólann Reynisholt

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Reynisholti**

Reynisholt er fjögurra deilda leikskóli við Gvendargeisla í Grafarholti, staðsettur í fallegum trjálundi í næsta nágrenni við Reynisvatn. Helsta áherslan í starfi leikskólans er lífsleikninám með virðingu fyrir margbreytileika samfélagsins. Heilbrigði og vellíðan eru höfð að leiðarljósi í starfinu þar sem snerting, jóga og slökun eru meðal grunnþátta. Leikskólinn er Grænfánaskóli og unnið er að þróunarverkefni um læsishvetjandi umhverfi í samvinnu við foreldra.

**Leitað er að einstakling sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram metnaðarfullt leikskólastarf í Reynisholti.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2016. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní 2016.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu, sími 411 1111.
Netfang: hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

**RAFVIRKJA-SVEINAR ÓSKAST**

Árvirkinn SELFOSSI www.arvirkinn.is

VIÐ VILJUM RÁÐA RAFVIRKJASVEINA TIL STARFA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.
UMSÓKNIR SENDIST Á PÓSTFANGIÐ
*rafvirkinn@rafvirkinn.is*

---

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ AKRANESI

**Meiraprófsbílstjórar óskast til starfa**

**Umsókn og frekari upplýsingar sendist á netfangið trukkur@bifreidastod.is**

---

EPOXY FLEX GÓLFLAGNIR

## Starfsfólk óskast!

Óskum eftir starfsfólki í almenna iðnaðarvinnu.
Um sumarstarsmenn er að ræða – jafnvel framtíðarstarf.
Góð laun og fríðindi í boði.
Ekki yngri en 18 ára .

**Upplýsingar í síma 892 0378.**

---




# Verkfræðingar eða tæknifræðingar

**AKRANES**
Verkís óskar eftir að ráða verkfræðing eða tæknifræðing á starfsstöð fyrirtækisins á Akranesi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Byggingar- eða rafmagnsverkfræðingur/tæknifræðingur
- A.m.k. 3 ára starfsreynsla
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Öflugur liðsmaður við verkefnaöflun

**SELFOSS**
Verkís óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing eða byggingar-tæknifræðing á starfsstöð fyrirtækisins á Selfossi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Byggingarverkfræðingur/byggingartæknifræðingur
- A.m.k. 3 ára starfsreynsla
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir: Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á ráðningarvef Verkís (umsokn.verkis.is) fyrir 13. júní n.k.**

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA
Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - 422 8000

---

## Seltjarnarnesbær
## Grunnskóli Seltjarnarness

**Grunnskóli Seltjarnarness óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf frá hausti 2016:**

- **Umsjónarkennari,** fullt starf.
- **Heimilisfræðikennsla,** hlutastarf.
- **Starfsfólk vantar í Skólaskjól / frístund,** lengda viðveru fyrir nemendur í 1.-4.bekk, og **stuðningsfulltrúa vantar í hlutastörf við skólann.**

Nánari upplýsingar um öll störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar **www.seltjarnarnes.is – Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 17. júní næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

seltjarnarnes.is SELTJARNARNESBÆR

---

# OKKUR VANTAR KENNARA
## Í HRAUNVALLASKÓLA

Einstaklingsmiðuð kennsla sem byggir m.a. á samvinnu, samskiptum og gagnrýnni hugsun nemenda.
**Nánar á hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

**ÞJÓNUSTUVER**
Opið frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

---

**365 óskar eftir góðu fólki**

# SÖLUMAÐUR ÁSKRIFTA OG FJARSKIPTADEILDAR

**Vegna aukinna umsvifa leitum við að röskum og metnaðarfullum sölumanni.**

**Góð laun í boði fyrir góðan árangur í sölu.**

Helstu kröfur:
- Reynsla af sölumennsku æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir "laus störf".**

**Umsóknarfrestur er til og með 19. júní.**

**Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

REYKJALUNDUR
endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

## Móttökuritari

Reykjalundur auglýsir stöðu móttökuritara lausa til umsóknar. Um er að ræða 81,25% starfshlutfall og er um framtíðarstarf að ræða.

Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, töluglöggur, búa yfir sveigjanleika, almennri tölvuþekkingu og einstakri hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfið felst í almennum móttökustörfum, símavörslu og skráningu á göngudeild.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings SFR og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið veitir Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri ***gudbjorg@reykjalundur.is*** eða í síma 585 2143 og Lára M. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar ***laras@reykjalundur.is*** eða í síma 585 2129.

Umsóknarfrestur er til 18. júní 2016 og umsóknarform má finna á heimasíðu Reykjalundar.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

## Máltökumaður

Steinsmiðjan Rein leitar að máltökumanni sem gæti hafið störf sem fyrst.

**Starfslýsing:**
Máltaka fyrir borðplötur,sólbekki og fl. úr náttúrustein.
Unnið er með nýjustu stafræna tækni.
Um er að ræða líkamlega auðvelt starf sem þó krefst töluverðar hugarleikfimi.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af lestri og eða gerð teikninga, reynsla af hvers konar smíðavinnu er mikill kostur.
Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á CAD umhverfi er kostur.
Viðkomandi þarf að vera mjög nákvæmur og geta unnið sjálfstætt.

Áhugasamir sendi póst á rein@rein.is og öllum umsóknum verður svarað

Steinsmiðjan Rein | Viðarhöfða 1 | 110 Reykjavík




ÍSLENSKA SIA.IS ITS 80131 06/16

**Icelandair óskar eftir öflugum liðsmönnum til starfa með verkfræðideild félagsins í Hafnarfirði. Verkfræðideild Icelandair sinnir m.a. eftirliti með viðhaldi burðarvirkja og innréttingum (Structures/Interior Engineer), eftirliti með loft- og vökvakerfum (Systems Engineer), eftirliti með hreyflum (Powerplant Engineer) og greiningu áreiðanleika á viðhaldsgögnum flugvéla og íhluta (Reliability Engineer).**

**STARFSSVIÐ:**
- Afgreiðsla lofthæfifyrirmæla og breytinga frá framleiðendum
- Verkfræðiaðstoð við viðhald, rekstur og viðvarandi lofthæfi
- Umsjón með tæknigögnum er snúa að viðvarandi lofthæfi
- Greining á viðhaldsgögnum og áreiðanleika flugvéla og íhluta
- Samskipti við framleiðendur og viðhaldsaðila
- Verkefnastjórnun og kostnaðareftirlit

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Próf í verkfræði eða tæknifræði
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Þekking og reynsla af úrvinnslu áreiðanleikagagna er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Góð enskukunnátta í bæði rituðu og töluðu máli er skilyrði
- Sjálfstæð og ögu vinnubrögð

**Nánari upplýsingar veita:**
Unnar Sumarliðason | unnar@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á vef félagsins, www.icelandair.is/umsokn, eigi síðar en 19. júní.

ICELANDAIR



REYKJAVÍK
MARINA
Icelandair Hotels

# Herbergjaþrif / Housekeeping

Icelandair hótel Reykjavík Marina leitar að öflugum liðsmönnum í herbergjadeild. Helstu verkefni eru herbergjaþrif skv. gæðastöðlum fyrirtækisins og önnur verkefni herbergjadeildar þar sem markmiðið er að bjóða gestum upp á fyrirmyndar umhverfi og þjónustu.

Icelandair Hotel Reykjavík Marina is looking for enthusiastic team members in housekeeping. Main responsibilities are room cleaning according to quality standards and other housekeeping tasks where the goal is to create exemplary environment and service for our guests.

**Hæfniskröfur / Requirement**
- Gott vald á ensku / Good English skills
- Rík þjónustulund / Good service orientation
- Auga fyrir smáatriðum / Attention to detail
- Lipurð í mannlegum samskiptum / Good communication skills
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum / Initiative and independent working approach
- Snyrtimennska og stundvísi / Tidiness and punctuality

**Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar í gegnum heimasíðu okkar: icelandairhotels.is. Umsóknarfrestur er til og með 12. júní.**
Applications and résumés are accepted through our website: icelandairhotels.is. Application deadline is 12th of June.

**Nánari upplýsingar veitir: / For Information:**
Paulina Agnieszka Kieszek, yfirþerna / housekeeping manager: paulina@icehotels.is

Hjá Icelandair hótelum starfar úrvals hópur með sameiginleg markmið þar sem borin er virðing fyrir gestum og samstarfsmönnum. Leitast er við að efla faglega þróun starfsmanna svo þeir geti sem best sinnt starfi sínu.

At Icelandair Hotels we have a diverse group of people working together towards a common goal, we respect each other and our guests. When hiring we look for certain qualities, such as positivity and willingness to learn and succeed.

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com



# Stöður sérfræðinga hjá innanríkisráðuneytinu

Sérfræðingunum er ætlað að vinna að samþættingu stefnumótunar og fjárlaga á grunni nýrra laga um opinber fjármál. Annars vegar er um að ræða starf hjá skrifstofu fjármála og rekstrar og hins vegar á skrifstofu stefnumótunar og þróunar.

## Skrifstofa fjármála og rekstrar

Helstu verkefni:

- Rekstrarúttektir og greiningar
- Eftirlit með framkvæmd fjárlaga
- Samstarf og samvinna við stofnanir ráðuneytisins

## Skrifstofa stefnumótunar og þróunar

Helstu verkefni:

- Stefnumótun og eftirfylgni stefna
- Árangursmælingar og skýrslugerð
- Samþætting opinberra stefna
- Samstarf og samvinna við stofnanir ráðuneytisins

Krafa er gerð um háskólamenntun og framhaldsmenntun, t.d. á sviði viðskipta, hagfræði eða verkefnisstjórnunar. Frekari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur vegna starfanna má finna á vefsíðu ráðuneytisins **www.irr.is** eða á **www.starfatorg.is**

Frekari upplýsingar um störfin veita Ingilín Kristmannsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu stefnumótunar og þróunar, og Pétur U. Fenger, skrifstofustjóri skrifstofu fjármála og rekstrar, í síma 545 9000.

Í báðum tilvikum er um fullt starf að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 20. júní nk.
Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins:
http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík Sími 545 9000

---

**Auglýst er eftir skólastjóra/kennara í Finnbogastaðaskóla í Árneshreppi á Ströndum.**

Um er að ræða lítinn skóla í stórbrotnu umhverfi. Vegna smæðar samfélagsins eru kennarar með börn á skólaaldri hvattir til að sækja um.

Starfið losnar haustið 2016 og er samkomulagsatriði hvenær nýr skólastjóri/kennari hefur störf. Húsnæði í boði og möguleikar á annarri atvinnu.

**Nánari upplýsingar veitir Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti s. 451-4001 eða arneshreppur@arneshreppur.is**

**Umsóknarfrestur er til 10. júní 2016.**

---

# Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Aðstoðar matráður í leikskólann Efstahjalla
- Deildarstjóri í leikskólann Efstahjalla

**Grunnskólar**

- Kennari á miðstigi í Álfhólsskóla
- Textílkennari í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari í Kársnesskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Lindaskóla
- Skólaliði í gæslu / ræstingar í Lindaskóla
- Textílkennari í Salaskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla
- Skólaliðar í Smáraskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

---

**LÆKNASTÖÐUR Á HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS**

# FJÓRAR STÖÐUR LÆKNA Í HEILSUGÆSLU HSA

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar eftir fjórum læknum til starfa sem hér segir: Yfirlæknir í Fjarðabyggð og yfirlæknir á Egilsstöðum. Tveir heilsugæslulæknar, annar með aðalstarfsstöð í Fjarðabyggð og hinn á Egilsstöðum. Stöðurnar veitast frá 01.09. 2016 og eru 100%, nema um annað sé samið.

Austurland er stórt og dreifbýlt með um 11 þúsund íbúa, þar sem HSA sinnir allri heilsugæslu á mörgum stöðvum, rekur Umdæmissjúkrahús Austurlands/FSN og þrjár hjúkrunardeildir. Auk lækna í heilsugæslu, skurðlæknis og svæfingalæknis á sjúkrahúsinu starfar húðsjúkdómalæknir hjá HSA og þar er reglulega veitt ýmiss konar önnur sérfræðiþjónusta. HSA hefur langa reynslu af kennslu læknanema, kandídata og sérfræðinema í heimilislækningum. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu lækna með öðru fagfólki, þ.á.m. hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum.

**Umsóknarfrestur er til 30.júní 2016.**
Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands, en áhugasamir eru hvattir til að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um kjör.

Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

**Nánari upplýsingar veita**

Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga
s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.i

Emil Sigurjónsson, mannauðsstjóri
s. 470-3053 og 895-2488, netf. emils@hsa.is

Kristín B. Albertsdóttir forstjóri HSA
s. 470-3051 og 866-8696, netf. kba@hsa.is.



**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Yfirlæknir samkvæmt starfslýsingu.
- Almennar lækningar.
- Heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Kennsla nema.
- Þátttaka í vísindastarfi, gæða- og umbótaverkefnum.

**Hæfnikröfur**

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum er krafa varðandi yfirlæknisstarfið og æskileg en ekki skilyrt fyrir hinar stöðurnar.
- Sjálfstæði í starfi, skipuleg og öguð vinnubrögð og faglegur metnaður.
- Reynsla af og vilji til þverfaglegrar samvinnu (teymisvinnu).
- Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki.
- Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.
- Íslenskukunnátta áskilin.

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpavogi til Bakkafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. Á þjónustusvæði HSA eru auk þess fimm heilsugæslustöðvar, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins. HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.

---

# LANDSLÖG

## Landslög leita að lögfræðingi til að sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Reynsla af lögfræðistörfum
- Málflutningsréttindi æskileg
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Gott vald á talaðri og rituðu íslensku
- Góð kunnátta í ensku

Á Landslögum starfa 20 lögmenn og fjöldi annarra starfsmanna. Helstu verkefni Landslaga eru á sviði samningagerðar og málflutnings fyrir dómstólum auk ráðgjafar á ýmsum sviðum. Þá hefur stofan sérhæft sig í uppgjöri slysa- og skaðabótamála, fjármálarétti, hlutafélagarétti, samkeppnisrétti, fasteignarétti, sveitarstjórna- og stjórnsýslurétti og verktaka og - útboðsrétti.

Nú leita Landslög að liðsauka. Kostur er ef umsækjendur hafa reynslu af verktaka- og útboðsrétti eða félaga- og fjármálarétti.

Umsóknir berist Landslögum, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, eða á netfangið landslog@landslog.is fyrir 20. júní nk.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

*Nánari upplýsingar um Landslög er að finna á heimasíðu lögmannsstofunnar www.landslog.is*

Borgartún 26
105 Reykjavík
Sími: 520 2900
Fax: 520 2901

Kt.: 450710-0830
Vsk.: 105456
www.landslog.is

## Hjúkrunarfræðingur óskast

Heilsugæslan í Lágmúla óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing. Um er að ræða 50% stöðu frá og með 1. júní nk. eða eftir samkomulagi.

Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri. Sími 595 1300. Póstfang: steinunn@hglagmuli.is

## Sölu- og kynningarstarf

Við erum útgáfufyrirtæki sem er að stækka sölu- og markaðsdeildina og leitum því að góðum starfsmanni með jákvætt viðmót í teymið okkar.
Um er að ræða áhugavert sölu- og kynningarstarf á fjölbreyttum útgáfum og rafrænna APP miðla.

Við erum að leita af starfsmönnum í fullt starf og hlutstarf.
**Umsóknarfrestur er til 10 júní**
öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir sendist á Gunnar (***today@today.is***)

## Starfsmaður á steypudælu

Steypustöð Skagafjarðar ehf óskar eftir að ráða starfsmann á steypudælu. Mjög gott ef viðkomandi hefði einhverja reynslu en það er ekki skilyrði. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf og vinnuvélaréttindi. Um er að ræða framtíðarstarf og mikil vinna í boði.

**Umsóknarfrestur er til 12. júní 2016**

Umsóknum skal skilað til Ásmundar Pálmasonar á netfangið steypustod.ajp@simnet.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Steypustöð Skagafjarðar ehf | Skarðseyri2 | 550 Sauðárkrókur, sími 453 5581 | steypustod@simnet.is

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu hagmála og fjárlaga

Velferðarráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings á sviði greininga.

**Starfssvið**

- Upplýsingaöflun og framsetning tölfræðilegra upplýsinga.
- Greining, úrvinnsla gagna og gerð spálíkana.
- Kostnaðargreining og gerð og umsjón reiknilíkana.
- Þátttaka í stefnumótun í málaflokkum ráðuneytisins í samstarfi við fagskrifstofur og stofnanir ráðuneytisins.
- Gerð fjárlagatillagna, rekstrar- og framkvæmdaáætlana og eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í hagfræði, tölfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun. Framhaldsmenntun er kostur.
- Færni í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, kostnaðargreiningu og kostnaðareftirliti.
- Þekking á gagnasöfnum og -grunnum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan og agaðan hátt.
- Færni í miðlun upplýsinga í mæltu og rituðu máli.
- Góð kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli er kostur.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslunni og fjárlagagerð er kostur.
- Þekking á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er kostur.
- Þekking og reynsla af teymisvinnu og verkefnisstjórnun er kostur.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi. Nánari upplýsingar veita Ólafur Darri Andrason, skrifstofustjóri, olafur.darri@vel.is, og Dagný Brynjólfsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra, dagny.brynjolfsdottir@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, eða á netfangið: **postur@vel.is eigi síðar en 20. júní nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 2. júní 2016.*

HEILSUGÆSLAN



# Störf sálfræðinga

## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Laus eru til umsóknar störf sálfræðinga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða eitt 100% starf eða tvö 50% störf hjá Heilsugæslunni Árbæ, 50% starf hjá Heilsugæslunni Efstaleiti, 50% starf hjá Heilsugæslunni Garðabæ, 50% starf hjá Heilsugæslunni Hvammi, 50% starf hjá Heilsugæslunni Miðbæ, 50% starf hjá Heilsugæslunni Mosfellsumdæmi og 100% starf hjá Heilsugæslunni Seltjarnarnesi og Vesturbæ. Áætlað er að viðkomandi hefji störf 15. ágúst eða eftir nánara samkomulagi. Fram þarf að koma í umsókn um hvaða starfsstöð/stöðvar er sótt.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

Móttaka barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra sem hefur verið vísað til sálfræðings vegna geðrænna vandamála.

Sálfræðingar starfa í teymi með læknum og hjúkrunarfræðingum á heilsugæslustöðinni og í nánini samvinnu við skóla og félagsþjónustu á svæðinu.

Viðkomandi mun taka þátt í þróun og uppbyggingu sálfræðiþjónustu á starfsstöð sinni.

### *Hæfniskröfur*

Leitað er að dugmiklum sálfræðingum með reynslu af meðferð barna og unglinga með geðrænan vanda. Viðkomandi þurfa að hafa þekkingu á gagnreyndum aðferðum, s.s. hugrænni atferlismeðferð.

Nauðsynlegt er að búa yfir mikilli lipurð í mannlegum samskiptum og ástunda öguð og fagleg vinnubrögð. Mikilvægt er að geta unnið sjálfstætt en eiga einnig auðvelt með að vinna í þverfaglegu teymi. Þörf er á góðri almennri tölvukunnáttu.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Stéttarfélag er Sálfræðingafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is). Vinsamlegast skráið í umsókn hvaða starfsstöð og starfshlutfall óskað er eftir.

Starfshlutfall er 50 - 100%. Umsóknarfrestur er til og með 20.06.2016.

**Nánari upplýsingar veita** Agnes Agnarsdóttir, fagstjóri sálfræðiþjónustu – agnes.agnarsdottir@heilsugaeslan.is - 852-1225 og Baldur Ingi Jónasson, mannauðsráðgjafi – baldur.ingi.jonasson@heilsugaeslan.is - 585-1329.

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**



# Forritaþróun fyrir landbúnað

Upplýsingatæknisvið Bændasamtaka Íslands óskar eftir að ráða forritara til starfa í Reykjavík. Tilvonandi starfsmaður mun vinna við þróun vefforrita fyrir landbúnað.

**Æskileg þekking og reynsla:**

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Python, Django og Linux
- Oracle gagnagrunnur
- Java
- HTML5 og CSS3
- Javascript og jQuery
- Agile/Scrum aðferðafræði

**Hæfniskröfur:**

- Geta til að vinna í teymi og sjálfstætt
- Frumkvæði, metnaður og framsýni
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði er fjölbreytt og spennandi forritunarstarf þar sem reynir á teymisvinnu, sjálfstæð vinnubrögð og getu til að takast á við krefjandi verkefni.
Umsóknarfrestur er til 22. júní 2016.

Nánari upplýsingar gefur Þorberg Þ. Þorbergsson, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs Bændasamtaka Íslands, í síma 563-0300 eða í netfangið thorberg@bondi.is.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Bændasamtök Íslands – Bændahöllin við Hagatorg - 107 Reykjavík - www.bondi.is – 563-0300

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201606/806 |
| Eðlisfræðingur | Geislavarnir ríkisins | Reykjavík | 201606/805 |
| Sérfræðingur á sviði greininga | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201606/804 |
| Skrifstofustjóri | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201606/803 |
| Mannauðsstjóri | Hafrannsóknarstofnun | Reykjavík | 201606/802 |
| Læknastöður | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Austurland | 201606/801 |
| Aðst.maður við endurhæfingu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201606/800 |
| Sjúkraliðar/st.fólk í aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201606/799 |
| Sálfræðingar | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Höfuðb.svæðið | 201606/798 |
| Framhaldsskólakennari, líffræði | Menntaskólinn við Sund | Reykjavík | 201606/797 |
| Almennur starfsmaður | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Hvammstangi | 201606/796 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Hvammstangi | 201606/795 |
| Lífeindafræðingur | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Patreksfjörður | 201606/794 |
| Ráðgjafi/verkefnastjóri | Ríkiskaup | Reykjavík | 201606/793 |
| Ljósmóðir, fæðingadeild | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201606/792 |
| Sjúkraliðar | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201606/791 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201606/790 |
| Læknir | LSH, göngudeild innkirtlasjúkdóma | Reykjavík | 201606/789 |
| Deildarlæknir/sérfræðilæknir | LSH, Líknardeild | Kópavogur | 201606/788 |
| Starfsmaður | ÁTVR, Vínbúðin | Vík | 201606/787 |
| Starfsmaður | ÁTVR, Vínbúðin | Dalvík | 201606/786 |
| Verslunarstjóri | ÁTVR, Vínbúðin | Akranes | 201606/785 |
| Læknir | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201606/784 |
| Lífeindafræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201606/783 |
| Móttökuritari/ritari | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201606/782 |
| Lektor við iðjuþjálfunardeild | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201606/781 |
| Námsráðgjafi | Framhaldsskóli A.-Skaftafellssýslu | Höfn | 201606/780 |
| Ræstitæknir | Verkmenntaskóli Austurlands | Egilsstaðir | 201606/779 |
| Dýralæknar, tímabundið | Matvælastofnun | Ýmsir staðir | 201606/778 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, Laugarásinn meðferðargeðdeild | Reykjavík | 201606/777 |
| Námsstöður deildarlækna | LSH, kvennadeild | Reykjavík | 201606/776 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201606/775 |
| Heilsugæsluritari | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vík | 201606/774 |
| Starfsm. í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201605/773 |
| Eftirlitsmaður | Vinnueftirlitið | Akranes | 201605/771 |

## Kaldrananeshreppur óskar eftir að ráða leikskólakennara.

**Við erum 5-6 yndislega skemmtilegir krakkar á leikskólanum á Drangsnesi.**

**Við óskum eftir metnaðarfullum starfskrafti til að vera með okkur í leik og starfi þegar við komum aftur eftir sumarfrí í ágúst.**

**Leikskólakennaramenntun er æskileg. Allar upplýsingar veitir Finnur Ólafsson oddviti í síma 775 3377**



# Spennandi starf hjá Fjarðabyggð

**Staða skólastjóra við leikskólann Lyngholt á Reyðarfirði er laus til umsóknar.**

Leitað er að kraftmiklum og lausnamiðuðum leiðtoga, sem er reiðubúinn að leiða þróttmikið skólastarf leikskólans og efla skólasamfélagið í Fjarðabyggð.

**Helstu verkefni:**

· Ábyrgð á rekstri skólans og þróunarvinnu
· Fagleg forysta, daglegt stjórnun og samhæfing starfskrafta skólans
· Víðtækt samstarf við stofnanir, heimili og samfélag

**Menntun og hæfniskröfur:**

· Umsækjandi skal hafa leyfisbréf til kennslu í leikskóla
· Reynsla af rekstri, stjórnun og þróunarstarfi er æskileg
· Viðbótarmenntun í stjórnun er æskileg
· Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði

Lyngholt er 5 deilda leikskóli á Reyðarfirði og nemendur eru rúmlega 100. Leikskólinn nýtir uppeldisaðferðirnar Uppeldi til ábyrgðar og ART og tekur virkan þátt í skólaþróunarstarfi með öðrum skólum í Fjarðabyggð. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans; leikskolinn.is/lyngholt/.

Staðan er laus frá 1. ágúst 2016. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags stjórnenda í leikskólum og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu og kynningarbréf með upplýsingum um m.a. frumkvæði á sviði fræðslumála, ábendingum um meðmælendur og almennum upplýsingum um viðkomandi.

Frekari upplýsingar veitir Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, í síma 860 8331 eða á netfanginu thoroddur.helgason@fjardabyggd.is.

**Umsóknarfrestur er til 24. júní.**

Sótt er um starfið rafrænt á vef Fjarðabyggðar. Einnig er tekið við umsóknum á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð í umslagi merktu „starfsumsókn leikskólastjóri".

*Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum, sem eru Mjóifjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.*

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

FÉLAG FRAMHALDSSKÓLA-KENNARA

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Félag framhaldsskólakennara auglýsir eftir þjónustufulltrúa í fullt starf á skrifstofu félagsins.

**Menntunarkröfur:** Háskólamenntun sem nýtist í starfi og er æskilegt að viðkomandi hafi leyfisbréf sem framhaldsskólakennari.

**Reynsla:** Kennslureynsla í framhaldsskóla kostur og þekking á opinberri stjórnsýslu.

**Verkefni:** Aðstoð við félagsmenn er varðar réttindamál og túlkun kjarasamninga félagsins. Undirbúningur funda, samskipti við félagsdeildir og aðstoð við kjarasamningagerð sem og annað sem til fellur á hverjum tíma.

**Hæfniskröfur:** Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulipurð og létt lund. Vinnutími getur verið óreglulegur en að meðaltali er miðað við 40 klst vinnuviku.

Félag framhaldsskólakennara er eitt aðildarfélaga Kennarasambands Íslands sem er til húsa í Kennarahúsinu að Laufásvegi 81.
Til að byrja með er ráðið í stöðuna til árs með möguleika á framhaldsráðningu. **Umsóknarfrestur er til 8. júní 2016** og skal senda ferilskrá á netfangið **gudridur@ki.is** þar sem koma fram upplýsingar um menntun, reynslu og önnur félagsstörf sem og umsagnaraðila.

**Viðkomandi þarf helst að hefja störf 1. ágúst nk.**

**Húnaþing vestra**
Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

## Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Laust er til umsóknar starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Um er að ræða 100% starf í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra sameinaðri fræðslu- og félagsþjónustu sveitarfélagsins. Sviðsstjóri ber ábyrgð gagnvart sveitarstjóra og sveitarstjórn í öllum störfum sínum og ákvörðunum.

**Starfssvið sviðsstjóra fjölskyldusviðs**
- Stjórnun og rekstur stofnana sem heyra undir fjölskyldusvið
- Sviðsstjóri á setu í framkvæmdaráði sveitarfélagsins ásamt sveitarstjóra, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs
- Gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með fjárreiðum fjölskyldusviðs í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar um gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með fjárreiðum sveitarfélagsins
- Þjónusta við viðskiptavini og greining á þjónustuþörf
- Innri og ytri samskipti fyrir hönd fjölskyldusviðs sveitarfélagsins
- Ráðgjöf til forstöðumanna fjölskyldusviðs í starfsmanna-, rekstrar- og þjónustumálum
- Ráðgjöf og eftirlit vegna sérfræðiþjónustu
- Samskipti við sveitarstjórn, stoðþjónustu og hagsmunaaðila
- Önnur mál á sviði fjölskyldusviðs í samráði við sveitarstjóra
- Sviðsstjóri fjölskyldusviðs starfar jafnframt með fræðsluráði og félagsmálaráði sveitarfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu og/eða fræðsluþjónustu sveitarfélaga æskileg
- Reynsla í stjórnun og starfsmannahaldi æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Leiðtogahæfni, jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur um starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs Húnaþings vestra er til og með 10. júlí nk.**

Umsóknir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga eða á netfangið skrifstofa@hunathing.is. Öllum umsóknum verður svarað skriflega. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi Húnaþings vestra á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunathing.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti í síma 862-1340 og Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri í síma og 786-4579.

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 550 íbúa en íbúar í Húnaþingi vestra eru 1.180. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþrótta, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

SÍBS VERSLUN

# SÍBS Verslun óskar eftir iðjuþjálfa eða sjúkraþjálfara í hlutastarf

Viðkomandi verður hafa góða þjónustulund, vera sjálfstæður, lífsglaður, drífandi og tilbúinn til þess að byggja upp með okkur flotta og metnaðarfulla verslun með heilsu- og lífstílstengdar vörur.
Starfið felur í sér ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini, ásamt ýmsum öðrum spennandi verkefnum.

Vinsamlegast hafið samband við verslunarstjóra, **verslun@sibs.is**.

SÍBS Verslun býður upp á hágæða heilsu- og lífstílstengdar vörur sem eru vandlega valdar í samráði við fagaðila. Okkar markmið er bætt lýðheilsa. SÍBS Verslun er rekin án hagnaðarsjónarmiða.

**LYFJA HF**

# SÉRFRÆÐINGUR Á REKSTRARSVIÐI

*Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingi til starfa á rekstrarsviði*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Greiningar á rekstrartölum og rekstrartengdum þáttum
- Samningar og samskipti við rekstrarvörubirgja
- Eftirlit og stuðningur við rekstur verslana
- Þátttaka í sérverkefnum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Færni í tölulegum greiningum og samningagerð er mikilvæg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, hugmyndaauðgi og frumkvæði
- Rík þjónustulund, áhugi og reynsla af rekstri og verslunarumhverfi
- Samskiptahæfni, áreiðanleiki og metnaður

**Um er að ræða nýtt starf og spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Í boði er krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað.**

**Umsóknarfrestur er til 19. júní nk. og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530-3800 eða hallur@lyfja.is**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.*

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 80137 06/16

# Ertu að leita að talent?


lind@talent.is


bryndis@talent.is

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



Neyðarlínan er staðsett í Björgunarmiðstöð Íslands, Skógarhlíð 14, Reykjavík.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á **umsoknir@112.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 19. júní 2016.**



# Tæknimaður á fjarskiptasviði

Starfið:
Neyðarlínan rekur öryggisfjarskiptakerfi um allt land, bæði fyrir land og sjó.

Starfinu fylgja oft ferðalög um landið til að komast að sendunum.

Í höfuðstöðvunum er einnig lítið verkstæði/lager þar sem gert er við og stillt eru þau tæki sem notuð eru um landið.

**Okkur vantar:**
Öflugan tæknimann með reynslu af viðgerðum á rafeindatækjum og/eða fjarskiptabúnaði með góða tölvukunnáttu (rafeindavirki, iðnfræðingur, tæknifræðingur).

**Viðkomandi þarf að vera:**
- Úrræðagóður og skipulagður
- Samviskusamur og ósérhlífinn
- Fljótur að tileinka sér nýjungar
- Stundvís

**Verkþættir-verkefni :**
Vinnur með teymi tæknideildar NL (Tetra og VSS) við daglegt viðhald og rekstur öryggisfjarskiptakerfa landsins bæði fyrir sjó og land en fjarskiptastaðir eru víðsvegar umhverfis landið og á hálendinu.
- Vinnur með tæknimönnum við viðgerðir, viðhald og uppsetningu á sendabúnaði, samböndum og loftnetum í möstur og staura.
- Uppsetning og stillingar á örbylgjum, stoðveitum og loftræstibúnaði.
- Vinnur með tæknimanni notendabúnaðar við forritun og uppsetningu á notendabúnaði.

112

112
EINN EINN TVEIR

PORSCHE | OPEL | CHEVROLET | SSANGYONG

# STARFSMAÐUR Á FJÁRHAGSSVIÐI

Bílabúð Benna óskar eftir starfsmanni á fjárhagssviði sem sinnir almennum bókhaldsstörfum.

**Helstu verkefni:**
- Almennt bókhald, merking og skráning.
- Innheimta viðskiptakrafna.
- Afstemmningar og önnur skrifstofustörf.

**Hæfniskröfur:**
- Góð tölvu- og bókhaldskunnátta.
- Góð Excel kunnátta.
- Frumkvæði og nákvæmni.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Þekking á Ópusallt kostur.

Leitað er eftir einstaklingi sem er bæði skipulagður og þjónustulundaður. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 13. júní. Umsókn sendist á thorvardur@benni.is. Upplýsingar um starfið veitir Þorvarður Sigfússon í síma 5902000

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ AKRANESI

**Meiraprófsbílstjórar óskast til starfa**

**Umsókn og frekari upplýsingar sendist á netfangið trukkur@bifreidastod.is**




## Mannvit óskar eftir tækniteiknara í fullt starf á starfsstöð fyrirtækisins í Kópavogi.

Um er að ræða fjölbreytt starf þar sem unnið er þvert á fagsvið (lagnir, loftræsting, burðarþol, rafmagn, vélbúnaður, jarðvarmi ofl.).

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Hafa lokið námi í tækniteiknun.
- Góð þekking á Revit og AutoCad.
- Þekking á Inventor og MagiCad æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg.
- Sérnám á skyldum sviðum er kostur (þ.m.t. iðnmenntun).
- Góð kunnátta í Word og Excel æskileg.
- Gott vald á íslensku.
- Frumkvæði, áreiðanleiki og öguð vinnubrögð.
- Jákvætt viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfestur er til og með 14. júní 2016.**
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Gunnar Sverrir Gunnarsson, sviðsstjóri véla og iðnaðarferla í síma 422 3000.

Sótt er um starfið á heimasíðu Mannvits, www.mannvit.is.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

Mannvit býður þjónustu á sviði verkfræði, rekstrar, jarðvísinda, umhverfis, byggingarefnarannsókna, verkefnastjórnunar og heildarumsjónar verkefna. Mannvit er eitt stærsta ráðgjafarfyrirtæki landsins á sviði verkfræði og tækni og þar starfar öflugur hópur reynslumikilla verkfræðinga og tæknimenntaðs starfsfólks með fjölþætta reynslu á flestum sviðum verkfræðiþjónustu. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda. Viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: **Traust, víðsýni, þekking og gleði.**

MANNVIT

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... LÍFLEGUR VINNUSTAÐUR!

Göngudeild innkirtlasjúkdóma

## REYNDUR LÆKNIR

*Á göngudeild innkirtlasjúkdóma á lyflækningasviði starfar 15 manna þverfaglegt teymi að greiningu og meðhöndlun innkirtlasjúkdóma. Á einingunni er unnið markvisst að umbótum, námi og framþróun. Leitað er eftir reyndum lækni sem hefur lokið grunnnámi í lyflæknisfræði eða sérfræðilækni t.d. í heimilislækningum.*

*Í starfinu felast tækifæri til að dýpka þekkingu sína í greiningu og meðferð nokkurra af algengustu heilbrigðisvandamálum samfélagsins eins og sykursýki og skyldum vandamálum en einnig beinþynningu, skjaldkirtilssjúkdómum og fleiru.*

Kvennadeild

## NÁMSSTÖÐUR DEILDARLÆKNA

*Lausar eru til umsóknar námsstöður tveggja deildarlækna á kvennadeild Landspítala á kvenna- og barnasviði. Starfshlutfall er 100% með tilheyrandi bundnum vöktum. Stöðurnar eru veittar til þriggja ára að hámarki, þó til eins árs í senn.*

*Deildin hefur hlotið viðurkenningu á 24 mánaða framhaldsnámi í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum frá Evrópusamtökum fæðinga- og kvensjúkdómalækna (EBCOG). Um er að ræða skipulagt nám með logbók og sérhver deildarlæknir í námsstöðu hefur sinn eigin leiðbeinanda úr röðum sérfræðilækna.*

Líknardeild

## DEILDARLÆKNIR/ SÉRFRÆÐILÆKNIR

*Við sækjumst eftir lækni með góða færni í mannlegum samskiptum á Líknardeild í Kópavogi. Starfið hentar hvort heldur deildarlækni eða sérfræðilækni sem vill bæta við sig reynslu í líknarlækningum. Deildin heyrir undir lyflækningasvið Landspítala og samanstendur af 16 rúma legu-, dag- og göngudeild, sérhæfðri heimaþjónustu og unnið er í náinni samvinnu við líknarráðgjafateymi spítalans.*

*Skapað verður tækifæri fyrir deildarlækni til þessa að sinna afmörkuðu rannsóknarverkefni tengt deildinni. Deildarlæknir tekur ekki vaktir á líknardeild en getur sóst eftir vöktum á lyflækningasviði spítalans.*

Laugarásinn

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR ÁHUGAVERT STARF

*Við viljum ráða hjúkrunarfræðing sem hefur áhuga á geðhjúkrun og vill starfa með ungu fólki. Laugarásinn er meðferðar og endurhæfingardeild á geðsviði fyrir ungt fólk með byrjandi geðrofssjúkdóm. Á deildinni eru 7 sólarhringspláss en að stærstum hluta er starfsemi deildarinnar dagdeild þar sem um 80 einstaklingar sækja þjónustu.*

*Á deildinni er unnið fjölbreytt og sérhæft starf í snemmíhlutun geðrofssjúkdóma fyrir einstaklinga á aldrinum 18-30 ára. Starfsemin er í stöðugri þróun og er áhersla lögð á einstaklingsmiðaða þjónustu og virkt samstarf við fjölskyldur og aðstandendur. Um er að ræða fullt dagvinnustarf með tilheyrandi bakvöktum.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**
**WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

## Starfsmenn óskast

Óskum eftir að ráða reglusama og handlagna menn við uppsetningar á granít og kvartsborðplötum. Upplýsingar gefa Ragnar og Sigurður í síma 566 7878. Einnig er hægt að senda umsóknir á rein@rein.is

Steinsmiðjan Rein | Viðarhöfða 1 | 110 Reykjavík

## Vörubílstjórar

**Urð og Grjót ehf** óskar eftir vörubílstjórum í vinnu, bæði til skammtíma og langtíma.

Áhugasamir hafið samband á **urdoggrjot@urdoggrjot.is**

## Máltökumaður

Steinsmiðjan Rein leitar að máltökumanni sem gæti hafið störf sem fyrst.

**Starfslýsing:**
Máltaka fyrir borðplötur,sólbekki og fl. úr náttúrustein. Unnið er með nýjustu stafræna tækni. Um er að ræða líkamlega auðvelt starf sem þó krefst töluverðar hugarleikfimi.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af lestri og eða gerð teikninga, reynsla af hvers konar smíðavinnu er mikill kostur. Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á CAD umhverfi er kostur. Viðkomandi þarf að vera mjög nákvæmur og geta unnið sjálfstætt.

Áhugasamir sendi póst á rein@rein.is og öllum umsóknum verður svarað

Steinsmiðjan Rein | Viðarhöfða 1 | 110 Reykjavík

# Úti að aka

**Íslenska gámafélagið leitar að öflugum meiraprófsbílstjóra. Um er að ræða framtíðarstarf í krókadeild fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu.**

### Hæfniskröfur:

- Meirapróf (C) er skilyrði
- Réttindi til að aka með tengivagn (CE) er kostur
- ADR réttindi (til flutnings á hættulegum farmi) er kostur
- Framúrskarandi þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

*Umsóknarfrestur er til og með 10. júní en umsóknir óskast á heimasíðu fyrirtækisins umsokn.gamur.is. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, Helga Fjóla Sæmundsdóttir.*

*Íslenska Gámafélagið hefur hlotið jafnlaunavottun VR og starfar eftir jafnlauna- og jafnréttisstefnu. Fyrirtækið hvetur konur jafnt sem karla að sækja um starfið.*

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Gufunesi gamur.is 577 5757

Hjá *Íslenska Gámafélaginu* starfa 250 manns víða um land en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu.

Mannauðsstefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki fisksins „Fish Philosophy". Mannauðsstefnan lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður, þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.

VÖRN ÖRYGGISKERFI

## Vegna mikilla anna hjá VÖRN öryggiskerfum vantar okkur starfsfólk

**Helstu verkefni:**
- Uppsetning á öryggis og myndavélakerfum

**Hæfniskröfur:**
- Vanur uppsetningu á öryggis-og myndavélakerfum. Æskilegt en ekki skilyrði.
- Sjálfstæði, samviskusemi og vönduð vinnubrögð.
- Geta unnið undir álagi og farið í verkefni úti á landi.
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakavottorð.

**Umsókn skal skilað á netfangið vorn@vorn.is merkt atvinna ásamt ferilskrá og mynd.**

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

# SÁLFRÆÐINGAR ÓSKAST TIL STARFA

Garðabær auglýsir eftir sálfræðingum til starfa á skóladeild á fræðslu- og menningarsviði. Um tvær stöður er að ræða annars vegar 100% starf og hins vegar 50% starf við að sinna þjónustu við leik- og grunnskóla bæjarins. Garðabær rekur fimm grunnskóla og átta leikskóla.

**Starfssvið sálfræðings:**
- Ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla
- Forvarnarstarf með áherslu á að efla skólana við að leysa mál sem upp koma
- Athuganir og greiningar á börnum, ráðgjöf og eftirfylgd mála
- Fræðsla og námskeið fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skóla

Sálfræðingar vinna í þverfaglegu samstarfi við starfsfólk leik- og grunnskóla, skóladeildar, heilbrigðisþjónustu og aðra sérfræðinga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Þekking á þroska og þroskafrávikum barna
- Hæfni til að starfa í hópi fagaðila
- Góðir skipulagshæfileikar
- Færni í samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af sálfræðilegri greiningu og ráðgjöf vegna barna.

Stöðurnar eru lausar frá 1. ágúst 2016.
**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2016.**

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um fyrri störf umsækjanda og menntun. Einnig skal fylgja stutt greinargerð um faglega sýn viðkomandi á starf sálfræðings.

**Nánari upplýsingar** veita Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs í síma 525 8500 eða netfang Margretsv@gardabaer.is og Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar í síma 525 8500 eða netfang katrinf@gardabaer.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sálfræðingafélags Íslands.

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafn sem konur.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Garðabæjar **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

SKJÓL HJÚKRUNARHEIMILI SKJÓL



# Sjúkraliðar /starfsmenn

Getum bætt við okkur starfsfólki
Skjól leitar eftir sjúkraliðum/starfsmönnum til starfa við aðhlynningu. Um er að ræða 80 % starfshlutfall eða eftir samkomulagi blandaðar vaktir.

**Hæfniskröfur:**
Góð íslenskukunnátta, áhugi á að starfa með öldruðum, jákvæðni og góð samskiptahæfni.

Upplýsingar veitir
Guðný H. Guðmundsdóttir,
Forstöðumaður hjúkrunar
Sími 522 5600 ***gudny@skjol.is***
Umsóknir má einnig senda á: ***edda@skjol.is***
Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík
Sími 522 5600

Hjúkrunarheimili | Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík | Sími. 522 5600. | www.eir.is

Viska Virðing Vinátta
Grunnskólinn í Hveragerði
HVERAGERÐISBÆR

# Grunnskólinn í Hveragerði

## Laus störf skólaárið 2016-2017

**Auglýst er eftir aðstoðarskólastjóra.**
Aðstoðarskólastjóri vinnur að stjórnun og faglegri stefnumótun ásamt stjórnendateymi og er staðgengill skólastjóra.

**Auglýst er eftir íþróttakennara.**
Gerð er krafa um kennsluréttindi og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Grunnskólinn í Hveragerði er vel staðsettur í grónu og glæsilegu bæjarfélagi. Einkunnarorð skólans eru: viska, virðing og vinátta. Í ljósi þessara einkennisorða er daglegt starf mótað. Skólinn starfar eftir hugmyndafræði Olweusaráætlunarinnar, flaggar Grænfánanum alla daga og stefnir að aukinni Heilsueflingu.

Upplýsingar um störfin veita skólastjóri í síma 483-4350 ***fanney@hveragerdi.is*** og bæjarstjóri í síma 483-4000 ***aldis@hveragerdi.is***

**Umsóknarfrestur er til 15. júní.**

Skólastjóri

# STUÐLAR

MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Fossaleynir 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík

www.studlar.is mru@studlar.is

## Viljum ráða starfsmenn á Stuðla

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglingum þar sem starfsfólk fær þjálfun í meðferðarstarfi svo sem í ART (agression replacement training)? Um er að ræða 100% starfshlutfall í vaktavinnu.

**Starfssvið**
Starfið felst m.a. í:

- Meðferðarvinnu og daglegum samskiptum við unglinga
- Samskiptum við foreldra
- Vinna að tómstundastarfi með unglingum
- Einstaklingsbundnum stuðningi við unglinga í meðferð í samvinnu við deildarstjóra og sálfræðinga

**Persónulegir eiginleikar**
Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samskiptahæfni, jákvætt viðhorf til skjólstæðinga, áhuga á meðferðarstörfum og skipulögð vinnubrögð.

**Hæfnikröfur:**

- BA eða BS gráða í félagsvísindum er æskileg
- Reynsla af vinnu með unglingum er æskileg t.d. í meðferðar-, tómstunda- eða íþróttastarfi
- Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér þá meðferðarnálgun og þær verklagsreglur sem unnið er eftir á Stuðlum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi

Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf ásamt sakavottorði. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk.

**Auglýsingin gildir í 6 mánuði**

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Stuðla, Funi Sigurðsson, í síma 530-8800.

# Reykjavíkurborg

Velferðarsvið



## Vilt þú taka þátt í spennandi verkefni?

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitar eftir kraftmiklum stjórnendum til að leiða þróun í hjúkrunarþjónustu.

## Deildarstjóri á þjónustumiðstöð

### – samþætt heimahjúkrun og heimaþjónusta

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi í starf deildarstjóra heimaþjónustu til að stýra samþættri heimaþjónustu. Við samþætta heimaþjónustu starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og almennt starfsfólk með það að markmiði að veita örugga og góða þjónustu við fólk í heimahúsum.

Markmið samþættrar heimahjúkrunar og heimaþjónustu er að veita þjónustu til íbúa, einfalda aðgengi að þjónustu til einstaklinga í heimahúsum, til að einstaklingur geti verið eins lengi heima og mögulegt er.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf 1.september nk.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Stýra og bera ábyrgð á faglegu starfi, vinnubrögðum, uppbyggingu og skipulagi í heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu í vesturbyggð borgarinnar.
- Ábyrgð á þverfaglegu samstarfi og samþættingu.
- Hafa yfirsýn yfir starfsemi og tryggja jafnræði og samræmi í þjónustu.
- Ábyrgð á starfsmannahaldi, fyrirkomulagi starfa og rekstri á einingu.
- Tryggir að framkvæmd þjónustu í starfsemi þjónustumiðstöðvar sé framúrskarandi og í samræmi við stefnu, leiðarljós og markmið velferðarsviðs.
- Tekur þátt í stjórnendateymi þjónustumiðstöðvarinnar.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur.
- Þekking og reynsla af stjórnun.
- Þekking og reynsla af þjónustu í heimahúsi.
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

## Hjúkrunardeildarstjóri dagþjálfana

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða auglýsir lausa til umsóknar stöðu hjúkrunardeildarstjóra í dagþjálfunum aldraðra í vesturhluta borgarinnar. Um er að ræða sérhæfða dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun á Vitatorgi og Þorraseli, sem er almenn dagdvöl fyrir aldraða.

Markmið dagþjálfunar eru að viðhalda getu og auka færni einstaklingsins eins og kostur er. Virðing, virkni og velferð eru höfð að leiðarljósi í leik og starfi.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á veittri hjúkrunarþjónustu og að unnið sé eftir markmiðum, hugmyndafræði og gæðastefnu.
- Skipuleggur og stjórnar hjúkrun í dagþjálfunum.
- Fylgir eftir áætlunum um hjúkrunarþjónustu og er leiðandi í þróun hjúkrunar.
- Umsjón með starfsmannamálum og skipuleggur störf starfsmanna í dagþjálfun.
- Tengiliður við aðstandendur, heilbrigðisstarfsfólk og aðrar stofnanir.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Sérnám í öldrunarhjúkrun æskilegt.
- Reynsla af hjúkrun aldraðra æskileg.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigþrúður Erla Arnardóttir í síma 411-1600 eða með því að senda fyrirspurnir á sigthrudur.erla.arnardottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

**Umsóknarfrestur er til 15. júní nk.**

**Við bjóðum upp á:**

- Hvetjandi vinnuumhverfi
- Tækifæri til að taka þátt í þróun þjónustu í heimahús
- Krefjandi og spennandi verkefni
- Skemmtilegan og faglegan starfsmannahóp

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn, reksri heimahjúkrunar í Reykjavík og Seltjarnarnesi samkvæmt samningi við ríkið og er sú starfssemi samþætt félagslegri heimaþjónustu. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á fimm þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Samþætt heimahjúkrun og heimaþjónusta er staðsett á þremur þjónustumiðstöðum.

Nánari upplýsingar um starfsemi Velferðarsviðs má sjá á vef sviðsins, www.velferdarsvid.is


# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

## Lærlingar óskast

**Eykt óskar eftir lærlingum á samning í húsasmíði og múraraiðn.**

Tekið er við umsóknum með upplýsingum um menntun og reynslu á skrifstofu Eyktar á Stórhöfða 34-40 eða í tölvupósti á eykt@eykt.is.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Einarsson í síma 822 4437.

Eykt er meðal stærstu byggingarfélaga landsins og fagnar 30 ára afmæli sínu á þessu ári.

Eykt byggingarfélag
Stórhöfða 34-40
110 Reykjavík
595 4400
eykt@eykt.is

EYKT 30 Frá 1986

## Trésmiðir óskast

**Eykt óskar eftir að ráða mótasmiði eða hóp mótasmiða til starfa í byggingarvinnu á Reykjavíkursvæðinu.**

Tekið er við umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu á skrifstofu Eyktar á Stórhöfða 34-40 eða í tölvupósti á eykt@eykt.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur Einarsson í síma 822 4437.

Eykt er meðal stærstu byggingarfélaga landsins og fagnar 30 ára afmæli sínu á þessu ári.

Eykt byggingarfélag
Stórhöfða 34-40
110 Reykjavík
595 4400
eykt@eykt.is

EYKT 30 Frá 1986

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Álftanesskóli
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Grunnskólakennari á elsta stig

### Leikskólinn Akrar
- Leikskólakennari

### Leikskólinn Bæjarból
- Deildarstjóri
- Sérkennslustjóri
- Aðstoð í eldhúsi

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

## STARFSFÓLK Í AFGREIÐSLU ÓSKAST.

**Viðkomandi þurfa að að geta hafið störf sem fyrst. Vinnutími frá kl 10:00 -18:00 mánudaga-föstudaga.**

**Áhugasamir sæki um á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is merkt ATVINNA.**

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

### Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi?

Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda Uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

**Lausar stöður fyrir næsta skólaár:**
- Umsjónarkennsla á yngsta stigi og miðstigi
- Smíðakennsla
- Tónmenntakennsla
- Stöður stuðningsfulltrúa
- Staða skólaliða
- Stöður í leikskóladeildum 5 ára barna
- Staða matráðs við Höfðaberg
- Stöður frístundaleiðbeinenda

Nánari upplýsingar um störfin má finna á vefsíðu Mosfellsbæjar www.mos.is
Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur er til 16. júní 2016.**

*Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.*

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir eftirfarandi starf laust til umsóknar

**Leikskólastjóri óskast í tímabundna stöðu við Leikskólann Lækjarbrekku í Strandabyggð**

Lækjarbrekka

**Markmið og verkefni**
- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri leikskólans
- Fagleg forysta
- Ráðningar og mannauðsstjórnun
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og leikskólasamfélagsins í Strandabyggð

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Leikskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 10. gr
- Skipulags- og stjórnunarfærni
- Samskiptafærni og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

**Um er að ræða afleysingastarf til 10 mánaða vegna fæðingarorlofs.**

**Um Strandabyggð og Leikskólann Lækjarbrekku**

Í Strandabyggð búa um 470 manns og er Hólmavík þéttbýlisstaður sveitarfélagsins. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarf öflugt. Blómlegt tómstunda-, íþrótta- og menningarstarf er í sveitarfélaginu og hugað er að því að sem flestir aldurshópar fái notið sín. Leikskólinn Lækjarbrekka er tveggja deilda leikskóli og eru börnin á aldrinum frá eins árs til sex ára. Í Lækjarbrekku starfar samhentur hópur starfsfólks með fjölbreytta reynslu, menntun og þekkingu. Leikskólinn er þátttakandi í þróunarverkefninu Málþroski og læsi, færni til framtíðar ásamt leikskólunum í Húnavatnssýslum.

Upplýsingar um starfið veitir Andrea K. Jónsdóttir sveitarstjóri.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2016 og óskast umsóknir sendar á skrifstofu Strandabyggðar að Höfðagötu 3, 510 Hólmavík eða á netfangið ***sveitarstjori@strandabyggd.is.*** Sími á skrifstofu er 4513510.

## Ráðgjafi/verkefnastjóri á Þjónustusvið

Ríkiskaup óska eftir að ráða ráðgjafa/verkefnastjóra í fullt starf á Þjónustusvið. Starfið er fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavini Ríkiskaupa.

**Meðal helstu verkefna eru:**
- Ráðgjöf og greining á þörfum og markmiðum fyrir útboð og innkaup opinberra stofnana og fyrirtækja
- Gerð útboðsgagna – stjórnun útboðsferla
- Áætlana- og samningsgerð
- Verkefna- og samningsstjórnun
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun (BS gráða, 180 ECTS einingar), sem nýtist í starfi – s.s. á sviði tæknifræði, verkfræði eða upplýsingatækni.
- Æskileg er 3-5 ára reynsla af sambærilegum störfum
- Þekking á innkaupum og reynsla af verkefnastjórnun er kostur

Leitað er að einstaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti. Tungumálakunnátta auk íslensku er að lágmarki enska og eitt Norðurlandamál.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnar Davíðsson, forstöðumaður Þjónustusviðs í síma: 530 1419 eða á netfanginu: **ragnar.davidsson@rikiskaup.is.**
Áhugasamir leggi inn umsókn í afgreiðslu Ríkiskaupa eða sendi póst á ofangreint netfang fyrir eigi síðar en **mánudaginn 20. júní n.k.**

Ríkiskaup er ráðgjafar- og þjónustustofnun sem veitir opinberum stofnunum og fyrirtækjum almenna þjónustu og ráðgjöf á sviði innkaupa. Ríkiskaup annast einnig beina framkvæmd útboða, innkaupa, rammasamninga og eignasölu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Ríkiskaup leggja mettnað sinn í að ætið séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.rikiskaup.is**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

HVERAGERÐISBÆR

# ÚTBOÐ

## JARÐVEGSFRAMKVÆMDIR Í HVERAGERÐI 2016

Verkís hf., fyrir hönd Hveragerðisbæjar, óskar eftir tilboðum í jarðvegsframkvæmdir m.a. vegna 1. áfanga bílastæða við Hamarshöllina á íþróttasvæði Hveragerðisbæjar.

Um er að ræða gröft, fyllingar og malbikun ásamt frágangi regnvatnslagna, snjóbræðslu, kantsteina og málun bílastæða.

**Nokkrar magntölur:**

| | |
|---|---|
| - Gröftur og fyllingar: | 1.550 m³ |
| - Malbikun: | 2.600 m² |

**Verklok eru 1. október 2016.**

Útboðsgögn eru afhent rafrænt. Áhugasamir sendi tölvupóst á arg@verkis.is með nafni, heimilisfangi og síma.

Tilboðum skal skila á Bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði **fyrir kl.11.00, 20. júní 2016,** en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Ræsting fyrir Bílastæðasjóð,**
  útboð nr. 13746.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

## Útboð 20258 Endurnýjun frostdýptarmælibúnaðar

Ríkiskaup, fyrir hönd Vegagerðarinnar, kt. 680269-2899, óska eftir tilboðum í endurnýjun frostmæla og tengds búnaðar.

Kerfið þarf að geta tengst og safnað gögnum frá þeim búnaði sem fyrir er hjá Vegagerðinni

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum, sem eru aðgengileg á vef Ríkiskaupa **www.rikiskaup.is.**

Tilboðum skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík þar sem þau verða opnuð 14.06.2016, kl. 11.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

# TILBOÐ

## Útleiga á aðstöðu í Ásvallalaug

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í útleigu á líkamsræktaraðstöðu og aðstöðu fyrir veitingasölu í Ásvallalaug.**

Tilboðum í **líkamsræktaraðstöðu** skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar fyrir kl. 11:00 þann 21. júní 2016.

Tilboðum í aðstöðu fyrir **veitingasölu** skal skilað fyrir kl. 11:00 þann 28. júní 2016.

Útboðsgögn fást afhent í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar. Nánari upplýsingar á **hafnarfjordur.is**

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA
**585 5500**

HAFNARFJÖRÐUR

## Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur

Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Tilgangur sjóðsins er annars vegar að styrkja ungt, blint eða sjónskert fólk til menntunar, og hins vegar menntun eða vísindastarf í þágu blindra og blinduvarna. Heimilt er að úthluta árlega úr sjóðnum allt að 2 milljónum króna.

Umsóknir sendist rafrænt (eða á pappír) til Ingu Lísar Hauksdóttur ingaliso@landspitali.is Augndeild LSH, Eiríksgötu 37, 3.h., 101 Reykjavík, sem einnig veitir nánari upplýsingar.

Umsóknin skal í stuttu máli gera grein fyrir þeirri skólagöngu, menntun eða verkefni sem sótt er um, ásamt upplýsingum um umsækjanda, náms- og starfsferil og sjónskerðingu, ef við á.

**Umsóknarfrestur er til mánudagsins 20. júní 2016.**

EFLA

# Útboð

**Ljósleiðaravæðing Svalbarðshrepps**

EFLA Verkfræðistofa óskar eftir tilboðum í ljósleiðaralagnir og tengingar fyrir hönd Svalbarðshrepps. Verklok eru eigi síðar en 15.október 2016.
Verkið felur í sér að plægja og grafa niður ljósleiðara frá dreifistöð kerfisins inn á lögheimili í Svalbarðshreppi, setja niður tengiskápa ásamt frágangi lagnaleiðar og tenginga ljósleiðaranets Svalbarðshrepps.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| • Plæging stofn-og heimtaugastrengja | 77.000 m |
| • Fjöldi tenginga | 780 stk. |
| • Fjöldi inntaksboxa | 44 stk. |
| • Fjöldi dreifistöðva | 1 stk. |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 6. júní 2016. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Reyni Valdimarsson með tölvupósti, **reynir.valdimarsson@efla.is.** Gefa þarf upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og útboðsgögn verða send í tölvupósti.
Tilboðum skal skilað á **EFLU verkfræðistofu Norðurlandi, Hofsbót 4, 600 Akureyri fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 16. júní 2016,** en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Oddvitinn í Svalbarðshreppi

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

# Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstum tillögum að breyttu deiliskipulagi.

**Smárahverfi. Smárinn vestan Reykjanesbrautar. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 24. nóvember 2015 breytt deiliskipulag fyrir Smárann sunnan Smáralindar. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri blandaðri byggð með verslum, þjónustu og 500 íbúðum. Byggingarmagn er áætlað samtals um 84.000 m2 og að auki um 27.000 m2 í bílageymslum.

Skipulagsstofnun hefur í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga yfirfarið málsgögnin sbr. erindi dags. 12. febrúar 2016 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt sé auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 9. júní 2016.

**Digranes. Auðbrekka – þróunarsvæði, svæði 1, 2 og 3. Deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 26. apríl 2016 breytt deiliskipulag fyrir Auðbrekku – þróunarsvæði, svæði 1, 2 og 3. Nýbýlavegur 2-12 og Auðbrekka 1-13 (oddatölur) og nr. 29. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 165 íbúðum og að byggt verði við núverandi atvinnuhúsnæði á svæðinu. Skipulagsstofnun hefur í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga yfirfarið málsgögnin sbr. erindi dags. 4. nóvember 2015 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt sé auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 23. maí 2016.

**Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar skipulagsáætlanir er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta



Gunnlaugur Hilmarsson
lögg. fasteignasali

## Vegna mikillar sölu vantar mig allar gerðir eigna á skrá

- Frítt söluverðmat á þína eign án skuldbindinga
- Frí fasteignaljósmyndun
- Sanngjörn söluþóknun
- Traust og vönduð vinnubrögð
- Ráðgjöf í fasteignaviðskiptum

**Gunnlaugur** **Gsm: 777 5656** **gunnlaugur@fastko.is**

TRAUSTI fasteignasala



*Kristján Baldursson hdl.*
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari

## ÓSKAÐ ER EFTIR SUMARHÚSI TIL FLUTNINGS

Leitað er eftir sumarhúsi til fluttnings, æskileg stærð 70 -120 fm. Aðrar stærðir skoðaðar. Þyrfti að vera til afhendingar sem fyrst. Staðgreiðsla í boði fyrir réttu eignina.



Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg í síma 8995949 eða ***gudbjorg@trausti.is***

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

## TIL LEIGU – Borgartún 27 – Rvk.




Til leigu á 2. hæð 322 fm. og á 4. hæð 537 fm. (sjávarmegin) í glæsilegu skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 27 í Reykjavík. Móttaka, mötuneyti, lyfta og húsvörður er í húsinu. Næg bílastæði.

## TIL LEIGU – Borgartún 31 – Rvk.




Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á mjög góðum stað við Borgartún 31 í Reykjavík. Um er að ræða ca. 250 fm. húsnæði á 2. hæð. Lyfta er í húsinu.

**Upplýsingar veitir Gunnar í síma 693-7310 eða á gunnar@bygg.is**

BYGG

KIMI STUDIO HOTEL



## Til sölu er 3ja hæða glæsilegt íbúðahótel í Cannes með 17 íbúðum

Hótelið er í eigu íslensks félags og getur hagstæð fjármögnun á hótelinu í Frakklandi fylgt í kaupunum.

Áhugasamir geta fengið frekari upplýsingar hjá s.hermannsson@avijet.is en einnig er bent á að nálgast má nánari upplýsingar um hótelið á **www.kimihotel.com** og á **www.booking.com** (Kimi Résidence).

## Sunnubraut 50
**efri sérhæð með bílskúr**





Efri sérhæð, mikil lofthæð, þrennar svalir

Skráð hjá FMR 162,8 m², þar af er íbúðin 135,6 m²

Bílskúr að stærð 27,2 m²

Glæsilegt sjávarútsýni

Nokkrir metrar skilja á milli lóðar og sjávarmáls

Verð: **64,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

En meiri kraft, meira fjármagn og meiri stuðning verður að setja í íslenska leikritun. Þá er átt við ný íslensk leikverk, ekki aðlaganir íslenskra skáldsagna. Að sama skapi er nauðsynlegt að breyta regluverkinu fyrir Grímuna hvað varðar ný íslensk leikrit. Það gengur ekki ár eftir ár að handrit byggð á útgefnum bókmenntaverkum keppi í sama flokki og frumsamin handrit. Einnig er kominn tími til að þýðendur fái tilnefningar fyrir vinnu sína.

## Grímur og Grímuleysi

Varðandi Grímuna þá vekur hina mestu furðu að Egill Heiðar Anton Pálsson hafi ekki fengið tilnefningu fyrir leikstjórn sína á Hver er hræddur við Virginiu Woolf? og ekki heldur sýningin sjálf þrátt fyrir að fá þrjár tilnefningar fyrir frammistöðu leikara. Einnig er hreinn og klár skandall að Ólafía Hrönn Jónsdóttir sé hundsuð af nefndarfólki fyrir leik sinn í Auglýsingu ársins. Sýningin hefur verið umdeild en ekki hennar frammistaða sem var stórkostleg. Bergur Þór Ingólfsson er líka óumdeilanlega einn færasti sviðslistamaður þjóðarinnar og Una Þorleifsdóttir sækir í sig veðrið.

Valur Freyr Einarsson sýndi hvers hann er megnugur á þessu leikári, þá kannski sérstaklega með því að sýna bæði stöðugleika og fjölbreytni. Ekki sást mikið frá Hilmi Snæ Guðnasyni en hann skein í hlutverki hins bugaða Georgs í Hver er hræddur við Virginíu Woolf? Sömuleiðis var Margrét Vilhjálmsdóttir einstaklega góð í sömu sýningu. Hvað unga fólkið varðar þá er ávallt spennandi að sjá Þuríði Blævi Jóhannsdóttur á sviði en hún hefur sannað sig á sínu fyrsta leikári. Hann er kannski ekki lengur einn af þeim yngstu en þetta var leikárið þar sem Hjörtur Jóhann Jónsson stimplaði sig varanlega inn og það gerði Oddur Júlíusson líka.

Stjórnendur þurfa að vera djarfari að fá erlenda leikstjóra í einstök verkefni, sem heppnaðist vel með Yönu Ross, og leita betur að erlendum verkum sem eru ekki frá enskumælandi löndum. Áhættuna skortir en Njála sannaði að áhorfendur eru tilbúnir í ögrandi sýningar. Sjálfstæðu leikhóparnir Sómi þjóðar, Óskabörn ógæfunnar og 16 elskendur standa vörð um skapandi nálgun og boða gott um framtíðina.

Bestu sýningar ársins voru Mávurinn, Hver er hræddur við Virginiu Woolf?, Mamma Mía! í Borgarleikhúsinu og ≈ [um það bil] var sem ferskur blær í Þjóðleikhúsinu en engin dramatísk sýning hefur verið afgerandi þetta árið.

Forvitnilegt verður að vita hvað nýtt leikár ber í skauti sér en hefð er fyrir því að það sé tilkynnt í lok sumars. Vonandi verður það umtalsvert betra en það sem nú er að líða sem einkenndist af meðalmennsku, þó með nokkrum skínandi sýningum þegar líða tók á leikárið.

**Sigríður Jónsdóttir**




ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um afskekktasta stað Jarðar.



# Kletturinn *í hafinu*

Hvor myndi vinna í bardaga: Batman eða Súperman? King Kong eða Godzilla? Klippikrumlan Freddy Krueger eða illyrmið Jason með íshokkígrímuna? Spurningar sem þessar eru miðlægar í hugarheimi myndasagna- og hasarmyndaunnenda. Skiljanlega er það heillandi hugarleikfimi að tefla saman hetjum eða þrjótum úr ólíkum sagnaheimum.

Það kom því ekki á óvart þegar draumaverksmiðjan í Hollywood sendi frá sér myndina Alien vs. Predator árið 2004. Þar áttust við geimverurnar úr samnefndum myndaflokkum í æsilegu einvígi og hópur hrekklausra jarðarbúa átti fótum fjör að launa. En hver var rétti vettvangurinn fyrir átök slíkra forynja? Jú, þar dugði ekkert minna en afskekktasta eyja í heimi, Bouvetøya.

Fyrir aðra en geimskrímsli er Bouvetøya eða Bouvet-eyja lítt geðþekkur bústaður. Þar þrífast engin landdýr og gróður er óverulegur fyrir utan skófir, enda eru 95% landsins hulin jökli. Lögun eyjarinnar er skringileg, en hún er nálega kringlótt, 9 kílómetrar á lengd en 7 á breidd og tæpir 50 ferkílómetrar að flatarmáli. Á ströndinni lifir óhemjufjöldi mörgæsa og sela af ýmsum tegundum.

Á Bouvet-eyju er virk eldstöð, enda stendur hún á Atlantshafshryggnum miðjum. Næsta eyja er Gough-eyja 1.600 kílómetrum norðar en til að komast á meginland þarf að halda 1.700 kílómetra í suðurátt til Antarktíku. Það þýðir að koma mætti gjörvallri Evrópu fyrir á auða haffletinum umhverfis eyna.

Þegar við bætist að hæsti tindur Bouvet-eyju rís ekki nema 780 metra yfir sjávarmál er ekki að undra þótt langan tíma hafi tekið að uppgötva hana og enn lengri að staðfesta tilvist hennar með óyggjandi hætti.

### Leitin að týndu heimsálfunni

Eins og nafnið gefur til kynna var það sæfari að nafni Bouvet sem uppgötvaði eyjuna. Hann var Frakki og hét fullu nafni Jean-Baptiste Charles Bouvet de Lozier. Á nýjársdag árið 1739 komu skip hans að eyjunni en gátu ekki lagst að landi. Þétt þoka var á svæðinu og tókst áhöfninni ekki að átta sig á því hvort um eyju væri að ræða eða hluta af stærra meginlandi. Næstu tólf dagana leituðu skipin lendingar en án árangurs og ekki létti þokunni. Að lokum þurfti Bouvet frá að hverfa og stefndi aftur til Afríku, enda stór hluti áhafnarinnar þjakaður af skyrbjúg.

Niðurstaða leiðangursins varð Bouvet og yfirmönnum hans sár vonbrigði. Markmið fararinnar var ekki að finna og kortleggja afskekktar smáeyjar, heldur að leita landa sem þjónað gætu hlutverki hafna á siglingaleiðinni milli Evrópu og Asíu. Leiðangursmenn létu sig dreyma um að finna Suðurálfuna miklu.

Suðurálfan mikla eða Terra Australis var ógnarstórt meginland sem Evrópubúar ímynduðu sér að væri að finna syðst á jarðarkúlunni. Rökin fyrir tilvist þess voru þau að á suðurhveli hlyti að vera mikill landmassi til að vega á móti hinum stóru heimsálfum norðurhvelsins.

Hugmyndin er ævaforn og kemur fyrir í skrifum Aristótelesar og landfræðingsins Ptólemæosar. Síðar gátu skólaspekingar miðalda varið drjúgum tíma í að velta vöngum yfir því hvort búast mætti við fjölskrúðugu dýralífi í Suðurálfu og hvort þar mætti jafnvel finna fólk – andfætlinga?

Rökin gegn miklu dýralífi voru talin þau helst að Drottinn hefði eytt í syndaflóðinu öllum þeim skepnum sem Nói bjargaði ekki um borð í örk sína og því vandséð hvernig dýrin hefðu átt að komast frá fjallinu Ararat til hins óþekkta meginlands. Tilvist mannfólks í Suðurálfu var talin enn langsóttari, enda hefði Kristur boðið postulunum að gera allar þjóðir að lærisveinum sínum og því væri það óskiljanleg handvömm hjá almættinu að skilja útundan íbúa heillar heimsálfu.

Kortagerðarmenn sextándu, sautjándu og átjándu aldar gerðu undantekningarlaust ráð fyrir stóru meginlandi syðst á Jörðinni. Spurningin var bara, hversu langt teygði það sig í norðurátt? Væri þar að finna vænlegar nýlendur eða í það minnsta hentuga viðkomustaði í siglingum til hinna kryddríku Austurlanda fjær?

### Hringurinn þrengist

Eftir því sem landkönnun Evrópumanna á Kyrrahafi, Indlandshafi og sunnanverðu Atlantshafi fleytti fram, þeim mun meira þrengdist að hugmyndinni um Suðurálfuna miklu.

Hollenskir sæfarar komu að ströndum Ástralíu í byrjun sautjándu aldar, en fljótlega varð ljóst að hún væri miklu minni en hin ætlaða Suðurálfa. Breski skipherrann James Cook kannaði svo stóra hluta Kyrrahafsins á ofanverðri átjándu öld, en fann hvergi nein merki um landið mikla. Það var ekki fyrr en vel var liðið á nítjándu öld að menn börðu Suðurskautslandið eða Antarktíku augum.

Á nýjársdag 1939 hafði Bouvet skipstjóri því ekki hugmynd um að enn væru 1.700 kílómetrar til fastalandsins, heldur áleit hann að eyjan sem hann fann væri sönnun þess að Suðurálfan væri skammt undan. Slík uppgötvun hefði vissulega tryggt honum stóran sess í landafundasögu heimsins, en fyrir vinnuveitendur hans skipti þess háttar frægð litlu máli. Bouvet-eyja var bæði allt of afskekkt og berangursleg til að koma að nokkru gagni fyrir kaupskip.

Til að bæta gráu ofan á svart mistókst Bouvet að staðsetja hina nýfundnu eyju af nægilegri nákvæmni. Fyrir vikið gripu aðrir sæfarar, sem hugðust kanna hana betur, í tómt. Þannig gerðu þeir James Cook og landi hans, heimskautafarinn James Clark Ross, báðir misheppnaðar tilraunir til að finna eyju Bouvets, sem vakti efasemdir um að frásögn hans væri rétt.

Bandarískur kafteinn, Benjamin Morrell, sagðist hafa siglt til eyjarinnar árið 1822 og farið í land til selveiða. Nefndi hann eyna í höfuðið á Frakkanum Bouvet. Ekki létu þó allir sannfærast. Morrell þótti kríta liðugt í ferðasögum sínum og ýkja sín eigin afrek úr hófi. Áttu margir erfitt með að kyngja því að hinum raupgjarna Morrell hefði tekist betur upp en kempunum Cook og Ross. Þá hefur það vakið grunsemdir að í lýsingu Morrells á Bouvet-eyju ser engu orði vikið að því að hún sé að mestu þakin ís.

> **... HVORKI FANNST TANGUR NÉ TETUR AF HINNI MEINTU THOMPSON-EYJU.**

### Breskt eða norskt land?

Þremur árum síðar stigu breskir hvalveiðimenn á land, ráku niður fána, lýstu eyjuna eign bresku krúnunnar og gáfu henni nýtt heiti: Liverpool-eyja. Leiðangursmenn lýstu jafnframt annarri eyju, sjötíu kílómetrum vestar sem þeir kölluðu Thompson-eyju. Sú eyja finnst þó ekki í dag, sem kallað hefur á miklar vangaveltur um hvort sæfararnir hafi séð ofsjónir eða hvort landið hafi horfið í sæ í jarðskjálftum eða eldsumbrotum.

Ekki sýndi breska heimsveldið nein merki þess að vilja nýta þessa eign sína, enda erfitt að sjá þar nokkra gróðavon. Liverpool-eyja var því bara depill á sjókortum til ársins 1927 þegar norskir landkönnuðir héldu þangað. Þeir voru á vegum skipakóngsins Lars Christensen sem kostaði leiðangra um suðurhöf í leit að vænlegum hvalamiðum og hafði umboð norsku stjórnarinnar til að leggja undir Noreg allar þær ónumdu eyjar sem hann kynni að rekast á.

Menn Christensens ráku norska fánann niður á Liverpool-eyju, helguðu landið Noregi og kenndu eyjuna á ný við hinn franska Bouvet. Við tók skammvinn deila milli Breta og Norðmanna um eignarhaldið, sem lauk á því að hinir fyrrnefndu ákváðu að vægja. Mögulega mátu Bretar það svo að óþarft væri að spilla samskiptum ríkjanna vegna verðlítillar jöklaeyju á hjara veraldar. Einnig kann að hafa spilað inn í að frásögnin af landnáminu hundrað árum fyrr þótti vandræðaleg í ljósi þess að hvorki fannst tangur né tetur af hinni meintu Thompson-eyju.

Á meðan hvalveiðar Norðmanna í sunnanverðu Atlantshafi stóðu sem hæst sýndu þeir Bouvet-eyju nokkurn áhuga, ekki hvað síst til veðurfræðirannsókna. Selastofnarnir við eyjuna voru þó fljótlega friðaðir og síðustu áratugina hefur hún verið eitt stórt friðland. Þar hafast reglulega við smáhópar vísindamanna til hvers kyns rannsókna á sviði náttúruvísinda.

Ekki er það þó bara ósvikinn vísindaáhuginn sem ræður áframhaldandi áhuga Norðmanna á eyjunni afskekktu. Á síðustu árum hafa norsk skip veitt þar mikið af ljósátu og lýstu Norðmenn nýverið yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu á svæðinu. Einhver framsýnn embættismaður tryggði Bouvet-eyju þjóðarlénið .bv fyrir tuttugu árum en fyrsta .bv-vefsíðan er þó ekki enn komin í loftið og verður varla úr þessu, þrátt fyrir óvænta Hollywood-frægð þessa útvarðar á Atlantshafshryggnum.




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 5. júní eða meðan birgðir endast



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Guðbjörn Scheving Jónsson**
Egilsbraut 9, Þorlákshöfn,

lést þann 1. júní.

Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðbjörn Guðbjörnsson Guðfinna Ásgeirsdóttir**
**Hólmfríður Sch. Guðbjörnsdóttir**
**Sigríður Sch. Guðbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og bróðir,

**Ásgeir Torfason**

lést þann 24. maí síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna.

**Hrefna S. Sigurnýasdóttir**
**Sigrún Ásgeirsdóttir Geir Landrö**
**Þóra Ásgeirsdóttir**
**Ástríður G. Torfadóttir**
**Valgerður G. Torfadóttir**
**Ragnhildur Torfadóttir**
**Kristín Kolbrún Baldursdóttir**



Hugheilar þakkir til allra þeirra
fjölmörgu sem sýndu okkur samúð
og hlýhug við fráfall

**Kristjáns Ólafssonar**
húsgagnasmíðameistara.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk
gjörgæsludeildar Landspítalans, sr. Gunnar
Rúnar Matthíasson og allir þeir sem aðstoðuðu við að gera
útför hans vel úr garði.

**María Henley**
**Bóel Kristjánsdóttir Geirarður Long**
**Steinunn Kristjánsdóttir Tryggvi Blumenstein**
**Inga Elín Kristinsdóttir Þórarinn Sigurbergsson**
**Jóna Margrét Kristinsdóttir Gunnar Haraldsson**
**Kristín Vilhjálmsdóttir Bárður Olsen**
**Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson Anna Dóra Sverrisdóttir**
**og fjölskyldur.**




**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*

**Áratuga reynsla við útfararþjónustu**




*Lögfræðiþjónusta*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**




**Þóra Jóhanna Hjaltadóttir leiðsögumaður, Hólmfríður, Þorsteinn Ingi Þorleifsson, Guðný Helgadóttir og Svanhvít Helga Jóhannsdóttir.**
MYND/ÁRMANN

# Það er ískalt á toppnum

## Ekki höfðu bændurnir Hólmfríður Guðlaugsdóttir og Ármann Guðmundsson í Svínafelli í Öræfum sofið vært nema eina nótt að lokinni strangri sauðburðartörn úti í fjárhúsum þegar þau ákváðu að arka upp á hæsta fjall Íslands, Hvannadalshnjúk.

„Það er nú nauðsynlegt að hafa farið á þetta fjall, sem er næstum því í garðinum hjá manni," segir Hólmfríður Guðlaugsdóttir, húsfreyja í Svínafelli í Öræfum, glaðlega, nýbúin að klífa Hvannadalshnjúk eina kalda vornótt, ásamt manni sínum Ármanni Guðmundssyni, vinkonu úr Reykjavík og ungu fólki úr sveitinni. Það teldist ekki til tíðinda nema vegna þess að þau hjón höfðu vakað mikið og bjástrað síðustu fjórar vikurnar vegna sauðburðar en þau eru með rúmlega 700 fjár á vetrarfóðrum.

Hólmfríður er ekkert að útmála annríkið í sauðburðinum, þó að 40-70 ær hafi borið á sólarhring á vikutímabili þegar strangasta törnin stóð yfir. Hún er lambaljósmóðir af guðs náð og lætur sér ekki bregða þó ærnar þurfi hjálp við fæðingarnar heldur leysir úr ótrúlegustu vandamálum af nærfærni. En voru þau Ármann ekki algerlega vansvefta þegar þau lögðu á brattann og tókust á við hæsta fjall landsins? „Við vorum búin að sofa eina heila nótt," segir hún hlæjandi. „Að sumu leyti var ágætt að vera vön að vaka á nóttunni því við lögðum af stað klukkan hálf eitt eftir miðnætti frá Sandfelli og vorum komin upp á topp klukkan hálf níu um morguninn. Við gengum þetta í einni lotu, nema rétt köstuðum mæðinni stöku sinnum og nærðum okkur. Það var ekki freistandi að setjast niður því það var svo kalt, 10-11 stiga frost. En þar sem jökullinn mætir manni verður að stoppa því þar þarf að viðhafa sérstakan útbúnað."

Hvernig var svo tilfinningin þegar hæsta tindinum var náð? „Hún var auðvitað frábær, þetta var langþráður áfangi. Svo var útsýnið líka flott, enda sól og heiðskírt. En stundum er talað um að það sé kalt á toppnum og ég get staðfest það. Það var ískalt.

Þetta var fyrsta ferð Hólmfríðar á Hvannadalshnjúk. „Við gerðum tilraun til að fara um síðustu páska með Einari á Hofsnesi en snerum við á öskjubrúninni vegna hvassviðris. Reyndar ætlaði ég að gera fimmtugsferð á sínum tíma en það ár leið án þess að ég færi. Næsta ár reif ég liðþófa þegar ég var í sauðburðinum. Fór í aðgerð og það tók ár að lagast, þó ég viti alltaf af vinstra hnénu og hafi reyndar gert lengi, líka áður en ég varð fyrir þessu hnjaski. Nú er ég nokkuð góð, hef bara með mér íbúfen í nesti. En mér fannst dálítið langt niður af jöklinum, þá var ég farin að finna fyrir hnénu," viðurkennir Hólmfríður.



**Hólmfríður og Ármann sæl í morgunsól á hæsta tindi landsins.**

Hún á nokkrar fleiri strangar göngur að baki, meðal annars í Skaftafellsfjöllum og í fyrrasumar gekk hún Laugaveginn með Regínu Hreinsdóttur þjóðgarðsverði í einum áfanga frá Landmannalaugum í Þórsmörk. Sú ganga tók sautján og hálfan tíma. „Það eru 55 kílómetrar, eða helmingi lengra en á Hnjúkinn," segir hún og getur þess að bóndi hennar hafi hlaupið Laugaveginn í fyrra og ætli aftur í ár. En eru fleiri göngur á dagskránni? „Ekkert sem er ákveðið. En það er nauðsynlegt að ganga svo maður stirðni ekki," segir þessi kjarnakona.

**gun@frettabladid.is**



Jón Ingi segir vatnslitina tekna allt öðrum tökum en olíulitina, því sé tilbreyting að fást við hvort tveggja. MYND/EDDA BJÖRG JÓNSDÓTTIR

# Mest gaman að mála úti

## Jón Ingi Sigurmundsson opnar myndlistarsýningu í Stað á Eyrarbakka í dag.

„Ég er mest með vatnsliti en þó eru fleiri olíuverk á þessari sýningu en mörgum þeim fyrri og ég hef breytt efnistökum á ýmsan hátt,“ segir Jón Ingi Sigurmundsson, fyrrverandi kennari og kórstjóri, sem opnar sýningu í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka í dag klukkan 14.

Jón býr á Selfossi en er landvanur á Bakkanum. „Ég er fæddur hér á Eyrarbakka og uppalinn og myndefnið hér sækir á mig þó auðvitað fari ég út fyrir það líka. Hér í Stað er ágætur salur og ég fæ að hafa hann þrjár helgar. Opna í dag og svo er sjómannadagurinn á morgun og mikið um að vera.“

Jón Ingi hefur hlotið menningarverðlaun Árborgar og verið heiðraður af tímaritinu International Artist Magazine. Hann hefur haldið fjölda sýninga enda byrjaði hann ungur að mála. „Jóhann Briem kenndi mér í upphafi og svo fór ég í nám bæði í Danmörku og Englandi. Kynntist vatnslitatækninni hjá mjög góðum vatnslitamálara í Englandi, Ron Ranson, stíllinn gerbreyttist hjá mér við það.“

Jón Ingi segir sjaldan viðra til að mála úti. „En á góðum degi finnst mér það langmest gaman, það fær maður mesta tilfinningu fyrir því sem maður er að fást við en birtan er síbreytileg.“

gun@frettabladid.is



Við þökkum hlýjar kveðjur
og vináttu sem okkur var
sýnd við fráfall

**Rósu Sveinsdóttur**

Suðurhlíð 38c,

sem lést hinn 7. maí síðastliðinn.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Jóhannes Tómasson**



Okkar ástkæri frændi,

**Guðmundur Snorrason**

Þórustíg 15, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
29. maí síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Innri-Njarðvíkurkirkju,
mánudaginn 6. júní kl. 11.00.

**Frændsystkini og nánustu aðstandendur.**



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát elskulegrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu, langömmu og
langalangömmu,

**Þórdísar Jónu Sigurðardóttur**

sem andaðist þann 13. maí síðastliðinn.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Arnarstapa,
hjúkrunarheimilinu Ísafold, fyrir einstaka
umönnun og velvild.

**Sigurður Arnór Hreiðarsson**
**Guðrún Erna Hreiðarsdóttir**
**Valdimar Hreiðarsson** **Thanita Chaemlek**
**Birna Hreiðarsdóttir** **Pétur G. Thorsteinsson**
**Dröfn Hreiðarsdóttir** **Ásgrímur Skarphéðinsson**
**Sólveig Sif Hreiðarsdóttir** **Ólafur Arnarson**
**og fjölskyldur þeirra.**



Elsku faðir minn, afi og vinur,

**Ögmundur Árnason**

leigubílstjóri,

lést á Landspítalanum 23. maí.

Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju
miðvikudaginn 8. júní kl. 13.00.

**Lilja Andrea Malassa Ögmundsdóttir**
**Jóna Bryndís Stulz**
**Patricia Bono**
**Tomas Bono**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigvaldi Jóhannsson**

frá Syðra-Lágafelli á Snæfellsnesi,

andaðist á Droplaugarstöðum 29. maí.
Útför fer fram frá Háteigskirkju
fimmtudaginn 9. júní kl. 15.00.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á
Gjöf sem gefur hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

**Helga Guðjónsdóttir**
**Sigrún M. Sigvaldadóttir** **Már Sigurbjörnsson**
**Guðjón Sigvaldason**
**Áslaug Sigvaldadóttir** **Þórður I. Runólfsson**
**afabörn og langafabörn.**



Útför

**Helgu Torfadóttur**

frá Siglufirði,

sem lést 31. maí, verður gerð
frá Fossvogskapellu þriðjudaginn
7. júní kl. 13.00. Þökkum starfsfólki
Hjúkrunarheimilisins að Hornbrekku,
Ólafsfirði einstaka umhyggju að leiðarlokum.

Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hennar er bent á líknarstofnanir.

**Guðmundur Matthíasson** **Anne Matthíasson**
**Torfi Rafn Matthíasson** **Sunneva Filipusdóttir**
**Ásgeir Matthíasson** **Anna Ólöf Sigurðardóttir**
**Arnar Matthíasson** **Björg Örlygsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.**



Vår käre

**Sölve Svensson**

* 14 april 1918

har stilla insomnat
Malmö 29. maj 2016.

**Ingrid och Einar**
**Katrín, Sölvi**
**Rickard**
**Hjalmar, Jakob,**
**Josefin, Eva**

*Se - det ljusnar.*

Begravningsgudstjänsten äger rum i Malmö tisdag 14. juni.



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**Sigurbjörn Gunnar Haraldsson**

Vesturbergi 78, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu 27. maí
síðastliðinn.

Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju
þriðjudaginn 7. júní kl. 13.00.

**Guðlaug Sigríður Haraldsdóttir** **Garðar Guðjónsson**
**Sigurður Haraldsson** **Guðbjörg Guðmundsd.**
**Sigurdís Haraldsdóttir** **Magnús Harðarson**
**Einar Guðmundsson**
**Eggert Konráðsson**
**Jóhann Reynir Björnss.**
**systkinabörn og fjölskyldur.**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi, bróðir,
mágur og langafi,

**Guðvarður Elíasson**

fyrrverandi bifvélavirki,
Strikinu 3, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 31. maí síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
fimmtudaginn 8. júní kl. 13.00.

**Hulda Guðvarðardóttir** **Björn Guðmundsson**
**Elías Guðvarðarson** **Eva Bracola**
**Ívar M. Arnbjörnsson** **Camilla Andersson**
**Elva Elíasdóttir**
**Hulda F. Björnsdóttir** **Jóhannes H. Hauksson**
**Sigrún Elíasdóttir**
**Hanna Elíasdóttir** **Ingvar Sveinsson**
**og langafabörnin.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Norðfjörð Vilhjálmsson**

Lækjartúni 1, Mosfellsbæ,

lést 31. maí á hjúkrunarheimilinu
Hömrum.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 8. júní kl. 13.00.

**Svava Gunnarsdóttir**
**Ásthildur Jónsdóttir** **Ásgeir Pétur Guðmundsson**
**Helena Dagbjört Jónsdóttir** **Jónas Ingi Ottósson**
**Íris Hera Norðfjörð Jónsdóttir**
**Reynir Jónsson** **Vive H. Madsen**
**Guðrún Norðfjörð Jónsdóttir**
**Gunnar Jónsson**
**Þorleifur Jónsson** **Andrea Freyja Davidson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# SPORTS

# 20% AFSLÁTTUR

sportsdirect_iceland

/SportsDirectIsland

SPORTS DIRECT.COM

*Opnunartími*

*Mán-mið: 10-19*
*Fim: 10-21*
*Fös: 10-20*
*Lau-Sun: 10-18*

*Skógarlind 2*



Hin
**Fullkomna**
Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!*



DIRECT.COM

NÝ SENDING Í HVERRI VIKU

# AF ÖLLU

GILDIR FÖSTUDAG 3. JÚNÍ TIL SUNNUDAGS 5. JÚNÍ
GILDIR EKKI MEÐ TILBOÐUM

**FÁÐU TREYJUNA ENDURGREIDDA**
**Í FORMI INNEIGNARNÓTU EF ÍSLAND VINNUR.**

SKRÁÐU KASSAKVITTUNINA ÞÍNA Á SPORTSDIRECT.COM/EUROS
FYRIR 9.JÚLÍ NÆST KOMANDI
GILDIR EINUNGIS FYRIR UEFA STUÐNINGSMANNA FATNAÐ




UEFA STUÐNINGSMANNA TREYJUR. FULLORÐNIR

MEGA VALUE 2.990 KR.




UEFA STUÐNINGSMANNA TREYJUR. FULLORÐNIR

MEGA VALUE 2.990 KR.

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Sax tímans, einkum þá saxinu er óspart beitt (12)
**11** Tel tré magnaðs málms hafa visst aðdráttarafl (9)
**12** Tek einn bardaga enn, þrátt fyrir óreglulegan púls (8)
**13** Sá harðhenti sækir í vökva fants (9)
**14** Nær að sinna borgarstjóranum með allt á haus í vinnunni (8)
**15** Þyl upp ég veit ekki hvað mörg atriði (5)
**16** Frumísinn var að skríða úr skurninni (9)
**17** Renna hratt yfir skrif um anga af bláæð (8)
**18** Þegar Katrín berst við eigin skugga (4)
**20** Ef r dettur framan af sorpskattinum verð ég af bótunum fyrir beit annarra bænda fjár (12)
**23** Veitingamaður breytir vatni í vín? Merkilegt (9)
**24** Bardagar, volk og bévítans skítaveður (12)
**27** Þetta eilífa suð hefur rægt vanrækt (9)
**28** Gef risa græju af fleira en einu tilefni (9)
**29** Tala illa um menn sem tala illa um menn (9)
**31** Það held ég Stravinsky orgi út af þessu rugli (4)
**32** Held ég snapi mér snapandi guðsmann (9)
**34** Hitti gaur sem rekst bara innan lítilla hópa (9)
**37** Nei, hún fór til Los Angeles án fylgdarliðs (5)
**40** Úr fitu þeirrar gulu má fá orku fyrir bíl og bílstjóra (12)
**42** Heppileg fyrirsögn boðar gott (9)
**43** Á furðulegu ferðalagi á ungum færleik (6)
**44** Færðir þig að lygnu eftir bókinni sem flestir fylgja (9)
**45** Trönuðu sér fram fyrir ringlaðar sem bitu (7)
**46** Elskaði nafnlausan sem tapaði (6)

**LÓÐRÉTT**

**1** Nú valda byggingar tjóni á borg vorri, skal þá sækja aurinn til úrbóta (7)
**2** Verð var við háls karla og kvenna (7)
**3** Hví eru hrygglausar lagarskepnur kenndar við rótlausar landplöntur? (7)
**4** Dýralæknir hittir borgarstjóra (9)
**5** Grímur og Gustur með eilítinn tímabundinn derring (8)
**6** Fótaburður fíflanna og álíka kjánaskapur (10)
**7** Nei, ekki veisluna heldur velgjuna (8)
**8** FL-Group var sem einn fleygur í hold þjóðarinnar (6)
**9** Uss, þvílíkt glapræði sem djassinn er! (8)
**10** Hvað er þessi lögn að gefa okkur? (7)
**18** Vil einfaldlega kynna þessi stóru, búlduleitu börn (10)
**19** Glæpir marga reynast ákveðin stærðfræðihugtök (10)
**21** Ráku krá hárra og lágra þrátt fyrir átök (13)
**22** Flýtur þú rólega ringluð um rauð lón? (7)
**25** Þekkirðu tindinn sem gengur niður af neðsta hluta múlans og er þó hár? (11)
**26** Hreyf þú við smurðu í 7XL (7)
**30** Sá óði var alltaf úti á granda (8)
**33** Í landnorðri er ég í skjóli, segir sá einfaldari (7)
**35** Dolla F geymir hakkað trippakjöt? (6)
**36** Svallar eins og Ivan og Boris (6)
**38** Kreppum á slægjum (6)
**39** Löstum suð um jaka (6)
**41** Með dyr fyrir utan og því aldrei lokaður? (5)





Lausnarorð síðustu viku var
**SKÓGARMÍTILL**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Kakkalökkunum** eftir **Jo Nesbø** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Áslaug Faabert, Garðabæ.**




**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist tæki sem gagnast vel í jarðrækt en síður í mannrækt

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

TIL HAMINGJU SJÓMENN!
FISK Á GRILLIÐ?




SUMAR TILBOÐ

**TRAVELQ** ferðagasgrill, 3,5 kW, 2 brennarar, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

55.995 kr.
506600012
Almennt verð: 69.995 kr.

BYKO Á GRANDA ER OPIN!
Verið velkomin í endurnýjaða glæsilega verslun okkar á Granda.




www.byko.is
BYKO

# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### ÖRUGGUR SIGUR

Kjördæmakeppni Bridgesambands Íslands sem háð var á Hallormsstað var í umsjón Austurlands. Kjördæmakeppnin var spiluð helgina 21.-22. maí og sveit Reykjaness vann næsta öruggan sigur með 444,94 stig. Sveit Norðurlands eystra endaði í öðru sæti með 388,01 stig eftir mikinn endasprett og sveit heimamanna, Austurlands, endaði í þriðja sæti með 378,55 stig. Skor Reykjaness samsvarar því að lið þeirra hafi fengið tæplega 50 stig að meðaltali í hverri umferð en spilað var á 4 borðum í hverri umferð. Spil dagsins er úr kjördæmamótinu. Í sjöttu umferð í fyrsta spili stóð slemma á tvo liti á hendur AV. NS eru hins vegar með mikla samlegu í spaða og truflanir þeirra í sögnum virðist hafa heppnast í flestum tilfellum. Norður gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ K7532
♥ 62
♦ Á10832
♣ D

**Vestur**
♠ G6
♥ D10
♦ KG5
♣ ÁKG1065

**Austur**
♠ -
♥ ÁKG8753
♦ D7
♣ 7432

**Suður**
♠ ÁD10984
♥ 94
♦ 964
♣ 98

Spilið var spilað á 32 borðum. Aðeins eitt par spilaði 6♣ á hendur AV og tvö pör spiluðu 6♥. Þrjú pör spiluðu 4♠ ódobluð, átta pör 4♠ dobluð, þrjú pör 5♠ dobluð, fimm pör 5♠ ódobluð, fjögur pör spiluðu 4♥ og fimm pör 5♥. Í mörgum tilfellum kom pass frá norðri, austur opnaði á einu hjarta og suður hindraði á 2 eða 3 spöðum. Vestur gaf 3 eða 4 lauf, norður 4 spaða og opnarinn á hjartalitnum átti fyrir 5 laufum. Eftir pass frá suðri, voru ekki margir á hönd vesturs sem hækkuðu í slemmu.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Héðinn Steingrímsson (2.574) átti leik gegn Guðmundi Kjartanssyni (2.457) á Íslandsmótinu í skák í Tónlistarskóla Seltjarnarness.

**26. Bc5!** (laglegt línurof)
**26. ... Rxc5 27. Dxd4 Ra4 28. Hfd1** og hvítur innbyrti vinninginn nokkru síðar. Um helgina verða tefldar tvær umferðir og hefjast þær báðar kl. 15.
**www.skak.is:** Íslandsmótið í skák.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 5 | | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | | | | | | | 6 |
| | 2 | 4 | 6 | 7 | | 3 | | |
| | 4 | 9 | | 3 | | 5 | 1 | |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | 1 | | | 9 | 8 | | 3 |
| 9 | | 3 | | | | | 5 | |
| | | 2 | | 6 | | | | |
| | 6 | | 2 | | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 3 | | 5 | 1 | 9 |
| | | | 1 | | | 7 | | 4 |
| 5 | | | | | 4 | | | |
| | 9 | | | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | 9 | 6 | |
| 2 | 6 | | 9 | 8 | | | | |
| 6 | 1 | | | 2 | | 4 | 5 | 8 |
| | 4 | 5 | | | | | | 6 |
| | | | 6 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | 6 | 1 | 4 |
| | | 9 | | | | | | |
| | | | 7 | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | | | 9 | | 7 | 1 | 3 | |
| 6 | 8 | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | | | 4 | |
| 7 | | | | 1 | | | | 5 |
| 2 | | | | | 5 | 9 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 |


BAD BOYS
BURGERS & GRILL
JÚNÍTILBOÐ
Hagasmára og Grjóthálsi
MÁLTÍÐ
Grillaður hamborgari að eigin vali, stökkar franskar og ísjökulköld kók.*
1.000 kr.
Fífuhvammsvegur
Hagasmári 9
Smáralind
*Gildir ekki með tvöföldum borgara
Hagasmára 9 (Skeljungur við hliðina á Smáralind) og Grjóthálsi 8 (við Vesturlandsveg)
Coca-Cola
Kjötsmiðjan ehf
KJÖTVINNSLA
Íslenskar gæðakjötvörur

## Konráð og félagar á ferð og flugi 202

Bragi Halldórsson

„Er það ekki enn ein stafasúpan,“ dæsti Róbert. „Ég skil bara ekki hvað er svona merkilegt við það að rugla stöfum fram og til baka.“ „Jú, það eru svo skemmtilegar þrautir,“ sagði Konráð glaður, „því þegar maður er að lesa er öllum orðunum raðað upp í beinar línur og þess vegna er svo gaman að brjóta orðin upp og raða þeim einhvern veginn öðruvísi, raða þeim í þrautir.“ „Stafaþraut, jáhá,“ rumdi í Kötu. „Og hvernig er þessi stafasúpu þraut?

„Það er spurt,“ sagði Konráð, „hvaða þrír stafir eiga að vera þar sem strikin eru?“ „En stafirnir eru bara bull,“ Kata var orðin æst yfir þessari gátu. „Þetta er ekki einu sinni orð.“ „Já, það er einmitt málið,“ sagði Konráð. „Það er regla á því í hvaða röð stafirnir eru og ef við finnum þá reglu, þá finnum við þessa þrjá síðustu stafi sem vantar.“

Getur þú fundið út hvaða þrír stafir eiga að vera síðastir?

J F M A M J J Á S _ _ _



SVAR: Stafirnir eru allir fyrstu stafirnir í hverjum mánuði svo þeir síðustu þrír eru O, N og D.

## Gátur

Einu sinni var Kalli á leið til Akureyrar. Þá mætti hann sjö konum. Hver kona bar sjö poka. Í hverjum poka voru sjö kettir og hver köttur var með sjö kettlinga. Hve margir kettlingar, kettir, pokar og konur voru á leið til Akureyrar?

Hvað er það sem vermir þig á veturna, svalar þér á sumrin og ver þig alltaf gegn vindi og regni?

Hvað sér maður með lokuð augun?

Hvaða mömmu á Sæunn, sem þó er ekki mamma hennar?

**Svör: Bara Kalli. Húsið. Ekkert. Tengdamömmu.**




# Stundum í sjálfboðavinnu í Sæheimum

**Hrafn Steinar Sigurðsson,** sem er tíu ára, hefur gaman af að dorga og finnst best að beita kola. Hann ætlar á siglinganámskeið í sumar.

Ég fer oft niður á bryggju á sumrin því þá er ég mikið í Vestmannaeyjum og þar er mjög vinsælt að dorga. En fyrst dorgaði ég á bryggjunni í Hafnarfirði þar sem ég á heima þegar ég var fjögurra ára. Mamma og pabbi kenndu mér það.

**Hvaða beitu notarðu?** Mér finnst best að beita kola.

**Færðu oft fisk á öngulinn?** Já, helst marhnút og kola.

**Ferðu með þá heim í soðið?** Nei, aldrei. Stundum sleppi ég þeim og stundum set ég þá í fiskakarið á vigtartorginu í Eyjum. Ég hef líka gefið fiska í Sæheima, fiskasafnið í Eyjum. Það er æðislegt safn sem ég mæli með að allir skoði, ég er stundum að vinna þar í sjálfboðavinnu.

**Áttu kött?** Já, hann heitir Glói og elskar harðfisk.

**Hefurðu farið á sjó?** Já, ég fer oft í Herjólf því við erum mikið þar, mamma á búð í Eyjum sem heitir Útgerðin og svo hef ég farið oft út á sjó í Veiðileysu á Ströndum, þar á fjölskyldan eyðibýli.

**Eru sjómenn í ættinni þinni?** Já, afi Steini, sem hét Steindór Arason, var lengi skipstjóri og átti báta alveg þangað til hann dó.

**Langar þig að verða sjómaður?** Nei, ég held ekki, það er of hættuleg vinna.

**Hvað ætlar þú að gera skemmtilegt í sumar?** Ég ætla að fara á N1 mótið á Akureyri, æfa fótbolta, svo ætla ég á siglinganámskeið hjá Þyt í Hafnarfirði, ég ætla auðvitað að veiða og svo förum við fjölskyldan örugglega í einhver ferðalög.



**Hrafn Steinar að dorga á bryggjunni í heimabæ sínum, Hafnarfirði, þar sem hann setti fyrst öngul í vatn þegar hann var fjögurra ára.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Lestrarhestur vikunnar Diljá 10 ára

Diljá, hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Arftakinn. Það er spennubók um stelpu sem heitir Saga. Hún á foreldra í álfheimum sem deyja. Þá er hún flutt til mannheima. Í bókinni er líka kötturinn Skuggabaldur og hann fær það hlutverk að flytja Sögu til álfheima.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi? Það var bók um risaeðlu.

Hvers lags bækur þykir þér skemmtilegastar? Spennubækur, ævintýrabækur og teiknimyndasögur.

Í hvaða skóla ertu? Vesturbæjarskóla.

Ferðu oft á bókasafnið? Já, í Hafnarfirði af því að ég bý þar líka.

Hver eru helstu áhugamálin? Dýr, íþróttir og bækur og tölvuleikir.

Ef þú ætlaðir að skrifa bók um hvað yrði hún? Kannski bók til að kenna börnum myndlist.



**Diljá fékk í verðlaun bókina Vélmennaárásin eftir Ævar Þór Benediktsson vísindamann.**

markhönnun ehf

# nettó



KJÖTSEL

LAMBALÆRI BLÁBERJA
**1.486**
ÁÐUR 1.598 KR/KG



KJÖTSEL

-20%

LÆRISNEIÐAR BLANDAÐAR
**2.288**
ÁÐUR 2.860 KR/KG



GOÐI

-20%

GRÍSAHNAKKI Í KÓRIANDER OG PAPRIKU
**2.559**
ÁÐUR 3.199 KR/KG



-20%

FERSKT LAMBAINNLÆRI
**3.358**
ÁÐUR 4.198 KR/KG



Driscoll's

-50%

JARÐARBER 250 G
**249**
ÁÐUR 498 KR/PK




-20%

RANA PASTA



ÍSFUGL

-20%

KJÚKLINGALEGGIR BBQ
**798**
ÁÐUR 998 KR/KG




TRADIZIONALE PIZZA DIAVOLA/SALAME
**499**
ÁÐUR 699 KR/STK

TRADIZIONALE PIZZA SPECIALE
**499**
ÁÐUR 620 KR/STK




-23%

EMERGE ORKUDRYKKUR 2 TEGUNDIR
**99**
ÁÐUR 129 KR/STK

## BAKE OFF



-30%

PIZZASTYKKI SALAMI
**272**
ÁÐUR 389 KR/STK

-20%

PIZZASTYKKI MARGARITA
**311**
ÁÐUR 389 KR/STK

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Það verður áfram sólríkt á landinu í dag, þótt þoka geti spillt gleðinni úti við strönd landsins. Þar sem þokan nær inn getur orðið nokkuð svalt, en að öðrum kosti verður hlýtt og viðbúið að hámarkshiti verði vel yfir 20 stigum.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 26° | 23° | 18° | 28° | 20° | 9° | 7° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madríd** | **Brussel** | **Róm** |
| 20° | 24° | 18° | 26° | 24° | 24° | 23° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 18° | 20° | 26° | 20° | 28° | 20° | 17° |

## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **05.29** | **11.42** |
| 3,81m | 0,08m |
| **17.53** | **00.13** |
| 4,15m | 0,06m |
| **Akureyri** | |
| **09.46** | **03.39** |
| 1,40m | 0,26m |
| **22.07** | **15.48** |
| 1,59m | 0,26m |
| **Ísafjörður** | |
| **07.27** | **13.47** |
| 0,02m | -0,04m |
| **19.50** | **02.20** |
| 2,28m | 0,01m |

### Tunglstaða

Minnkandi
7%

Sólarupprás:
03.14

Sólarlag:
23.39

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↖8 | 11° ↓3 | 12° ↙1 | 11° ←13 | 11° ↖10 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↖3 | 8° ↓3 | 8° ←7 | 11° ←4 | 11° ↖7 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 15° ↓2 | 12° ↓4 | 13° ↙5 | 13° ↖7 | 13° ↖6 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 16° ↙5 | 13° ↘3 | 11° ↓5 | 6° ↖7 | 9° ↖10 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↖4 | 14° ↖4 | 10° ←5 | 7° ←11 | 10° ←10 |







## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# RUGLIÐ HELDUR ÁFRAM!

## EN EKKI MIKIÐ LENGUR!

# 40% AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM VÖRUM

Afslátturinn gildir af outletverðum og getur numið meira en 90% af upphaflegu verði verslana.



Raðandi - auglýsingastofa ehf

## Outletið lokar innan skamms!

Ekki missa af þessum fáránlegu verðum á fatnaði sem kemur úr öllum betri fataverslunum landsins!

**STÆRSTA OUTLET LANDSINS!**

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400



Gabríela innan um nokkra af þeim skringilegu skúlptúrum sem hún bjó til fyrir sýninguna, en fengu svo ekki pláss. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Heyið frá Ólafi á Birnustöðum tekur sig vel út og ilmar líka.



„Okkur fannst frábær hugmynd af hafa svona „sveit í bæ“ stemningu í garðinum við Garðastrætið,“ segir listakonan.

# Um leið og ég tók upp blýantinn kom nostalgían

## Sýning Gabríelu Friðriksdóttur Innra líf heysátu í Gallery GAMMA við Garðastræti í Reykjavík teygir sig úr kaffistofu á efri hæð um neðri sal og út í garð. Þar eru teikningar, teiknimyndir, skúlptúrar – og hey.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Sýningin sprettur út frá teiknimyndinni Innra líf heysátu sem ég gerði á síðasta ári með franska kvikmyndagerðarmanninum Pierre-Alain Giraud. Teikningarnar á veggjunum eru hluti af þeim sem ég gerði fyrir þá mynd,“ byrjar Gabríela Friðriksdóttir þegar hún er beðin að lýsa því hvernig innsetningin Innra líf heysátu í Gallery GAMMA í Garðastrætinu í Reykjavík varð til. Hún lýsir teikningunum nánar. „Þetta var í fyrsta skipti frá því ég var unglingur sem ég notaði blýantinn aftur til að móta bæði fínar og grófar línur. Ég tók svolítið unglingatæknina á þetta, blýanturinn kallaði á það. Það er talað um tjáningarraunsæi í listasögunni en þetta varð táningaraunsæi hjá mér. Um leið og ég tók upp blýantinn kom nostalgían yfir mig.“

**KANNSKI ER ÞAÐ HLUTI AF ÞVÍ AÐ VERA MEÐ SVONA BARNALEGAN HÚMOR Í MYNDUNUM AÐ MÉR FANNST ÉG ÞURFA AÐ VERA MEÐ FÍGÚRUR SEM GERÐU INNRA LÍF HEYSÁTUNNAR ENN PERSÓNULEGRA.**



Innra líf heysátu tekur á sig ýmsar myndir.

Sýningin er hluti af dagskrá Listahátíðar og Gabríela segir Hönnu Styrmisdóttur, framkvæmdastjóra hennar, og sýningarstjórana Ara Alexander Ergis og Jón Proppé, hafa ákveðið að nota teiknimyndina frá síðasta ári og teikningarnar á sýningunni. „Þegar ég heimsótti galleríið og fór að velta hlutunum fyrir mér langaði mig að bæta einhverju við og í gegnum tíðina hef ég alltaf gert stofustærð af styttum öðru hverju. Kannski er það hluti af því að vera með svona barnalegan húmor í myndunum að mér fannst ég þurfa að vera með fígúrur sem gerðu innra líf heysátunnar enn persónulegra. Svo skúlptúrarnir eru alveg nýir.“

En var ekkert vandamál að nálgast heyið? „Nei, en það var samt dálítið krítískt, ég vissi ekkert hver ætti bagga núna eftir veturinn en hann Ólafur Hafliðason á Birnustöðum reddaði mér. Sáturnar úti eru líka dálítið skemmtilegt atriði, ég fékk aðstoð garðyrkjumeistara með það. Garðurinn er svo flottur og okkur fannst frábær hugmynd að hafa svona „sveit í bæ“ stemningu þar. Ég varð bæði glöð og hissa þegar fundust gamaldags hrífur með trétindum í Bauhaus. Svo var ég alltaf að hugsa um gömul net sem voru upplituð af sólinni eins og ég man eftir að vestan en fékk svarið: „Hægan, hægan, Gabríela, þau eru öll komin á sjóminjasöfn!““

Gabríela er einmitt á förum vestur á firði þegar þetta viðtal fer fram. Hvað skyldi standa til þar? „Ég er að byrja á nýju verkefni með Valdimar Jóhannssyni tónlistarmanni og Ernu Ómarsdóttur dansara,“ upplýsir hún. „Það á að fara að filma fyrir vestan.“


Sumarhátíð í BAUHAUS
Við höldum sumarhátíð í dag á milli kl. 11 og 16. Það verður heitt á grillinu og við grillum pylsur fyrir viðskiptavini. Við verðum með hoppukastala fyrir börnin og við grillum sykurpúða saman með börnunum.
sumar hátíð ★★★
í dag, laugardaginn 4. júní
BAUHAUS
20%
afsláttur af öllum grillum og fylgihlutum
weber
Broil King
Kingstone
m.v. gildandi almennt verð
20%
afsláttur af öllu frá
IBF
m.v. gildandi almennt verð
30%
afsláttur af allri málningu og viðarvörn fra Pinotex og Sadolin
m.v. gildandi almennt verð
Pinotex
Sadolin
Nilfisk
KÄRCHER
makes a difference
20%
afsláttur
af öllu gólfefni
m.v. gildandi almennt verð
20%
afsláttur
af öllum háþrýstidælum frá Nilfisk og Kärcher
m.v. gildandi almennt verð
BAUHAUS®
BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Terri Lyne Carrington við trommusettið en þó ekki það sama og hún erfði eftir afa sinn þegar hún var aðeins sjö ára gömul og markaði upphaf ferilsins.

# Við erum í stöðugri leit að frelsi

**Terri Lyne Carrington á að baki glæsilegan feril í heimi djassins. Hún er alin upp í heimi djassins, hefur spilað með mörgum af stærstu nöfnunum á síðustu öld og unnið til þrenna Grammy-verðlauna. En á sunnudagskvöldið spilar hún í Hörpu.**

Lokaviðburður Listahátíðarinnar í Reykjavík í ár eru tónleikar hinnar mögnuðu djasstónlistarkonu og trommara Terri Lyne Carrington ásamt sjö manna djassbandi úrvals tónlistarmanna og þar á meðal söngkonunni Lizz Wright.

**Trommusettið hans afa**

Terri Lyne Carrington fæddist árið 1965 í Medford í Massachusetts í Bandaríkjunum og er af miklu tónlistarfólki komin. Móðir hennar lék á píanó sér til ánægju en faðir hennar var saxófónleikari að atvinnu og var meðal annars í forsvari fyrir djasstónlistarmenn í Boston. Djasstónlist hefur því alla tíð verið stór og órjúfanlegur þáttur í lífi Terri Lyne Carrington sem segist vel geta tekið undir að hún sé nú eiginlega fædd inn í djassinn.

„Ég fékk fyrsta trommusettið mitt í arf eftir afa minn þegar ég var sjö ára gömul. Ég reyndar kynntist honum aldrei því hann féll frá áður en ég kom í heiminn. En ég spilaði á trommurnar hans lengi vel og á reyndar meira að segja einn simbal úr þessu setti enn í dag.

Ég man ekki eftir öðru en að ég hafi alltaf verið ástfangin af tónlist. Þegar ég var fimm ára þá spilaði ég soldið á saxófón og svo tóku trommurnar við þegar ég var sjö ára. Ég spilaði á trommurnar af því að þær voru þarna og mér fannst það gaman og finnst það enn. Flóknara er það ekki.“

**Spilaði með stórum nöfnum**

Ferill Terri Lyne Carrington er með eindæmum glæsilegur en hún hefur hlotið þrenn Grammy-verðlaun, auk þess að hafa spilað með mörgum af stærstu nöfnunum í heimi djasstónlistarinnar á síðustu öld. Hún virðist þó langt í frá upptekin af upphefðinni heldur fyrst og fremst njóta þess að spila.

„Þegar ég var að byrja þá spilaði ég stundum með pabba og það var gaman. Hann þekkti alla í djassinum og auðvitað hjálpaði það mér mikið. Seinna meir fékk ég að vinna með öllum þessum snillingum en þegar maður er ungur þá áttar maður sig ekki endilega á því hvað er í gangi. Svo dag einn þá áttar maður sig á þessu en ég er ekki viss um að ég sé búin að átta mig almennilega á þessu enn þann dag í dag. Þetta getur aldrei gerst aftur því þetta fólk er farið. Þetta voru mínir mentorar, menn á borð við Max Rhodes, Art Blakey, Dizzy Gillespie, Clark Terry og Stan Getz og þegar ég horfi til baka þá þarf ég enn og aftur að klípa mig í handlegginn. Þessir tónlistarmenn voru allir svo eftirminnilegir hver á sinn hátt og ég get engan veginn gert upp á milli þeirra. En ég verð samt að segja að minn mentor númer eitt í tónlistinni og lífinu hefur alltaf verið Jack DeJohnette. Ég er ákaflega náin honum og hans fjölskyldu og við spiluðum svo lengi saman. Hann er einhver sú ótrúlegasta manneskja sem er til í heiminum og að spila með honum var ótvírætt einn af hápunktunum á mínum ferli.“

**Ólíkir stílar**

Terri Lyne Carrington segir að sjálfstæður ferill hafi alltaf verið til staðar með einum eða öðrum hætti og hún hafi alla tíð fengist við það að semja og móta sína eigin tónlist. „Fyrsta giggið mitt þar sem ég leiddi bandið var þegar ég var tíu ára en svo fluttum við til New York skömmu síðar. En mína fyrstu plötu sendi ég frá mér þegar ég var tuttugu og þriggja ára og hún gekk ljómandi vel. En síðan leið langur tími fram að næstu plötu enda var ég í mörgum skemmtilegum verkefnum á þessum tíma.

**LISTIN ER, AÐ MINNSTA KOSTI Í MÍNU LÍFI, EINN AF FÁUM STÖÐUM ÞAR SEM ÉG GET VERIÐ FRJÁLS OG MÉR FINNST ÉG NJÓTA ÓBUNDINS FRELSIS.**

Ég fór svo í gang með Mosaic-verkefnið fyrir um það bil sjö árum og þar er ég búin að senda frá mér tvær plötur sem eru raun frekar ólíkar í stílnum. En Mosaic-verkefnið er líka bara eitt af því sem ég er að gera, ég er t.d. líka með Money Jungle kvartettinn minn sem er allt öðruvísi í stílnum en til að mynda Mosaic-verkefnið. Ég hef alltaf unnið í mismunandi stílum og ætla að halda því áfram.“

**Gaman í sandkassanum**

Terri Lyne segir að söngkonan Dianne Reeves sem hún hefur unnið mikið með hafi eitt sinn sagt á tónleikum: „Þetta er ekki svið. Þetta er sandkassi og ég elska að leika.“ Og hún tekur undir þetta af heilum hug. „Þetta er frábær samlíking hjá henni vegna þess að þetta er það sem við erum að reyna að gera – við erum að reyna að tengja við barnið í okkur þegar við erum að skapa list. Frelsi í listum er svo gríðarlega mikilvægt. Listin er, að minnsta kosti í mínu lífi, einn af fáum stöðum þar sem ég get verið frjáls og mér finnst ég njóta óbundins frelsis.

Af sömu ástæðu þá þarf maður að vera með ákveðnum hætti náinn þeim sem maður er að spila með hverju sinni. Þannig getur maður verið opinn og berskjaldaður eins og maður þarf að vera til þess að geta skapað góða tónlist. Í djassinum er líka svo mikið tjáningarfrelsi og það er ekki síst ástæðan fyrir því að ég elska að spila og að ég spila eins og ég geri. Mér hefur alltaf fundist að andinn í okkur sé í stöðugri leit að þessu frelsi. Í lífinu eru allar þessar reglur og öll þessi mörk en í djassinum getur maður stöðugt verið að þenja og láta reyna á öll þessi mörk og allar þessar reglur og ég ætla að halda því áfram.“

# Virkuðu eins og grín

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★

**Verk eftir Prókofíev, Glazúnov og Sjostakovítsj**
**Einleikari:** Alexander Rosdestvenskíj
**Stjórnandi:** Gennadíj Rosdestvenskíj
Eldborg í Hörpu
**Fimmtudaginn 2. júní**

Ég mana lesendur mína til að segja nafnið Gennadíj Rosdestvenskíj fimm sinnum hratt. Það er næstum ómögulegt! Það er eins og að segja tungubrjótinn „skýjahnoðri í norðri yfir Borgarfirði nyrðri …“

Rosdestvenskíj er heimsfrægur hljómsveitarstjóri. Hann er orðinn 85 ára gamall. Þegar hann gekk inn á sviðið í Eldborginni til að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands var augljóst að hann á erfitt með gang. Hann lötraði hægt inn og gat ekki staðið lengi þegar hann var að stjórna. Hann hafði stól fyrir aftan sig, og eftir fyrsta kaflann í hinni svokölluðu Klassísku sinfóníu Prókofíevs settist hann niður og stjórnaði úr sætinu.

En Rosdestvenskíj er ekkert orðinn kalkaður þó líkamsburðirnir séu ekki eins og hjá ballettdansara. Sinfónían eftir Prókofíev var stílhrein og ótrúlega lífleg á tónleikunum. Hún var í fremur hægu tempói, en það fór henni ekki illa. Þvert á móti var yfirbragðið skemmtilega kæruleysislegt með ótal kröftugum hápunktum sem virkuðu eins og grín. Það var ferskleiki yfir túlkuninni sem gaman var að upplifa. Helst mátti finna að óhreinum fiðluleik í fyrsta og öðrum kafla, en svo lagaðist það.

Heldur syrti í álinn í næsta atriði efnisskrárinnar. Þá byrjuðu leiðindi ársins, fiðlukonsert í a moll eftir Glazúnov. Sennilega væri fýlukonsert réttnefni, því hann samanstóð af daufum og drungalegum klisjum úr rómantískri tónlist. Það var enginn innblástur, tónskáldið virtist ekki hafa neitt að segja. Einleikarinn, Alexander Rosdestvenskíj, sonur stjórnandans, spilaði þó yfirleitt fallega, en það hafði lítið upp á sig.

